

Mál nr. 6/2021

Ár 2022, hinn 25. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið málið nr. 6/2021:

Stjórn HRFÍ

gegn

Örnu Rúnarsdóttur og

Rínu Helgadóttur

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

1. Kröfur aðila

Í erindi kæranda, stjórnar HRFÍ, dags. 30. júní 2021 til siðanefndar er farið fram á úrskurð siðanefndar, vegna eftirfarandi brota kærðu:

Í *fyrsta lagi* að hafa skráð vísvitandi ranga ræktunartík á eitt, tvö eða þrjú pörunarvottorð við umsókn um ættbókarskráningu gota (auðkennd sem V got, W got og Q got) sem hafði þær afleiðingar að útgefnar ættbækur gotanna voru efnislega rangar. Kærandi telur að með þessari háttsemi hafi kærðu brotið gróflega gegn markmiðum félagsins og því ræktunarstarfi sem það stendur fyrir samkvæmt 2. og 3. gr. laga þess, brotið trúnað sem ræktendur, skaðað ættbók félagsins, Uð gegn því og valdið félaginu skaða. Háttsemin hafi verið í andstöðu við, gr. 1.2, 2.1, 2.9, 7.1. og 7.2. í reglum um skráningu í ættbók og gr. 2.1, gr. 2.2, og gr. 3.6 grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Í *öðru lagi* að hafa brotið gegn skyldum sínum sem ræktendur HRFÍ með því að mæta ekki með hunda úr ræktun sinni í lífsýnatöku til sönnunar á ætterni sem fram fór að kröfu félagsins. Kærandi telur þessa háttsemi hafa verið í andstöðu við gr. 4.1. í reglum um skráningu í ættbók.

Í *þriðja lagi* að hafa neitað að gefa upplýsingar eða svara fyrirspurnum framkvæmdastjóra félagsins með útúrskráningum í tölvupósti. Þessi háttsemi kærðu hafi verið í andstöðu við gr. 4.3 reglna um skráningu í ættbók.

Í *fjórða lagi* með fölsun og kosningasvindli með því að hafa tilkynnt til félagsins eigendaskipti á tíkinni Gjósku W, þann 18. júní 2020, sem hafði verið aflífuð þann 11. júní 2019, í þeim tilgangi að veita sambýlismanni kærðu, Rínu, kjörgengi og atkvæðisrétt á aðalfundi Schäferdeildar HRFÍ sem hann átti annars ekki rétt til samkvæmt reglum félagsins. Kærðu hafi þannig veitt félaginu vísvitandi rangar upplýsingar um hund og eiganda í ættbók með það að markmiði að hafa áhrif á lýðræðislegt kjör stjórnar ræktunardeildar félagsins. Kærandi telur að háttsemi kærðu hafi verið í andstöðu við 20. gr. laga félagsins, gr. 2.2. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ og gr. 1.7 í reglum um skráningu í ættbók.

Í *fimmta lagi* með meiðyrðum gegn framkvæmdastjóra félagsins í tölvupósti, dags. 16. apríl 2021, þar sem hann var sakaður um refsiverða háttsemi og freklega varpað rýrð á störf hans í

þágu félagsins. Þessi háttsemi kærðu hafi brotið gegn gr. 1.2 grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Í *sjötta lagi* með því að hafa ætlað að para undaneldishundinn J við ónefnda tík sem ekki var ættbókarfærð hjá HRFÍ í marsmánuði 2021. Með þeirri háttsemi hafi kærðu brotið gegn gr. 2.1. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærandi gerir þá kröfu að kærðu verði sviptar ræktunarnafninu Gjósku, verði útilokaðar frá að fá afhent ættbókarskírteini frá HRFÍ, þær verði útilokaðar frá þátttöku í starfi HRFÍ og að þeim verði vísað brott úr félaginu að fullu, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga félagsins. Þá bendir kærandi jafnframt á þá heimild að láta viðurlög taka til annarra heimilismanna kærðu allt eftir því sem við á samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga félagsins.

Þá krefst kærandi, sökum alvarleika brota, að siðanefnd úrskurði til bráðabirgða í málinu sbr. 4. og 5. másl. 27. gr. laga félagsins, en brýnt sé að bráðabirgðaúrskurður tiltaki sérstaklega útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga félagsins.

Með kæru fylgdu fylgiskjöl nr. 1-20 til stuðnings kæru.

Í viðbótarathugasemdum kæranda, dags. 22. október 2021, ítrekaði kærandi kröfur sínar.

Með greinargerð Jóns Egilssonar lögmanns, f.h. kærðu, dags. 25. júlí 2021, skiluðu kærðu sameiginlegum andmælum sínum í málinu. Með greinargerð fylgdu jafnframt gögn sem merkt voru sem fskj. nr. 22.-33.

Í greinargerð kærðu er þess *aðallega* krafist að kæru verði vísað frá siðanefnd þar sem kæran falli utan starfssviðs kæranda, stjórnar HRFÍ, sem ekki geti átt aðild að málum fyrir siðanefnd félagsins.

Til vara er gerð sú krafa að þáttur hvorrar kærðu í málinu verði sérstaklega sundurskilinn og að kærandi fái tækifæri til þess að lagfæra annmarka á kæru.

Til þrautavara krefst hvor kærðu fyrir sig að vera sýknuð af kröfum kæranda og að þáttur hvorrar kærðu verði metinn sjálfstætt.

Til þrautþrautavara gera kærðu kröfu um vægustu viðurlög, aðfinnslu eða áminningu og komi til brottvikningar úr HRFÍ, verði brottvikningu markaður eins skammur tími og lög frekast heimila.

Þá gera kærðu kröfu um málskostnað úr hendi stjórnarmanna persónulega og fyrir hönd félagsins vegna málsins fyrir siðanefnd og að sáttafundur verði haldinn með siðanefnd við fyrsta tækifæri.

Í viðbótarathugasemdum kærðu, dags. 21. október 2021, ítreka kærðu kröfur sínar en krefjast til viðbótar að brottvikning þeirra verði þegar í stað felld úr gildi, kærðu og Á bednar afsökunar og reynd yrði sátt í málinu.

2. Málavextir og málsmeðferð siðanefndar

Málavextir

Með kaupsamningi (fskj. 2), dags. 8. ágúst 2013, seldi kærða, Arna, Á (hér eftir vísað til sem Á), hundinn *Gjósku M* (hér eftir vísað til sem *M*). Samkvæmt fyrirnefndum samningi samþykkti Á að kærða, Arna, skyldi eiga allan ræktunarrétt á tíkinni reyndist hún vera ræktunarhæf. Fyrrgreindur samningur var vottaður af kærðu, Rúnu.

Hinn 1. október 2019 undirrituðu kærðu, f.h. Gjósku ræktunar, pörunarvottorð og umsókn til félagsins um skráningu hvolpa í ættbók (fskj. 5) vegna gots sem fætt var þann 21. júlí 2019, sagt parað 19. maí 2019, faðir: L (hér eftir vísað til sem *L*) og móðir: M. Pörunarvottorðið var undirritað af kærðu, Örnunni, sem ræktanda og ábyrgðaraðila og kærðu, Rúnu, sem meðræktanda (hér eftir vísað til sem *Q gots*). Félagið færði *Q* gotið í ættbók félagsins á grundvelli fyrrgreindrar umsóknar og pörunarvottorðs. Ættbókarskírteini til staðfestingar á útgáfu ættbókar voru gefin út í kjölfarið og afhent kærðu.

Kærðu höfðu áður í tvígang óskað eftir því að got undan *M* yrðu færð í ættbók félagsins undir ræktunarnafni *Gjósku*, þ.e. skv. umsókn dags. 22. júní 2017 (fskj. 3) – got fætt 7. apríl 2017, faðir: *J* (hér eftir vísað til sem *J*) sem var í sameiginlegri eigu kærðu, Örnunni og Á (hér eftir vísað til sem *V gots*) og skv. umsókn dags. 26. maí 2018 - got fætt 24. desember 2017, faðir: *J* (hér eftir vísað til sem *W gots*).

Í kæru er rakið að kæranda hafi borist ábending um að *Q* gotið gæti ekki verið undan *M*. Tíkin *Gjósku W*, (hér eftir vísað til sem *W*) var sögð móðir hvolpanna. Kærandi vísar í kæru til ábendingar á fylgiskjali 6 sem er yfirlýsing *B*, óundirrituð og ódagsett, ásamt skjáskoti af Facebooksamskiptum *B* og kærðu, Örnunni, í september 2019. Samkvæmt þessum gögnum óskaði kærða, Arna, eftir því við *B* þann 20. september 2019 að hún tæki að sér tímabundið tíkina *Gjósku W* sem yrði tveggja ára þann 24. desember.

Í framhaldinu mun *B* hafa farið nokkrum sinnum á heimili kærðu, Örnunni, til að kynnast tíkinni þ.m.t. að fara með henni í gönguferðir. *B* tók eftir því að tíkin, sem var á þessum tíma sögð 20 mánaða gömul, var með lafandi spena, mjög grönn og með mikið hárlós. *B* var tjáð að hún væri gerviolétt þar sem systir hennar væri með hvolpa. *B* segist aldrei hafa séð móður gotsins í heimsóknnum sínum. *B* fannst skýringin sérstök og jafnframt að hegðun tíkarinnar gagnvart hvolpunum athyglisverð þar sem tíkin virtist leitandi eftir þeim ef hún sá þá ekki. Í öll skiptin voru hvolpar í kringum tíkina og hún sinnti þeim og siðaði til eins og sína eigin.

Í ábendingu *B* segir jafnframt að hún hafi síðar frétt að kærðu hefðu verið með tvö got hjá sér á þessum tíma sem fædd voru með viku millibili þ.e. í lok júlímánuðar 2019. Systir tíkarinnar hefði réttilega verið með hvolpa en einnig hefði móðir systranna, þ.e. *M*, átt að hafa verið með got á sama tíma hjá kærðu. Kærðu minntust aldrei á það við *B* að *M* væri með annað got og hún sá tíkina aldrei.

Kærandi rekur í kæru að myndir hefðu verið birtar af *M* á Facebooksíðu Á, eiganda hennar, þar sem hún fylgdi hestamönnum um hálendið fimm dögum fyrir áætlaðan fæðingardag *Q* gotsins. Á fskj. 6 er að finna skjáskot af tveimur myndum sem birtust á Facebooksíðu Á hinn 16. júlí 2019. Á myndunum má sjá Schäferhund í fylgd hesta og manna. Í kæru greinir að ekki sjáist á þessum myndum að tíkin hafi á þeim tíma verið komin að goti. Í færslu á vefsíðu kærðu,

Gjósku Schäferhundur, frá 5. júlí 2019 (fskj. 6a), var staðhæft að M væri komin að goti og orðin verulega sver um sig.

Félagið tilkynnti kærðu með bréfum dags. 16. febrúar 2021, að ákveðið hefði verið að ráðast í foreldragreiningu til staðfestingar á réttri skráningu í ættbók vegna Q gotsins. Í bréfinu greinir að borist hefði rökstudd ábending um að vafi léki á réttmæti skráningu Q gotsins þ.e. ljósmyndir af samfélagsmiðlum og ábending. Var þar greint frá bókun stjórnar HRFÍ, dags. 21 janúar 2021, þar sem farið væri fram á að ræktandi sýndi fram á ætterni gotsins með lífsýnatöku (fskj. 7). Voru átta hundar boðaðir til lífsýnatöku í þessum tilgangi þ.e. M, W, og sex hundar úr Q goti. Í bréfinu var tekið fram að félagið gæti haft milligöngu um að ræða við eigendur hunda vegna lífsýnatöku ef ræktandi óskaði eftir.

Kæranda barst í framhaldinu yfirlýsing Á, dags. 22. febrúar 2021 (fskj. 8), þar sem hún staðfesti að M hefði átt got hjá ræktanda sínum í júlí 2019 og farið til hans degi fyrir gotið þ.e. þann 20. júlí 2019. Tekið var fram í bréfinu að tíkin hefði áður átt tvö got og hefði þessi meðganga ekki verið öðruvísi en hinar. Tíkin hefði ekki verið mikil um sig og lengi hefði Á verið óviss um hvort að tíkin væri hvolpafull. Myndbirtingar á samfélagsmiðlum breyttu ekki þeirri staðreynd að hvolparnir hefðu fæðst undan M. Þá gæti M ekki mætt í boðaða lífsýnatöku þar sem tíkin hefði fallið frá í janúar 2021.

Daginn eftir þ.e. 23. febrúar 2021 sendi kærða, Arna, tölvupóst til framkvæmdastjóra félagsins ásamt undirritaðri staðfestingu [...], dýralæknis, dags. 22. febrúar 2021, um það að hann hefði felld „[...] *schafer tík, örmerki xxxxxxxxxxxxxxx*“ í eigu kærðu, Örnú, þann 11. júní 2019, þ.e. W (fskj. 9 og 10).

Framkvæmdastjóri sendi kærðu, Örnú, tölvupóst sama dag (fskj. 10), þar sem m.a. var óskað svara hvers vegna kærðu gerðu eigendaskipti á W rúmu ári eftir að hún hefði verið felld samkvæmt staðfestingu dýralæknis. Á fylgiskjali 17 í gögnum málsins er að finna undirritaða tilkynningu um eigendaskipti, dags. 1. maí 2020, þar sem kærða, Arna sem eigandi og Rúna sem meðeigandi skráðu W á D, sambýlismann kærðu, Rúnu.

Kærða, Arna, svaraði tölvupósti framkvæmdastjórans sama dag (fskj. 10). Þar kom fram að eigendaskiptin hefðu verið gerð vegna aðalfundar Schäferdeildar til þess að fá aukaatkvæði. Þarna hafi verið á ferðinni eini hundurinn sem skráður var á kærðu sem ekki hefði verið tilkynntur dauður. Kærðu hafi því getað notað hana sem blóraböggul en eins og sæist á undirrituðu bréfi dýralæknis hefði tíkin verið fyrir lifandis löngu dauð.

Samkvæmt málavaxtalýsingu kæranda mun í framhaldinu hafa verið ljóst þar sem M var sögð dauð, að DNA-sýni hunda úr Q goti dygðu ekki, einar og sér, til þess að staðfesta ætterni Q gotsins. Eftir samráð við sérfræðinga MATÍS óskaði félagið eftir rannsókn úr tveimur öðrum gotum undan M þ.e. V og W goti. Þá óskaði félagið eftir því að undaneldisrakkar að framangreindum gotum þ.e. J (faðir V og W gots) og L (faðir Q gots) mættu til sýnatöku í þeim tilgangi að reyna að einangra DNA úr móður Q gotsins. Eigandi L mætti með rakkann til umbeðinnar sýnatöku.

Hinn 23. mars 2021, kl. 14:53 sendi framkvæmdastjóri félagsins tölvupóst til kærðu, Örnú, þar sem óskað var eftir því að mætt yrði með J til sýnatöku vegna fyrrgreindrar rannsóknar (fskj. 10a). Þá tók framkvæmdastjóri fram að hún gæti haft milligöngu um að hafa samband við U eða fóðurheimili J vegna sýnatöku. Í frásögn C, sem liggur fyrir á fylgiskjali 12, greinir að J hafi verið á fóðursamningi hjá henni samkvæmt samkomulagi við kærðu, Örnú (fskj. 12).

Kærða, Arna, svaraði tölvupóstinum sama dag kl. 18:38 (fskj. 10a) þar sem fram kom að J gæti ekki komið til sýnatöku þar sem kærða hefði verið að senda hann norður í þörun en mætt yrði með hundinn þegar hann kæmi til baka.

Í fyrrgreindri frásögn C kemur fram að kærða, Arna, hafi þann 23. mars 2021, hringt í hana og sagst vera að koma til þess að ná í J, til þess að para við tík norður í landi en hann yrði burtu í 5-6 daga. C kvaðst hafa tekið illa í þetta þar sem J hefði verið nýkominn inn eftir 10 km. göngu og átti eftir að borða. Kærða, Arna, sem sagðist vera á leiðinni, hefði verið komin innan 10 mínútna frá fyrrgreindu símtali til þess að sækja J. Kærða hefði neitað beiðni C um að taka með hálsól J með nafnplötu og samskiptaupplýsingum fóðureigenda eða að J borðaði áður en hann færi.

Í fyrrgreindri frásögn er rakið að C hafi illa gengið að ná í kærðu, Örnú, til að spyrjast fyrir um stöðuna, en Arna hafi sent skilaboð 26. mars 2021 um það að vel gengi að para, en þörun myndi fara aftur fram daginn eftir. Þann 27. mars 2021 mun kærða, Arna, hafa upplýst C um að J kæmi daginn eftir. C og kærða, Arna, munu hafa átt samtal 28. mars 2021 um það hvenær J kæmi til baka. Kærða, Arna, mun hafa sagst vera heima, vinkona hennar væri á leiðinni með hundinn en hún vissi ekki hvenær hann kæmi. C mun hafa reynt að hafa frekar samband við kærðu, Örnú, og m.a. spurt hvort hún gæti hringt í þann aðila sem væri á leiðinni til baka með J. Kærða, Arna, hafi hins vegar ekki svarað beiðninni.

Að kvöldi sama dags birti kærða, Rúna, færslu á Facebooksíðunni *Týnd/fundin dýr* (fskj. 10b) um það að J hefði týnst á Holtavörðuheidi á leið til Reykjavíkur með ókunnugri manneskju. Hundurinn hafi hlaupið í burtu þegar hann fór út að pissa. Í færslunni kom fram að hundurinn væri blíður en gæti verið mjög fælinn.

Í fyrrgreindri frásögn C segir hún að kærða, Arna, hafi kl. 23:03 sama kvöld sent henni skilaboð í gegnum Facebook um að J hafi hlaupið í burtu og væri týndur. C greinir frá því að henni hafi ekki fundist það standast því J hefði ekki verið fælinn. Í lok fyrrnefndrar frásagnar kemur fram að C hafi haft símsamband við kærðu, Örnú, þar sem C hafi misst stjórn á skapi sínu. Samkvæmt sömu frásögn voru síðustu skilaboð kærðu, Örnú, til hennar að hún hafi verið mjög óánægð með framkomu C, engum fyndist þetta jafnleiðinlegt og henni þar sem hún hafi m.a. lagt út hundruði þúsunda fyrir hundinum. Þá kveðst C að kærða, Arna, hafi sagt að þegar hundurinn fyndist myndi hann ekki koma aftur á heimilið til C.

Á fylgiskjali 11 hefur kærandi lagt fram umræður af Facebooksíðunni *Týnd/fundin dýr* við fyrrgreinda færslu kærðu, Rúnu, um að J hefði horfið á Holtavörðuheidi. Af færslum aðila í framangreindum skjáskotum verður ráðið að kærðu hafi verið tregar að þiggja boð aðila, sem kvaðst vera við Holtavörðuheidina og tilbúinn að fara til leitar. Þá hafi kærðu verið tregar að veita nánari upplýsingar um staðsetningu til þess að unnt væri að fara til leitar en kærða, Rúna, greinir frá því að sú sem fylgdi hundinum talaði hvorki ensku né íslensku. Þá verður ráðið af þessum færslum að deilt hafi verið um veður og aðstæður til leitar í framhaldinu og hvort kærðu hafi verið reiðubúnað að þiggja boð aðila með dróna eða veita nauðsynlegar upplýsingar. Í umræðum kemur fram að sami aðili hafi þrátt fyrir það farið til leitar.

Í framlögðum gögnum kæranda á fylgiskjali 20 er að finna skjáskot af umræðuþræði sem sagður er vera af Facebooksíðunni *Hundasamfélaginu* frá 28. júní 2021. Á umræðuþræðinum var spurt hvort eitthvað hefði frést af hundinum sem hefði týnst á Holtavörðuheidi. Kærða, Arna, skrifaði í athugasemd á umræðuþræðinum að hundurinn væri löngu fundinn.

Kærða, Arna, sendi framkvæmdastjóra félagsins tölvupóst þann 6. apríl 2021 (fskj. 10a) um að J gæti því miður ekki mætt í DNA-sýnatöku þar sem hann hefði týnst á leið heim að norðan. Kærða skilji ekki hvers vegna sýnataka eigi að hjálpa í málinu þar sem J væri óskyldur Q gotinu. Ef ætlun framkvæmdastjóra félagsins væri að senda alla hunda kærðu til sýnatöku væri það sjálfsagt. Þá ætlaðist kærða til þess að jafnræðis væri gætt og það sama ætti við um alla ræktendur.

Í kæru greinir að C hafi komið hársýni úr J til félagsins sem afhenti það MATÍS til notkunar í foreldragreiningu líkt og getið er um í bréfi Matís á fylgiskjali 15.

Framkvæmdastjóri félagsins sendi kærðu tölvupóst þann 14. apríl 2021 (fskj. 13) þar sem fram kom að illa hefði gengið að fá hunda úr ræktun kærðu til sýnatöku. Félagið óskaði því eftir, samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um skráningu í ættbók, að kærðu veittu nánari upplýsingar. Annars vegar var óskað eftir upplýsingum um ástæður þess að M var felld og gögn því til staðfestingar. Hins vegar var m.a. óskað eftir upplýsingum vegna ferðar J norður og pörunar þar með talið nafn tíkur og eiganda, nafn og samskiptaupplýsingar þess aðila sem hefði verið með J þegar hann týndist, hvar hundurinn hefði týnst á Holtavörðuheidi og hvaða aðilar hefðu farið til leitar að hundinum. Þá var að síðustu óskað upplýsinga um ástæður þess að hundar úr V goti og meirihluti hunda Q gots hefðu ekki skilað sér til lífsýnatöku.

Kærða, Rúna, svaraði póstinum sama dag (fskj. 13), þar sem hún greindi frá því M hefði verið slegin af hrossi, dáið samstundis og hefði verið í framhaldinu urðuð í Álfsnesi. Tík sem hefði átt að para við J væri innflutt, kærða, Rúna, vissi ekki nafn hennar í ættbók en pörunin hefði ekki gengið. Aðrar umbeðnar upplýsingar um J færu langt út fyrir lagaramma og varðaði persónuverndarlög en ef félagið vildi frekari upplýsingar gæti það haft samband við lögmann kærðu. Þá var greint frá því að allir eigendur hunda úr Q goti, að einum undanskildum, hefðu sagst ætla að fara til sýnatöku og þá hefðu kærðu mætt með alla hunda á sínum vegum. Kærðu gætu ekki svarað að öðru leyti fyrir fólk út í bæ.

Kærða, Rúna, sendi tölvupóst til stjórnar HRFÍ, þann 16. apríl 2021 (fskj. 14) vegna mála sem snéru að Gjósku ræktun, en tölvupósturinn var í nafni beggja kærðu.

Í tölvupóstinum er að finna athugasemdir kærðu um starfshætti félagsins í öðru máli sem var til meðferðar síðanefndar. Þá gerðu kærðu kröfu um það að gætt væri að jafnræði í máli varðandi foreldragreiningu og að félagið sinnti störfum sínum rétt og innan þeirra heimilda sem það hefði. Kærðu tóku fram að þær hefðu í lengri tíma þurft að sitja undir ásökunum og árásum frá félaginu og kjaftasögurnar sveimuðu um. Í póstinum kom m.a. fram að kærðu hefðu heyrt að framkvæmdastjóri HRFÍ hefði brotist inn hjá vinafólki kærðu í leit að hundum til þess að taka DNA úr þótt reglur félagsins kvæðu skýrt á um það að sýni skyldu tekin af dýralækni. Kærðu skildu ekki tilgang framkvæmdastjóra þar sem þær hefðu boðað alla hunda sem tengdust málinu í DNA og mætt með hunda á sínum vegum. Kærðu spyrðu hvort þetta væri enn ein kjaftasagan eða hvort að þær þyrftu að kæra framkvæmdastjóra fyrir innbrot. Þá greina kærðu frá annarri kjaftasögu, sem þær hefðu heyrt frá mörgum einstaklingum og væri sú alvarlegasta, að framkvæmdastjóri hefði sagt við aðra félagsmenn að hún ætlaði sér að reka þær úr félaginu með góðu eða illu. Ef framkvæmdastjóri næði ekki að sanna á kærðu brot myndi hún búa til gögn sem styddu hennar mál. Nú væri þetta komið yfir öll velsæmismörk þegar ætti að fara að falska gögn til þess að koma kærðu út úr félaginu. Að síðustu áréttu kærðu að þær hefðu komið með alla hunda á þeirra vegum til DNA- sýnatöku og engar óyggjandi sannanir lægu fyrir um brot á þeirra vegum. Vottorð dýralæknis og DNA-niðurstöður úr þremur gotum ættu að vega

þyngra en kjaftasögur út frá mynd á Facebook og ætti félagið því að sjá sóma sinn í því að fella málið niður.

MATÍS skilaði niðurstöðu foreldragreiningar með bréfi til félagsins, dags. 21. maí 2021, (fskj. 15). Í bréfinu er greint frá því að MATÍS hefði borist alls níu sýni þ.e. átta sýni tekin af dýralækni en eitt hársýni úr J sem barst frá HRFÍ. Í bréfinu kom fram að ekki hefði verið unnt að fá sýni úr skráðri móður gotanna en tilgangur rannsóknarinnar hefði verið að kanna hvort að einstaklingar í V og W gotum væru skyldir einstaklingum úr Q goti (nefnd Got 1-3 í bréfi MATÍS). Niðurstaða rannsóknar, þar sem notast hefði verið við 23 erfðamörk, var sú að einstaklingar úr Q goti gætu ekki verið sammæðra einstaklingum úr V og W gotum.

Með bréfi félagsins til kærðu, dags. 8. júní 2021, var þeim tilkynnt um að ættbókarskráning 1, 2, eða 3 gota væri röng þ.e. V, W og Q gota í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu MATÍS. Þar sem ekki hefðu fengist sýni úr M væri ómögulegt að ganga úr skugga um það hvort að tíkin væri móðir einhverra þessara þriggja gota. Með vísan til þess og til samræmis við ákvæði reglna félagsins um skráningu í ættbók, væru ættbækur hunda úr fyrrnefndum gotum ógiltar og óskað eftir því að ættbókarskírteini yrðu afhent. Í ljósi þess að einstaklingar úr fyrrnefndum gotum þ.e. Gjósku X, Gjósku Y og Gjósku Æ hefðu átt afkvæmi væru ættbækur einstaklinga sem fæddar væru af þeim færðar í viðauka við ættbók og þar með í ræktunar- og sýningarbann.

Í lok bréfsins var vakin athygli á því að ef ætterni hunda yrði staðfest með fullnægjandi hætti gæti stjórn ákveðið að færa þá aftur í ótakmarkaða ættbók félagsins. Þá yrði málið sent siðanefnd til frekari meðferðar.

Í framhaldinu var eigendum hunda sem ógilding ættbóka tók til, eða ættbóka sem færðar voru í viðauka, tilkynnt um fyrrgreinda ákvörðun félagsins (fskj. 19). Samtals voru 12 ættbækur ógiltar og 16 ættbækur færðar í viðauka við ættbók.

Á sendi bréf til félagsins, dags. 21. júní 2021, (fskj. 18). Í bréfinu kemur fram að Á væri ein eigandi M og hafi staðið ein að ákvörðunum um þrjú got tíkarinnar. Þar sem erfitt hefði verið að fá nægilegar leiðbeiningar frá HRFÍ hafi hún beðið kærðu, Örnú, um aðstoð við að tilkynna gotin. Kærða hefði hins vegar ekki komið að ákvörðunum um notkun á hundum eða þörun þeirra. Svo virtist sem Á væri ekki skráður ræktandi. Um mistök væri að ræða því kærða, Arna, hefði einungis aðstoðað Á sem aðstoðarmaður/leppur og bæri enga ábyrgð á þeim. Þá gerði þær Á athugasemdir að henni hefði ekki verið tilkynnt um málið en hún hefði sagt sig á síðasta ári úr HRFÍ. Þá greindi Á frá því að hún hafi ætlað að fella tíkina en hefði tilkynnt það fullbrátt því M hefði batnað og væri hún enn á lífi. Á hefði látið dýralækni taka úr henni sýni til DNA-rannsóknar og muni tilkynna viðtakendum niðurstöður þegar þær liggi fyrir. Þá segir í bréfinu að Á sé ekki undir neinu agavaldi viðtakenda, ætlist til þess að komið sé fram við sig af virðingu og að fyrirspurnum vegna gota M sé beint til hennar en ekki þeirra sem enga ábyrgð bæru á gotunum.

Kæra í málinu er, svo sem áður greinir, dagsett 30. júní 2021.

MATÍS skilaði niðurstöðum foreldragreiningar til Á með bréfi, dags. 16. júlí 2021, sem kærðu lögðu fram með greinargerð sinni í málinu (fskj. 22). Í bréfinu kom fram að borist hefðu sýni frá kærðu, Örnú, þann 16. júní 2021 úr M og Gjósku Æ (V got) en áður hefði kærða, Arna, skilað sýni úr Gjósku Y (W got). Niðurstaða erfðagreiningar MATÍS, þar sem notuð hefðu verið 17 erfðamörk, væri sú að M væri möguleg móðir beggja framangreindra hunda.

Málsmeðferð siðanefndar

Kærðu var með bréfi siðanefndar kynnt framkomin kæra og gögn og veittur kostur á að koma andmælum að í málinu. Var frestur veittur í því skyni til 2. ágúst 2021.

Með hliðsjón af efni kæru ákvað siðanefnd að nýta sér heimild 27. gr. laga HRFÍ um að kalla til aðstoðar í málinu löglærðan fulltrúa og var óskað eftir því að Ari Karlsson lögmaður, tæki sæti í málinu.

Lögmaður kærðu skilaði andmælum og gögnum á skrifstofu félagsins þann 27. júlí 2021. Sama dag sendi lögmaðurinn tölvupóst til framkvæmdastjóra félagsins (fskj. 34) þar sem hann krafðist staðfestingar framkvæmdastjóra á ummælum sem hún hefði látið falla í samtali þeirra fyrr um daginn þess efnis að siðanefnd hefði samið kæru í málinu. Þá lýsti lögmaðurinn upplifun sinni á samskiptum við framkvæmdastjórnann. Lögmaðurinn óskaði eftir fundi með stjórn og siðanefnd við fyrsta tækifæri. Framkvæmdastjóri staðfesti móttöku tölvupóstsins sama dag.

Með bréfi lögmanns kærðu til siðanefndar, dags. 11. ágúst 2021, var óskað eftir fundi með siðanefnd til þess að fara yfir formhlið málsins og efni þess og biði lögmaðurinn eftir fundartíma með von um sættir sem væru ásættanlegar fyrir alla aðila.

Á fundi siðanefndar 17. ágúst 2021 var farið yfir kæru og andmæli kærðu en löglærður fulltrúi tók sæti á fundinum. Siðanefnd taldi eftir yfirferð kæru og andmæla að sérstakar og ríkar ástæður væru í málinu til þess að úrskurða til bráðabirgða samkvæmt kröfu kæranda. Á sama fundi var staðfest að siðanefnd hefði farið yfir sérstakt hæfi sitt til meðferðar málsins og enginn nefndarmanna væri vanhæfur til meðferðar málsins sbr. 2. gr. reglna um meðferð mála fyrir siðanefnd HRFÍ (hér eftir vísað til sem *málsmeðferðarreglna*).

Siðanefnd kvað upp bráðabirgðaúrskurð í málinu þann 20. ágúst 2021, þar sem kærðu voru útilokaðar frá öllu starfi félagsins, að nota ræktunarnafnið Gjósku og að fá afhent ættbókarskírteini í þrjá mánuði eða þar til endanlegur úrskurður gengi í málinu, hvort sem fyrr kæmi. Með tölvupóstum framkvæmdastjóra f.h. siðanefndar sama dag var aðilum málsins tilkynnt um bráðabirgðaúrskurðinn.

Í forsendum bráðabirgðaúrskurðar tók siðanefnd m.a. fram að þörf stæði til frekari rannsóknar og gagnaöflunar áður en komist yrði að endanlegri niðurstöðu í málinu og að óska eftir frekari skýringum og/eða gögnum frá málsaðilum vegna einstakra þátta málsins og ákveða málsmeðferð þess að öðru leyti. Siðanefnd tók sérstaklega fram að henni væri skylt að leita sátta með aðilum skv. 7. mgr. 9. gr. málsmeðferðarreglna þegar hún teldi að öll gögn lægju fyrir og sjónarmið er máli kynnu að skipta hefðu komið fram. Þar sem það væri ekki uppfyllt þá teldi siðanefnd ekki rétt, að sinni, að leita sátta með aðilum eða taka afstöðu til beiðni lögmanns kærðu um að funda vegna málsins.

Lögmaður kærðu tilkynnti með tölvupósti s.d. (fskj. 36) að kærðu hyggðust bera bráðabirgðaúrskurðinn undir dómstóla þar sem kærðu hefðu ekki notið andmælaréttar af hálfu félagsins og framkvæmdastjóra. Með tölvupósti til siðanefndar kl. 17:42 s.d. (fskj. 37) krafðist lögmaður kærðu svara siðanefndar um ætluð ummæli framkvæmdastjóra félagsins um að siðanefnd hefði samið kæru í máli þessu og þá hvort að samstarf hafi verið milli kæranda, stjórnar félagsins og framkvæmdastjóra um tilurð kæru, ætlaða gagnaöflun eða afskipti að málinu að öðru leyti. Svarleysi yrði því miður að túlka siðanefnd í óhag og því væri mikið undir

hjá nefndinni að svara ávirðingum þar sem hlutleysi þyrfti að vera vafalaust. Þá gerði lögmaðurinn athugasemdir við að kærðu hefðu ekki notið andmælaréttar, fengið útskýringar og ekkert hefði verið gert með niðurstöðu MATÍS frá 16. júlí 2021 (fskj. 22) í málinu.

Með tölvupósti lögmanns kærðu til kæranda, framkvæmdastjóra og siðanefndar, dags. 25. ágúst 2021 (fskj. 38) tilkynnti lögmaðurinn að Á og maður hennar, hefðu falið lögmanninum að kæra framkvæmdastjóra félagsins fyrir meint húsbrot og dýraníð frá því í apríl sl. Þá voru gerðar athugasemdir við að ekki væri brugðist við tölvupóstum lögmannsins en hann áskildi sér að viðhafa sama verklag þ.e. að svara ekki ef beint væri fyrirspurnum til hans.

Siðanefnd fundaði þann 26. ágúst 2021 þar sem farið var yfir tölvupósta lögmanns kærðu þ.m.t. staðhæfingar eða spurningar um ætluð afskipti siðanefndar af kæru málsins og hæfi að öðru leyti. Siðanefnd áréttaði á fundinum að hún hefði farið yfir sérstakt hæfi til meðferðar málsins og ekki væri um vanhæfi að ræða. Siðanefnd staðfesti jafnframt að hún hefði engin afskipti haft af kæru í málinu eða átt í samskiptum við kæranda í aðdraganda þess. Siðanefnd ákvað á sama fundi að löglærður fulltrúi skyldi annast öll samskipti siðanefndar við aðila málsins. Var löglærðum fulltrúa jafnframt falið að svara lögmanni kærðu vegna staðhæfinga hans um vanhæfi siðanefndar og staðfesta að siðanefnd hefði engin afskipti haft af gerð kæru í málinu.

Lögmaður kærðu tilkynnti með tölvupósti til siðanefndar, kæranda og framkvæmdastjóra félagsins þann 27. ágúst 2021 (fskj. 39) að lögð hefði verið fram kæra til lögreglu f.h. hönd Á og manns hennar á hendur framkvæmdastjóra félagsins fyrir meint húsbrot, dýraníð, þjófnað á lífsýni og brot gegn friðhelgi einkalífs. Einnig hefði verið farið fram á rannsókn á aðkomu allra viðtakenda í þessum brotum. Þá væri unnið að stefnu í málinu.

Þann 30. ágúst 2021 var aðilum málsins tilkynnt með tölvupóstum (fskj. 41 og 42) að löglærðum fulltrúa hefði verið falið að aðstoða nefndina vegna meðferðar málsins og að annast öll samskipti við þá fyrir hönd siðanefndar. Erindum vegna þess skyldi því beina til hans. Í tölvupósti til lögmanns kærðu var jafnframt áréttað að siðanefnd hefði farið yfir hæfi til meðferðar málsins samkvæmt ákvæðum málsmeðferðarreglna og ekkert þeirra atvika sem rakið væri í 2. gr. þeirra ætti við. Þá var staðfest að siðanefnd hefði hvorki haft aðkomu að gerð kæru eða átt önnur samskipti við kæranda í aðdraganda hennar. Að lokum var aðilum tilkynnt um að siðanefnd væri með málið til áframhaldandi skoðunar og ákvörðunar um frekari gagnaöflun sbr. 9. gr. málsmeðferðarreglna. Þá myndi siðanefnd veita aðilum kost á því að skila viðbótargreinargerðum í málinu sem tilkynnt yrði sérstaklega um. Að síðustu myndi siðanefnd leita sátta með aðilum þegar öll sjónarmið sem skiptu máli væru komin fram sbr. og 9. gr. fyrrnefndra reglna.

Lögmaður kærðu sendi tölvupóst kl. 16:33 sama dag (fskj. 43) þar sem hann upplýsti að kærðu hefðu höfðað dómsmál til ógildingar bráðabirgðaúrskurðar. Löglærður fulltrúi myndi koma þar með vinnu sína. Lögmaður kærðu óskaði nánari útskýringa á hlutverki löglærðs fulltrúa, hvort hann hefði tekið við málinu frá siðanefnd eða væri aðstoðarmaður nefndarinnar. Þá óskaði lögmaðurinn upplýsinga hvort að löglærður fulltrúi gætti hagsmuna félagsins vegna ógildinga ættbóka annarra félagsmanna sem lögmanninum hefði verið falið að fara með. Að síðustu óskaði lögmaðurinn eftir svörum hvort að unnt væri að funda vegna málsins eða hvort löglærður fulltrúi vildi að samskipti væru með þessum hætti.

Lögmaður kærðu sendi skeyti á ný sama dag kl. 16:47 (fskj. 44) þar sem fram kom að lögmaðurinn teldi löglærðan fulltrúa ekki hafa lesið gögn málsins m.v. tölvupóst hans þar sem

framkvæmdastjóri félagsins hefði sérstaklega greint frá því að siðanefnd hefði komið að gerð kærunnar.

Löglærður fulltrúi svaraði fyrrgreindum tölvupóstum lögmannsins þann 31. ágúst 2021 (fskj. 47). Þar tók hann fram að honum hefði verið falið að aðstoða nefndina vegna meðferðar málsins en hann hefði ekki tekið við málinu efnislega. Þá hefði honum verið falið að annast samskipti við aðila málsins. Í ljósi þess að málsmeðferð fyrir nefndinni væri almennt skrifleg þyrftu samskipti við aðila máls að jafnaði að vera skrifleg. Í sama skeyti tók löglærður fulltrúi að hann gætti ekki hagsmuna félagsins vegna boðaðrar málshöfðunar kærðu eða annarra hagsmuna félagsins. Siðanefnd væri sérstök nefnd innan félagsins og honum hefði verið falið að aðstoða hana vegna meðferðar þessa tiltekna máls. Þá áréttaði löglærður fulltrúi í sama bréfi að siðanefnd hefði enga aðkomu haft að gerð kæru. Staðhæfing kærðu byggðu á fullyrðingum lögmannsins sem framkvæmdastjóri hefði þegar neitað að hafa viðhaft í tölvupósti dags. 10. ágúst 2021 þannig að orð stæði gegn orði. Óháð því hvað fram fór í þessum samskiptum breytti það því ekki að siðanefnd hefði ekki haft afskipti af kæru í málinu og staðhæfing lögmannsins um aðkomu siðanefndar að gerð kærðu væri einfaldlega röng og haldlaus með öllu.

Lögmaður kærðu sendi tölvupóst kl. 12:45 s.s. (fskj. 45) þar sem hann greinir að svar löglærðs fulltrúa væri ekki svar hlutlausrar siðanefndar sem skoðar gögn máls. DNA-gögn sýndu fram á að ávirðingar stjórnar væru rangar en þær væru samt lagðar til grundvallar niðurstöðum. Samtal við framkvæmdastjóra kallaði á það að lögmaðurinn og framkvæmdastjórinn hittust ásamt hlutlausum lögmanni sjálfstæðrar nefndar. Þá tók lögmaðurinn fram að vitni hefðu verið á skrifstofunni. Ef löglærður fulltrúi afgreiddi mál með þessum hætti væri hann bullandi hlutdrægur en ekki hlutlaus. Þá gerði lögmaður kærðu athugasemdir við það að hann hefði aldrei fengið að hitta stjórn félagsins, siðanefnd hefði ekki svarað neinum fyrirspurnum og legði ekkert til stjórnenda, sem væri í andstöðu við 27. gr. laga félagsins og málsmeðferðarreglur. Að síðustu tók lögmaður fram að andmælaréttur og rannsóknarskylda hefðu verið brotin á kærðu og væri gaman að sjá hlutlausan lögmann ræða um hlutlæga hópsakfellingu þegar eigandi tíkur væri afskiptur með öllu. Þá ítrekaði lögmaður kröfu um fund með löglærðum fulltrúa siðanefndar sem fram skyldi fara á skrifstofu lögmanns kærðu.

Klukkan 15:41 s.d. sendi lögmaður kærðu aftur póst til siðanefndar (fskj. 49) um að bréf MATÍS, sem fylgdi í viðhengi, staðhæfði að ákveðin stökkbreyting hefði orðið í Q goti og réttindasvipting kærðu væri því röng. Kærðu færu fram á tafarlausa breytingu bráðabirgðaúrskurðar, öll viðurlög yrðu án tafar felld niður og kærðu beðnar afsökunar. Þar sem löglærður fulltrúi segðist vera hlutlaus starfsmaður siðanefndar, sem sæi um allt fyrir nefndina, væri kröfum beint að honum því ekkert væri laklegra en að beita saklaust fólk viðurlögum.

Með tölvupóstinum fylgdi fyrrgreint bréf MATÍS, dags. s.d. (fskj. 46) með túlkun á niðurstöðum MATÍS vegna foreldragreiningar sem fram fór á vegum kærðu, Örnú, vegna gots Caty Von Oxsalis og Eldeyjar REX á árinu 2010, sbr. bréf MATÍS, dags. 30. júní 2010. Í bréfi MATÍS frá árinu 2010 greindi að niðurstöður erfðamarks hvolps stangaðist á milli móður og hvolps. Ekki væri ástæða til þess að rannsaka það frekar ef eigandi vissi að um rétta móður væri að ræða. Skýring á misræminu gæti verið stökkbreyting í erfðamengi hvolpsins. Í síðara bréfi MATÍS þ.e. frá 31. ágúst 2021 sagði að þegar niðurstöður frá árinu 2010 væru lesnar benti það til þess að að hvolpurinn gæti ekki verið undan móðurinni. Með hliðsjón af upplýsingum kærðu, Örnú, um að allir hvolpar hefðu sannarlega komið úr sama goti gæti stökkbreyting hafa orðið í erfðamengi en slíkar stökkbreytingar væru afar sjaldgæfar. Hins vegar gæti MATÍS ekki útilokað að hvolpurinn hefði ekki verið sammæðra öðrum hvolpum úr gotinu.

Klukkan 15:50 s.d. sendi lögmaður kærðu enn á ný tölvupóst (fskj. 48) með samskiptum kærðu, Örnú, við starfsmann Matís um beiðni um afnot af gögnum sem lágu til grundvallar foreldragreiningu félagsins. sbr. bréf MATÍS frá 15. maí 2021. Fram kom í svörum MATÍS að framkvæmdastjóri félagsins hefði svarað beiðni MATÍS að ósk kærðu um afnot af niðurstöðum ætti að beina til félagsins og stjórn þyrfti að taka afstöðu til hennar. Lögmaður kærðu krafðist viðbragða siðanefndar þar sem kærandi og framkvæmdastjóri félagsins stæðu í vegi fyrir DNA-rannsóknunum MATÍS í málinu og spurði hvort vísindasönnunargögn skiptu ekki máli við úrlausn málsins. Þá væru kærðu orðnar verulega reiðar og vildu tafarlausa fundi.

Löglærður fulltrúi sendi lögmanni kærðu tölvupóst þann 31. ágúst 2021 (fskj. 106) þar sem hann staðfesti móttöku á tölvupóstum lögmanns kærðu frá 31. ágúst 2021 og kröfu um tafarlausa frávísun málsins vegna niðurstöðu MATÍS. Siðanefnd myndi bóka að fram hefðu komið nýjar röksemdir vegna kröfu um frávísun frá nefndinni. Vegna ítrekaðrar kröfu um fundi benti löglærður fulltrúi enn á ný á að siðanefnd ákveddi hvernig málsmeðferð væri háttáð, en hún væri að meginstefnu til skrifleg. Aðilar fyrir siðanefnd hefðu ekki forræði á málsmeðferð og það væri nefndarinnar að ákveða hvort að aðilum væri gefinn kostur á því að flytja málið sérstaklega fyrir nefndinni eða hvort fallist væri á óskir um fundi. Málsmeðferðin byggðist á því að aðilum væri veittur kostur á að skila andmælum til nefndarinnar og síðan að skila viðbótargreinargerðum ef ástæða væri talin til þess að upplýsa málið frekar sbr. 9. gr. málsmeðferðarreglna. Lögmanni yrði tilkynnt um það ásamt ákvörðunum siðanefndar um áframhaldandi meðferð málsins. Fyrirnefndar reglur siðanefndar væru til þess að tryggja að aðilar geti komið sjónarmiðum sínum að í málinu áður en úrskurður væri kveðinn upp og til þess að gæta jafnræðis aðila. Þótt sannarlega gætu komið upp þau tilfelli að aðili teldi rétt að koma viðbótarsjónarmiðum að til nefndarinnar, sem ekki hefði áður verið komið á framfæri eða til frekari skýringa, væri sá háttur kærðu að beina fjölda tölvupósta til nefndarinnar með sömu eða samsvarandi rökum, sem sumhver lægju þegar fyrir í gögnum málsins, ekki til þess fallinn að einfalda málsmeðferðina fyrir nefndinni eða hraða henni.

Þá tók löglærður fulltrúi fram að hann hefði þegar upplýst um efni umboðs hans og hlutverk og hann kysi vegna þess að samskipti við aðila væru almennt skrifleg. Þá svaraði löglærður fulltrúi fyrir málsmeðferð en fjallaði ekki efnislega um málið. Í ljósi efnis fyrirnefndra tölvupósta lögmannsins þjónaði ekki tilgangi að þeir ræddu málið símleiðis eða funduðu vegna málsins. Lögmaðurinn var góðfúslega beðinn um að virða þetta og reyna ekki frekar að hafa samband við löglærðan fulltrúa símleiðis eða með öðrum hætti en í skriflegum samskiptum.

Að síðustu óskaði löglærður fulltrúi góðfúslega eftir því að hann beindi erindum til hans sem ætluð væru siðanefnd, en afritaði ekki siðanefnd á sömu samskipti og minnti í því sambandi á skyldur samkvæmt 26. gr. siðareglna lögmannna.

Lögmaður kærðu svaraði tölvupósti löglærðs fulltrúa 1. september 2021 (fskj. 50). Þar kom fram að það væri slæmt að fulltrúinn neitaði að ræða við hann í síma og fundum til kynningar á málinu. Fulltrúinn sýndi lögmanninum fullkomna vanvirðingu með því að takmarka algjörlega tjáningafrelsi með setningu einhliða tölvupóstsreglna. Vegna þessa treysti lögmaðurinn sér ekki til þess að eiga frekari samskipti við löglærðan fulltrúa þar sem hann teldi þau tilgangslaus. Þá væri slæmt að löglærður fulltrúi ætlaði ekki að koma að málinu efnislega og brygðist ekki við framlagningu vísindagagna frá MATÍS sem hryndu röngum staðhæfingum. Kærða, Arna, hefði því ákveðið að annast sjálf samskipti við siðanefnd og frábyði sér samskipti við löglærðan fulltrúa þar sem hann væri tilgangslaus og hlutdrægur milliliður. Þá var krafist að siðanefnd yrði upplýst um framangreint.

Löglærður fulltrúi siðanefndar svaraði tölvupóstinum 2. september 2021 (fskj. 51) og staðfesti móttöku fyrrgreinds tölvupósts um að lögmaður kærðu hefði sagt sig frá hagsmunagæslu fyrir kærðu, Örnú, fyrir siðanefnd. Óskað var staðfestingar lögmansins hvort að það sama gildi fyrir kærðu, Rúnu. Þá var tekið fram að aðilar gætu ekki einhliða ákveðið f.h. siðanefndar hver annaðist samskipti fyrir þeirra hönd. Þar sem löglærðum fulltrúa hefði verið falin samskipti af siðanefnd, myndi hann annast þau áfram við kærðu nema siðanefnd ákveddi að hafa annan hátt á.

Lögmaður kærðu svaraði skeytinu kl. 16:56 (fskj. 53) og 16:57 s.d. (fskj. 52) þar sem hann kvaðst tilkynna kærðu, Örnú, um þetta en hann væri áfram lögmaður kærðu með þeim verkunum sem byndi viðtakanda. Þá var áréttuð ósk um fund ef löglærður fulltrúi hefði eitthvað fram að færa. Kærða, Arna, óskaði eftir upplýsingum um tengsl löglærðs fulltrúa við aðila málsins, svo sem formenn, framkvæmdastjóra og stjórnarmenn sem yllu vanhæfi og hvort að löglærður fulltrúi væri sjálfur ræktandi o.s.frv.

Lögmaður kærðu sendi á ný póst s.d. kl. 17:29, þar sem hann kvaðst hafa ætlað að fá fund/fundi til lausna til samræmis við póstíft ákvæði reglna HRFÍ um að finna lausn, þar sem allir héldu reisn og til þess að fara yfir vafalaus gögn í málinu. Kærandi og siðanefnd hefðu hlaupið á sig. Þá kvað lögmaðurinn löglærðan fulltrúa vera einstrengislegan, ekki mann sátta og að búið væri að senda 40 saklausum hundaeigendum, að því er lögmaðurinn hélt, tilkynningu um ógildingu ættbóka. Mál kærðu yrði þingfest nk. fimmtudag. Hvernig sem færi yrði það félaginu til álitshnekkis að fara fram með þessu offorsi gegn verðlaunuðum félagi og nánast stofnfélaga. Að lokum kvaðst lögmaðurinn enn gera tilraunir til þess að ná fram heildarlausn í málinu.

Löglærður fulltrúi staðfesti móttöku tölvupósta 3. september 2021 (fskj. 55), hann myndi beina erindum til kærðu sjálfrá en fyrirspurnir um sérstakt hæfi væru framsendar siðanefnd sem tæki afstöðu til þeirra. Að síðustu var áréttuð að löglærður fulltrúi gætti ekki hagsmuna félagsins vegna boðaðrar málsóknar kærðu.

Kærða, Arna sendi siðanefnd tölvupóst s.d. (fskj. 57) þar sem hún spurði hvernig stæði á vinnubrögðum siðanefndar í málinu, sem fylgdi ekki eigin lögum og reglum og hvort ekki væri rétt að lesa öll gögn málsins.

Siðanefnd kom saman til fjarfundar s.d. þar sem m.a. var farið var yfir hæfi löglærðs fulltrúa til setu í málinu vegna athugasemda og fyrirspurna lögmans kærðu. Siðanefnd áréttuði að löglærður fulltrúi gegndi engum trúnaðarstörfum fyrir félagið og uppfyllti því kröfur 27. gr. laga félagsins til setu í málinu. Á fundinum fóru fram umræður um frekari gagnaöflun m.a. vegna niðurstöðu MATÍS frá 16. júlí sl., sem kærðu lögðu fram í málinu.

Siðanefnd taldi nauðsynlegt að fram færi ný rannsókn þar sem lífsýna yrði aflað undir umsjón siðanefndar úr M og Gjósku Æ og þau borin saman við lífsýni sem aflað hafði verið í fyrri rannsókn félagsins. MATÍS skyldi falið að rannsaka sýnin og svara hvort M væri móðir einhverra gotanna og/eða þá hverra. Þá skyldi óskað svara MATÍS um það hvort eða hvernig niðurstöður um stökkbreytingu gots kærðu, Örnú, árið 2010 hefðu áhrif á niðurstöður foreldragreiningar í Q goti. Var lagt fyrir kærðu að mæta með hunda til sýnatöku. Var löglærðum fulltrúa siðanefndar jafnframt falið að hafa umsjón með framkvæmd sýnatöku. Siðanefnd ákvað á fundinum að rökstyðja sérstaklega ákvörðun um málsmeðferð sem fólst í fyrrgreindri gagnaöflun og að aðilum yrði tilkynnt um hana þegar rökstuðningur lægi fyrir.

Aðilum var tilkynnt ákvörðun siðanefndar um gagnaöflun og rökstuðningur (fskj. 58) með tölvupósti, dags. 5. september 2021 (fskj. 59 og 60). Var lagt fyrir kærðu að mæta með umbeðna hunda til sýnatöku á Dýraspítalann í Víðidal þann 9. september 2021.

Í rökstuðningi siðanefndar kom m.a. fram að í ljósi misvísandi upplýsinga í gögnum málsins um það hvort að M væri á lífi hefðu kærðu og Á veitt efnislega rangar upplýsingar til félagsins í aðdraganda kæru. Þá lægi fyrir að sýni þau sem lágu til grundvallar rannsóknar MATÍS sem fram fór að beiðni Á hefðu verið afhent MATÍS af kærðu, Örnú. Siðanefnd taldi með vísan til þessa og málavöxtum að öðru leyti að svo verulegur vafi væri uppi um uppruna sýna sem kærða, Arna, afhenti MATÍS til einhliða rannsóknar að á niðurstöðunum yrði ekki byggt í málinu.

Þá tók siðanefnd fram að krafa kærðu um tafarlausa niðurfellingu viðurlaga vegna stökkbreytingar í Q goti fengi enga stoð í niðurstöðum MATÍS frá 31. ágúst 2021. Því væri með öllu óljóst hvort eða hvernig niðurstaða MATÍS um mögulega stökkbreytingu í goti árið 2010 hefði áhrif á got sem fætt væri níu árum síðar. Rétt væri því að óska svara MATÍS hvað þetta varðar.

Kærða, Arna, sendi siðanefnd tölvupóst þann 6. september 2021 (fskj. 61) um að Á kæmist ekki með M til sýnatöku á fyrirframákveðnum tíma og hefði kærða því pantað nýjan tíma til sýnatöku þann 8. september kl. 16:30. Kærða fór fram á það að nýr tími yrði staðfestur við Dýraspítalann og kærðu og upplýst yrði hver myndi mæta til sýnatöku af hálfu siðanefndar. Þá fóru kærðu fram á það að niðurstöður úr sýnatökum yrðu sendar kærðu á sama tíma og siðanefnd til þess að gæta gagnsæis í málinu. Að síðustu fóru kærðu fram á það að MATÍS veitti kærðu fullan aðgang að niðurstöðum sýna sem hefðu verið tekin af hálfu félagsins.

Löglærður fulltrúi svaraði tölvupóstinum sama dag (fskj. 61). Þar staðfesti hann nýjan tíma fyrir sýnatöku og að hann myndi mæta f.h. siðanefndar. Aðilar málsins myndu fá niðurstöður MATÍS sendar þegar hún lægi fyrir sbr. og málsmeðferðarreglur siðanefndar um aðgang aðila að gögnum máls. Varðandi kröfu um aðgang að sýnum, var óskað eftir því að kærða skýrði frekar hvaða niðurstöðum væri óskað eftir í ljósi þess að sýni sem aflað yrði undir umsjón siðanefndar yrðu borin saman við sýni sem tekin voru fyrir rannsókn félagsins og þá yrði jafnframt óskað skýringa um áhrif stökkbreytinga. Ekki bærust svör við tölvupóstinum.

Sýnataka fór fram á Dýraspítalanum í Víðidal þann 8. september 2021 að viðstöddum kærðu, Örnú, lögmanni kærðu og löglærðum fulltrúa, þar sem staðfest voru rétt örmerki M og Gjóska Æ áður en sýnataka fór fram. Við sýnatöku áréttaði lögmaður kærðu að hann vildi að niðurstöður MATÍS yrðu sendar honum um leið og þær lögju fyrir. Löglærður fulltrúi svaraði að aðilum yrðu sendar niðurstöður um leið og þær myndu berast siðanefnd.

Með tölvupósti, dags. 9. september 2021, (fskj. 62) óskaði löglærður fulltrúi f.h. siðanefndar eftir því við MATÍS að annast foreldragreiningu og að veita svör vegna áhrifa stökkbreytingar á niðurstöður. Þá var sérstaklega óskað að í svörum yrðu veittar tölfræðilegar upplýsingar um líkur á réttri niðurstöðu foreldragreiningar.

Hinn 9. september 2021 var stefna kærðu á hendur kæranda og fulltrúum siðanefndar til réttargæslu þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hinn 17. september 2021 barst siðanefnd tölvupóstur G (fskj. 73) sem hafði verið eigandi hundsins Gjóska K úr Q goti. Þar greindi G frá því að hún hefði heyrt að reynt væri að varpa

sök á Q gotinu á Á en meðfylgjandi væri staðfesting þess efnis að kaup G hefðu farið í gegnum kærðu, Rúnu. G kvaðst hafa skoðað og sótt hvolpinn til kærðu, Rúnu, þar sem allir aðrir hvolpar hefðu verið á staðnum með tók sem Rúna sagði vera móður gotsins. Kærða, Rúna, hefði enn fremur skrifað undir kaupsamning. Í viðhengi með tölvupóstinum fylgdu m.a. afrit af kaupsamningi, dags. 15. september 2019 (fskj. 78) undirrituðum af kærðu og G ásamt Facebooksamskiptum við kærðu, Rúnu, til staðfestingar á fyrrgreindu. (fskj. 74-76).

MATÍS skilaði niðurstöðum foreldragreiningar (fskj. 64) með tölvupósti til löglærðs fulltrúa siðanefndar kl. 12:05 þann 4. október 2021 (fskj. 65). Klukkan 12:28 s.d. (fskj. 66) sendi lögmaður kærðu tölvupóst til löglærðs fulltrúa þar sem hann spurði hvort niðurstöður MATÍS væru komnar en hann vildi fá þær um hæl líkt og samið hefði verið um við sýnatöku. Löglærður fulltrúi sendi aðilum málsins niðurstöður MATÍS kl. 12:51 s.d. (fskj. 67 og 68), siðanefnd myndi funda í framhaldinu og tilkynna aðilum um frest til þess að skila viðbótargreinargerðum sem tilkynnt yrði um.

Niðurstaða MATÍS staðfesti að einstaklingar úr Q goti væru ekki undan M, en ekkert mælti gegn því að L væri faðir gotsins. Niðurstöðurnar mæltu ekki gegn því að einstaklingar úr V og W gotum væru undan J og M. Tölfræðilegar líkur á réttmæti niðurstöðu, samkvæmt forritinu Cervus, sýndu að útreiknaðar líkur á réttmæti niðurstöðu í öllum þremur gotunum væri 99% eða hærri. Þá greindi í bréfi MATÍS um möguleg áhrif stökkbreytinga á niðurstöður að slíkar stökkbreytingar væru samkvæmt ritryndri vísindagrein hverfandi litlar þar sem þær væru metnar sem 0,00000000022 á hverju sæti í erfðamengi á ári. Út frá því mati mætti því ætla að líkur á stökkbreytingu sem hefði áhrif á niðurstöðu úr goti sem vísað væri til í bréfi MATÍS 31. ágúst sl. væru hverfandi litlar.

Lögmaður kærðu sendi tölvupóst s.d. kl. 14:09 þar sem hann spurði hvort ekki væri rétt að funda til sátta eins og greint væri í lögnum. Stjórn hefði ranglega svipt 40 hunda ættbók og hermt ranglega á kærðu. Þetta hugsanlega eina got væri ræktun Á sem ætti tíkina og skildi ekki hvaða rugl þetta væri.

Lögmaður kærðu sendi á ný tölvupóst kl. 14:12 (fskj. 70) þar sem hann óskaði eftir að fá DNA-prófíla senda þar sem hann ætlaði hugsanlega að fá annan sérfræðing til þess að rýna rannsóknina til þess að ná einhverjum skilningi í hana. Löglærður fulltrúi siðanefndar bað um umbeðna prófíla sem MATÍS afhenti með tölvupósti dags. 5. október 2021 (fskj. 72) og voru þeir framsendir aðilum í kjölfarið.

Siðanefnd kom saman til fjarfundar kl. 17:00 sama dag. Á fundinum voru lögð fram samskipti við lögmann kærðu og önnur samskipti vegna málsins frá síðasta fundi sem merkt voru nr. 56-72. Þá var á fundinum lagður fram fyrrnefndur tölvupóstur G ásamt fylgiskjölum. Siðanefnd tók á fundinum þá ákvörðun um málsmeðferð að tölvupósturinn ásamt fylgigögnum yrðu lögð fram í málinu sem fskj. 73-78, enda væru gögnin þvert á staðhæfingar kærðu í málinu um það að Á hefði verið ein ræktandi að gotunum og borið ábyrgð á þeim. Siðanefnd tók sérstaklega fram að G hefði sent siðanend gögnin óumbeðin og að eigin frumkvæði.

Þá tók siðanefnd ákvörðun um að veita aðilum frest til 22. október 2021 þess að koma að viðbótargreinargerðum í málinu. Samhliða skyldi aðilum veittur aðgangur að gögnum í málinu nr. 35-78 en kæranda hafði áður verið send framlögð gögn kærðu og samskipti við lögmann kærðu nr. 20-55. Siðanefnd taldi rétt að vekja athygli kærðu á nýjum gögnum nr. 73-78 og óskaði sérstaklega eftir afstöðu kærðu til þeirra.

Meðan á fundi siðanefndar stóð barst afrit af tölvupósti lögmanns kærðu sem sendur var kl. 17:43 til starfsmanns MATÍS (fskj. 79).

Lögmaður kærðu þakkaði í tölvupóstinum fyrir nýafstaðinn fund á vinnustað viðtakanda. Eins og hann skildi málið væri búið að vinna úr öllum afhentum DNA-sýnum og niðurstaða rannsóknar væri sú að allir hundar væru rétt ættaðir nema að DNA-vandkvæði væru með gotið undan M og L. Lögmaðurinn vildi að MATÍS hefði ótakmarkaðar heimildir til þess að vinna með DNA-sýni varðandi rannsóknir á Q goti eins og það teldi skynsamlegt. Ætlaðist lögmaðurinn til þess að löglærður fulltrúi siðanefndar myndi veita um hæl ótakmarkað leyfi til rannsóknar eins og MATÍS teldi sig þurfa við úrlausn málsins.

Þá óskaði lögmaðurinn sérstaklega svara eða staðfestinga við eftirfarandi fimm álitamálum: 1) Að allir hundar væru réttilega ættaðir nema að það væru einhver DNA-vandkvæði með Q gotið, 2) Hverjar væru líkur á því að Q gotið væri undan L og M líkt og Á héldi fram, 3) Hvort MATÍS gæti útilokað að Q gotið væri undan skráðum foreldrum, 4) Hvort að DNA gæti brennast/tekið einhverjum breytingum þannig að breytingar yrðu eins og í þessu Q gots máli? Væri MATÍS sammála fyrirbyggjandi yfirlýsingum [...] dýralæknis um að ummrædd stökkbreyting í Q gotinu væri sjaldgæf en ekki ómöguleg, 5) Væri MATÍS sammála að ef þessi sjaldgæfa DNA-stökkbreyting hefði átt sér stað væri Q gotið rétt ættfært. Lögmaðurinn tók fram að vinna MATÍS vegna þessara spurninga væru á kostnað lögmannsins og svör skyldu berast honum.

Siðanefnd lagði tölvupóstinn fram á fundinum sem fskj. 79. og ræddi beiðni kærðu um frekari rannsóknir og svör frá MATÍS. Siðanefnd taldi að með svörum MATÍS frá 4. október 2021 væri þessi hluti málsins fullupplýstur og stæðu engar ástæður til annars en að leggja þær til grundvallar í málinu þ.e. að Q got væri ekki réttilega mæðrað en V og W got væru réttilega mæðruð. Beiðni um aðgang að sýnum og frekari svör MATÍS væru því bersýnilega tilgangslaus til frekari upplýsinga og sönnunar og yrði því að synja beiðni kærðu.

Siðanefnd rökstuddi fyrrgreinda ákvörðun um málsmeðferð með eftirfarandi hætti:

„[...] Niðurstöður MATÍS, dags. 4. október sl. eru skýrar um það að einstaklingar í Goti 1 (Q-got) geti ekki verið undan tókinni Gjósku M. Er það til samræmis við niðurstöður MATÍS, dags. 21. maí sl. um það að einstaklingar í gotum 2 og 3 (V og W) geti ekki verið skyldir einstaklingum í goti 1 (Q). Engir fyrirvarar eru settir fram við niðurstöðurnar af hálfu MATÍS eða um aðra þætti sem gætu haft áhrif á forsendur eða réttmæti rannsóknarinnar og niðurstöðu hennar.

Siðanefnd tekur sérstaklega fram, að í framhaldi staðhæfinga kærðra fyrir nefndinni sbr. fskj. 49, var sérstaklega óskað svara frá MATÍS um áhrif stökkbreytinga sbr. og forsendur fyrrnefndrar ákvörðunar siðanefndar. Að auki var óskað eftir svörum MATÍS um tölfræðilegar líkur fyrir réttmæti niðurstöðu um foreldragreiningar í gotunum þremur, sem var meðal annars gert með hliðsjón af kröfum kærðra um aðgang að niðurstöðum sem HRFÍ hafði staðið fyrir sbr. og fskj. 48 í málinu.

Bréf MATÍS, dags. 4. október sl., er skýrt um það með hvaða sýni var unnið og niðurstöður rannsóknar eru til samræmis við fyrri niðurstöður MATÍS dags. 21. maí sl. Af því sama leiðir að niðurstöður MATÍS eru jafnframt til samræmis við niðurstöður rannsóknar MATÍS hvað varðar got 2 og 3 varðar sem fram fór að beiðni Á, sbr. bréf MATÍS dags. 16. júlí 2021, (fskj. 22.) og sem kærðar hafa lagt fram í málinu.

Þá hefur MATÍS veitt rökstudd svör um tölfræðilegar líkur á forsendum foreldragreiningar og áhrif stökkbreytinga. Til viðbótar og skv. beiðni lögmanns kærðra (fskj. 70) hefur MATÍS látið siðanefnd í té pdf skjal með svonefndum DNA prófílum sem lágu til grundvallar rannsóknarniðurstöðum og sem er að finna í fskj. 72 og sem aðilar munu fá aðgang að.

Þá liggur að síðustu fyrir að lögmaður kærðra átti einhliða fund með fagstjóra MATÍS í dag þar sem rannsóknarniðurstöður voru m.a. reddar og skýrðar frekar eins og fram kemur í framlögðum tölvupósti hans.

Krafa um endurtekningu DNA rannsóknar er ekki studd neinum haldbærum rökum og þá varða þær spurningar skv. liðum 1) - 3) sem kærðar óska eftir að MATÍS svari nú atriði sem þegar þegar hefur verið svarað í bréfi dags. 4. október sl. Þá eru spurningar um mögulegar stökkbreytingar hvorki studdar haldbærum rökum né verður séð, að teknu tilliti til þess að MATÍS hefur þegar veitt svör um það að stökkbreytingar í spendýrum séu afar sjaldgæfar og jafnframt sett fram forsendur fyrir því að hverfandi líkur séu á slíkum stökkbreytingu eins og hér á stendur, hverju máli það skiptir við meðferð málsins að MATÍS svari spurningum 4 og 5.

Rannsókn mála er á forræði siðanefndar sbr. og 9. gr. reglna um málsmeðferð fyrir siðanefnd HRFÍ og þá tekur siðanefnd ákvörðun um gagnaöflun og rannsókn í máli. Siðanefnd fer því með forræði á rannsóknarniðurstöðum þeim sem HRFÍ stóð fyrir og þá jafnframt vegna þeirrar rannsóknar sem MATÍS framkvæmdi skv. beiðni siðanefndar.

Af því leiðir að þótt aðilar hafi almennt ríkan rétt til þess að koma að gögnum sem þeir telja að skipti máli við meðferð mála er þessi réttur ekki án takmarkana. Að teknu tilliti til þess að beiðni um frekari gagnaöflun með aðkomu siðanefndar liggur hér fyrir þá ber siðanefnd að taka afstöðu til þess hvort að verða eigi við slíkri kröfu eða þá hvort hún sé bersýnilega þýðingarlaus til sönnunar.

Að mati siðanefndar er sá hluti málsins sem varðar foreldragreiningar nú fullrannsakaður með niðurstöðum MATÍS, sbr. bréf dags. 4. október sl. og standa engar ástæður til annars en að niðurstöður MATÍS verði lagðar til grundvallar í málinu, þ.e. að Got 1 (Q got) sé ekki réttilega mæðrað, en Got 2 og 3 (W og V) séu réttilega foreldruð.

Með vísan til alls framangreinds telur siðanefnd að endurtekning á DNA rannsókn á goti 1 (Q goti) og þá svar við fyrrgreindum spurningum séu bersýnilega þýðingarlausar sem sönnunarfærsla í málinu.

Siðanefnd synjar því framkominni beiðni um að MATÍS endurtaki DNA rannsókn með þeim rannsóknarniðurstöðum sem aflað hefur verið annars vegar af hálfu HRFÍ og hins vegar siðanefndar. Þá er jafnframt þeirri kröfu synjað að MATÍS veiti frekari svör, fundi með kærðum eða lögmanni þeirra eða veiti frekari álit um rannsóknarniðurstöður þær skv. bréfi dags. 4. október sl.

Siðanefnd tekur að síðustu fram að þar sem í tölvupóstinum er vísað er til fyrirliggjandi yfirlýsinga [...], dýralæknis, að sömu yfirlýsingar hafa ekki verið lagðar fram í málinu eða komið á framfæri við siðanefnd af hálfu kærðra. Væri kærðum rétt ef þær telja þessar yfirlýsingar hafi efnislega þýðingu varðandi efnisatriði málsins að þeim verði komið á framfæri við siðanefnd og lagðar fram í málinu.”

Með tölvupóstum, dags. 6. október 2021 (fskj. 81 og 84) var aðilum tilkynnt ákvörðun siðanefndar um málsmeðferð (fskj. 80) ásamt að þeim voru send framlögð gögn málsins (fskj. 82-83 og 85).

Lögmaður kærðu sendi tölvupóst s.d. til siðanefndar (fskj. 86). Þar óskaði lögmaðurinn eftir að gögn yrðu send honum í pósti þar sem þau hefðu ekki borist honum með tölvupóstum. Lögmaðurinn benti enn fremur siðanefnd á 2. gr. málsmeðferðarreglna um það að siðanefnd skyldi vera sjálfstæð og óhlutdræg í störfum sínum, þannig að enginn nefndarmanna hefði slæman hug til kærðu eða óvinskap o.fl.

Í málinu væri nefndin beinlínis í einhliða gagnaöflun gegn kærðu, neitaði að funda með þeim eða ræða við þær, bannaði gagnaöflun og fyndi að því að kærðu leituðu sjálfar gagna. Eins og málið lægi fyrir væri það því rétt sem framkvæmdastjóri félagsins hefði sagt að siðanefndin hefði sjálf komið að gerð kærunnar. Að mati lögmannsins væri um lögleysu að ræða sem dómstólar myndu skera úr um. Þá benti lögmaðurinn á að samkvæmt 4. gr. málsmeðferðarreglna skyldi siðanefnd vísa máli frá sér ef kæruefnið hefði verið borið undir dómstóla. Þar sem kærðu hefðu borið málið undir Héraðsdóm Reykjavíkur ætti nefndin að skoða stöðu sína og bíða niðurstöðu dómstóla. Þá hefðu kærðu ekki fengið enn að vita um tilurð þessarar vitlausu kæru en samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna væru gerðar kröfur til kæranda. Lögmaðurinn spurði hver hefði svo mikinn trúverðugleika hjá siðanefnd að ekkert

mark væri tekið á Á sem ætti öll got M eða kærðu, samt væri aldrei talað við þær. Meint mat á ótrúverðugleika væri ótraunveruleikatengt og brot gegn 10. gr. málsmeðferðarreglna. Þá taldi lögmaðurinn að 9. gr. reglnanna heimilaði siðanefnd í undantekningartilfellum að afla sjálf gagna en heimilaði ekki nefndinni að takmarka gagnaöflun kærðu og væri það aldeilis galin niðurstaða siðanefndar. Lögmaðurinn hefði ekki nennu til þess að útskýra lögin frekar en vísaði til gagna í fyrirliggjandi dómsmáli.

Lögmaðurinn teldi rétt af siðanefnd að beina því til kæranda að upplýsa um það hver héldi því fram að Á ætti ekki M og þrjú got hennar og þá hver héldi því fram að kærðu hefðu ekki verið að aðstoða Á við gotin. Hver vissi betur, hvort það skipti engu máli, og að andmælaréttur eiganda tíkur og kærðu væri enginn þótt enginn vissi betur um innbyrðis tengsl aðila nema þeir sjálfir?

Varðandi fskj. 73.-78 sem stöfuðu frá G þá væri nákvæmlega ekkert athugavert við það að kærða, Rúna, hefði aðstoðað Á við sölu á hvolpum þar sem Á hefði fundist erfitt að sinna sjálf sölunni og hún væri ekki mjög tæknilega sinnuð. Það breytti því ekki að Á hefði átt gotin enda hvers vegna ætti hún ekki að eiga got undan eigin tík? Fyrirnefnd G hefði keypt hvolp, skilað honum aftur eftir beiðni 9. febrúar 2020 þar sem hún hefði borið við ofnæmi og Á hefði endurgreitt hluta fjárhæðar. Þetta hefði ekkert vægi í málinu.

Þá upplýsi nefndin um það hvernig hún mæti trúverðugleika þegar enginn nefndarmanna eða stjórnarmanna kæranda hefðu haft fyrir því að ræða við Á eða kærðu vegna málsins. Þá yrði fróðlegt að vita hver það væri sem siðanefnd mæti trúverðugri en aðila sjálfa um þeirra eigin mál.

Siðanefnd skildi ekki að vísindamenn segðu að Q gotið geti verið rétt skráð vegna DNA og [...] dýralæknir væri sömu skoðunar. Aðalspurningin væri af hverju U ætti að segja vísvitandi hvolpa undan rangri tík. Kærðu og Á ættu ekkert en ættbókarfærða hunda og hvaða hagsmunir væru af rangfærslum? Siðanefnd ætti að beina til kæranda að upplýsa um þetta, en það væri kæranda að upplýsa af hverju væri ráðist á kærðu í málinu en ekki eiganda gotsins. Kærðu hafa ekki mátt mæta með hunda sína á sýningar sem hafi haft þær afleiðingar að aðrir hafi unnið til verðlauna. Rétt væri að siðanefnd kannaði hvort að einhverjir þeirra verðlaunahafa hefðu haft einhver afskipti af málinu.

Kærðu mótmæltu því að mega ekki afla einhliða gagna máli sínu til stuðnings og að siðanefnd stöðvaði frekari rannsóknir. Siðanefnd yrði að skilja að ekki væri útilokað að Q gotið væri rétt skráð, því væri kærán röng og Á og kærðu saklausar. Gaman væri að siðanefnd áttaði sig ekki á þessu.

Að lokum var krafa um fund ítrekuð og upplýst að fundargerðin og svarið yrði lagt fram í dómsmáli til enn frekari sönnunar á algjörlega óviðunandi vinnubrögðum siðanefndar.

Löglærður fulltrúi siðanefndar upplýsti MATÍS með tölvuskeyti 7. október 2021 að beiðni kærðu um not af niðurstöðum rannsóknar væri synjað eða MATÍS svaraði frekar álitafnum kærðu (fskj. 87) um niðurstöðurnar. Þá var lögmanni kærðu send s.d. staðfesting á móttöku á tölvupósti og upplýst um að umbeðin gögn yrðu póslögð. (fskj. 88).

Lögmaður kærðu sendi siðanefnd tölvupóst 9. október 2021 (fskj. 89). Nú væri komið á daginn að að kærða hefði verið röng og kærandi virtist vera að leiðrétta fyrri ákvarðanir sína með því að senda tilkynningu til um 40 hundaeiganda að ógilding ættbóka hafi verið gönuhlaup. Öll got

tengd kærðu væri réttilega færð til bókar og got Á væri réttilega færð til bókar nema kærandi héldi áfram að halda fram einhverri vitleysu án gagna.

Hlutlaus siðanefnd ætti því að fella þegar bráðabirgðaurður úr gildi, reyna sáttafund og hitta kærðu í fyrsta skipti. Þá var neðangreindar staðhæfingar að finna í tölvupósti lögmannsins:

„[...] Nýjar staðhæfingar hafa verið bornar til undirritaðs sem eru mjög alvarlegar ef reynast réttar. Þ.e. fyrrum framkvæmdarstjóri hefur upplýst að S fyrrum formaður og eigandi [...] ræktunar ásamt [...] sem er eiginkona [...] lögmanns sem er í laganevnd og núverandi lögmaður stefndrar stjórnar H.R.F.I. hafi í starfstíð sinni misst stjórn á skapi sínu á starfsstöð HRFI vegna athugasemda Rúnu Helgadóttur sem þá var skrifstofukona hjá HRFI – S vildi reka Rúnu úr starfi sínu - ástæður voru að Rúna hafði sent athugasemdir þar sem formaðurinn braut sýningarreglur þegar hún bæði sýndi hundana sína og var dómarameni á saman tíma. Formaður hafi leysti málið með því að stjórnin gaf undanþágur og hún gat bæði sýnt og dæmt – þá var fundið að því að sýndir hundar hafi virst allir rófustífdir en formaður en ræktendur sögðu hundana hafa fæðst svona – þá hafi [...] stjórnarmaður einnig fengið hvolpa úr sinni tík undan sama innflutta rakkanum og S notaði og allir án rófu !!! en stjórnin gerði ekkert eða siðanefnd–eins og viðtakandi veit var Rúna rekin og einnig fyrrum framkvæmdarstjóri og S réði vinkona sína og hvolpakaupanda I (sem sögð er vinkona einhverra Í á Suðurnesjum) og fékk Ara Karlsson vin sinn til að aðstoða sig á fundum o.fl. því er haldið fram að kærán sé runnin undan rifjum S vegna hefndarhugs í garð Rúnu Helgadóttur. Þ.e. miðað við þetta hafa kærðu ástæðu til að ætla að ákveðin klíka í HRFI sé að nota völd sín til að reyna klekkja á kærðu í málinu og valda þeim álitshnekki sem hundaræktendum !! það skýrir a.m.k. af hverju er ekkert rétt við Á sem á tíkina M og gotin undan henni - Þá ber að hafa í huga að kærðu hafa kærur áður en meðal stigahæstu ræktenda hjá HRFI- samt þessi læti

3) Þá er það með ólíkindum ósvífið að viðtakandi siðanefnd bannar Matís ohf að vinna DNA rannsóknir sem sanna að öll got hennar eru rétt skráð í ættbók – Þ.e. öll got eru rétt skráð en siðanefnd reynir að vinna gegn þeirri niðurstöðu ????? Af hverju ?

4) Það liggur einnig fyrir að kærðu eiga ekki got M og voru aðeins að aðstoða eigandann – eins og sennilega er einnig með [...]ræktunina hjá fyrrum formanni og eiginkonu [...] lögmanns stjórnar HRFI og laganevndarmanns þegar þær eru með sín sjálfstæðu got. T.d. er þá spurning ef S rófustífdi sína hunda hvort eiga að gera [...] og [...]heimilismann hennar samábyrga en samt jafnvel saklaus af verkinu ?

5) Vegna þessa krefst undirritaður þess að fá send strax öll endurrit siðanefndar í þessu máli og nefndin upplýsi um meinta aðkomu S, I og framangreindra vina hennar að þessu máli sbr. einnig 16.gr. málsforræðisreglna“

Lögmaður kærðu sendi löglærðum fulltrúa siðanefndar og Jónasi Fr. Jónssyni lögmanni tölvupóst þann 11. október 2021 (fskj. 90) þar sem hann spurði hvort að löglærður fulltrúi, sem hefði margtilkynt sig sem sérstakan fulltrúa siðanefndar, væri líka orðinn starfsmaður stjórnar HRFÍ. Hvort að viðkomandi teldi þetta samrýmast kröfum um hlutleysi og vanhæfiskröfum. Þá spurði lögmaðurinn hvort að fulltrúinn ynni með Jónasi Fr. Jónssyni lögmanni og báðir einnig fyrir siðanefnd. Krafðist lögmaðurinn svara beggja við spurningunum.

Í framhaldinu áttu löglærður fulltrúi og lögmaður kærðu símtal sama dag þar sem fram kom að lögmaðurinn hefði átt við tölvupóst löglærðs fulltrúa til MATÍS með beiðni um rannsókn (fskj. 62) þar sem beiðni um rannsókn væri sögð vera fyrir hönd HRFÍ. Löglærður fulltrúi greindi frá því að ástæða orðalagsins fyrir hönd HRFÍ í stað fyrir hönd siðanefndar í tölvupósti til MATÍS hefði verið sú að upplýsa ekki MATÍS sérstaklega um að siðanefnd félagsins væri með málið til skoðunar. Það hefði fyrst og fremst verið gert með hagsmuni kærðu í huga. Enginn vafi væri hins vegar á því að rannsóknin hefði verið gerð að beiðni og undir umsjá siðanefndar. Þá áréttaði löglærður fulltrúi enn á ný að hann ynni fyrir siðanefnd en ekki kæranda.

Lögmaður kærðu framsendi þann 12. október 2021 tölvupósta tveggja aðila sem óskuðu svara hvers vegna ættbók hunds þeirra hefðu verið ógiltar að ósekju (fskj. 91 og 92). Sama dag óskaði lögmaður kærðu í tölvupósti kl. 11:03, sem var svo ítrekaður kl. 19:20, hvort hann fengi samþykki siðanefndar um að spyrgja MATÍS nokkurra spurninga um sýnin á eigin kostnað.

Löglærður fulltrúi svaraði beiðni lögmans kærðu 13. október 2021 (fskj. 94) um að siðanefnd hefði tekið þá afstöðu að þessi þáttur málsins væri fullrannsakaður og niðurstaða MATÍS yrði lögð til grundvallar í málinu. Beiðninni væri því synjað. Ef kærðu teldu þörf standa til þess að MATÍS svaraði frekari álitaefnum gætu þær komið ábendingum til siðanefndar í viðbótarathugasemdum og þá hvaða svara væri nauðsynlegt að afla. Ekki væri fyrirhugað að siðanefnd kæmi saman til fundar vegna málsins fyrr en eftir að frestur til viðbótarathugasemda væri úti.

Lögmaður kærðu svaraði s.d. (fskj. 94) þar sem hann greindi frá því að þetta væri ótæk afstaða hjá hlutalausri siðanefnd, klár hlutdræg gagnaöflun sem gerði siðanefnd marklausa og beinlínis hlægilega.

Með tölvupósti, dags. 20. október 2021, (fskj. 99) voru kæranda send samskipti við lögmán kærðu á fskj. 81-94. Löglærður fulltrúi sendi lögmán kærðu endurrit fundargerða funda siðanefndar vegna málsins (fskj. 96) með tölvupósti þann 21. október 2021 (fskj. 95).

Lögmaður kærðu skilaði viðbótarathugasemdum. s.d. á skrifstofu HRFÍ (fskj. 97) ásamt fylgiskjölum. Með tölvupósti bárust síðan viðbótarathugasemdir kæranda þann 22. október 2021 (fskj. 98).

Siðanefnd kom saman til fjarfundar þann 27. október 2021. Á fundinum voru lögð fram skjöl málsins, samskipti við lögmán kærðu, sem merkt voru nr. 80-99. Viðbótarathugasemdir aðila voru lagðar fram á fundinum og þá fór siðanefnd yfir efni þeirra og ræddi.

Siðanefnd fór á fundinum yfir sérstakt hæfi löglærðs fulltrúa vegna viðbótarathugasemda í greinargerð kærðu. Siðanefnd tók sérstaklega fram vegna tilvísunar til ummæla löglærðs fulltrúa á aðalfundi HRFÍ 2021 í tengslum við breytingar á lögum félagsins um fyrningu brota sem siðanefnd gæti tekið til meðferðar að á lagabreytinguna reyndi ekki í málinu. Að því athuguðu og eftir yfirferð gagna málsins tók siðanefnd ákvörðun um að löglærðan fulltrúa brysti hvorki almennt né sérstakt hæfi til að aðstoða siðanefnd í málinu. Löglærður fulltrúi vék af fundi undir þessum lið.

Eftir yfirferð viðbótarathugasemda frá aðilum málsins og annarra gagna málsins taldi siðanefnd öll gögn og sjónarmið sem máli skipti væru fram komin í málinu. Með hliðsjón af því ákvað siðanefnd að boða aðila til sáttafundar 10. nóvember 2021 með fjarfundarformi. Fyrirkomulag sáttafundarins skyldi vera með þeim hætti að aðilum myndi, hvorum fyrir sig, gefast tækifæri til þess að reifa sjónarmið sín og tillögur um sættir í málinu. Hefði hvor aðili allt að 10 mínútur í þessum tilgangi í upphafi fundar. Reyndust sættir árangurslausar væri fyrirhugað að siðanefnd tæki málið til úrskurðar. Þá ákvað siðanefnd að veita aðilum kost á því að koma að frekari gögnum, sem ekki hefðu komið fram áður, fram til upphafs sáttafundar. Þá var þess getið að sáttafundur yrði tekinn upp í hljóði og mynd.

Lögmaður kærðu sendi tölvupóst 28. október 2021 (fskj. 102) til löglærðs fulltrúa siðanefndar. Þar sem athugasemdir voru gerðar við það að í fundargerðum siðanefndar (fskj. 96) væri ekkert skráð um umræður eða hvað færi fram á fundum. Kærðu vildu t.d. vita nákvæmlega um ráðleggingar löglærðs fulltrúa í málinu til siðanefndar og hvaða umræður fóru fram á fundum sem réttlætu sviptingu kærðu og heimilisfólks þeirra og jafnvel allra gesta og gangandi á þeirra heimili þótt þær ættu ekki M.

Félagið væri með ættbókarskráningu M sem eign Á en miðað við ummæli löglærðs fulltrúa á síðasta aðalfundi HRFÍ, rétt áður en viðtakandi lét til sína taka hjá siðanefndinni, þá væri það mat löglærðs fulltrúa að ef ekki væri farið eftir ættbók ætti það að vera ófyrnanlegt brot og brottrekstrasök úr HRFÍ. Þar sem löglærður fulltrúi, stjórn, framkvæmdarstjóri og siðanefnd færu ekkert eftir skráningum um eignarhald M, hunsuðu ættbókina ætti það að vera brottrekstrarsök úr félaginu. Þá spurði lögmaðurinn að miðað við fyrrgreint ættu allir þessir aðilar að fara úr félaginu eða verða ella reknir þegar ný stjórn og siðanefnd kæmi að borðinu.

Þá spurði lögmaðurinn hvort að stjórn hefði ekki lagt fram nein ný gögn til siðanefndar eftir dæmalausa kæru en miðað við bréf löglærðs fulltrúa hefðu ekki verið send nein gögn sem eyrnamerkt væru stjórn félagsins. Lögmaðurinn vildi svar um hæl þar sem svar við þessu ætti að liggja fyrir án sérstakrar rannsóknarvinnu.

Lögmaður kærðu sendi á ný tölvupóst 29. október 2021 (fskj. 102) til kæranda og siðanefndar f.h. kærðu og Á og fjölskyldu hennar þar sem fyrirspurn var ítrekuð. Þá greinir í erindi lögmansins að í málinu hafi reynst ómögulegt að ná í neinn, ekki væri unnt að hrósa löglærðum fulltrúa siðanefndar fyrir að sinna verki sínu rösklega fyrir hönd nefndarinnar, hann svaraði aldrei síma og duttlungum væri háð hverju hann teldi sig þurfa að svara. Samt þættist löglærður fulltrúi stundum vera hlutlaus milliliður, en sviki síðan gefin fyrirheit við sýnatöku að senda báðum aðilum niðurstöður og að MATÍS mætti óhindrað nota öll gögn til rannsóknar eftir kröfum aðila. Að svíkja svona væri ófyrirgefanlegt og hefði lögmaðurinn reynt að ná á löglærðan fulltrúa en hann vildi ekki láta ná á sig. Þá spyr lögmaður kærðu hvort að einhver teldi að ættbókarskráning M væri röng – þ.e. að Á ætti ekki tíkina þótt hún væri skráður eigandi, en hver ætti þá tíkina? Af hverju væri tíkin alltaf hjá Á og hennar fjölskyldu? Teldi nefndin að tíkin byggji ekki hjá skráðum eiganda sínum? Teldu viðtakendur að M ætti ekki 3 gotin og Á ætti ekki got M. Sá sem héldi þessu fram yrði að koma fram undir nafni og bera ábyrgð á orðum sínum. Þá yrði að upplýsa hver héldi því fram að kærðu kæmu að þessum hundamálum Á og að staðfest væri að viðtakendur hefðu aldrei talað við Á og fjölskyldu vegna málsins.

Aðilar málsins voru boðaðir til sáttafundar og tilkynnt niðurstaða fundar siðanefndar 27. október 2021 með tölvupósti, dags. 29. október 2021, (fskj. 100 og 101) og frestur til að koma að viðbótargögnum í málinu. Aðilum voru jafnframt send framlögð gögn í málinu ásamt viðbótarathugasemdum sem borist höfðu.

Formaður HRFÍ staðfesti móttöku f.h. kæranda s.d. og staðfesti að mætt yrði til fundarins.

Lögmaður kærðu sendi kæranda og siðanefnd tölvupóst kl. 13:27 s.d. (fskj. 103) f.h. kærðu og Á og fjölskyldu hennar. Lögmaður tók fram að áður en sáttafundur yrði reyndur þyrfti að fá svör við þeim spurningum sem beint hefði verið til löglærðs fulltrúa siðanefndar. Það væri algert grundvallaratriði að fá að vita hver héldi því fram að Á ætti ekki M og got hennar eða að kærða, Arna, hefði ekki verið henni til aðstoðar. Sá sem héldi öðru fram þyrfti að koma fram undir nafni og bera ábyrgð á orðum sínum. Got væru rétt skráð en einhver DNA-stökkbreyting hefði orðið eins og algeng væri í dýraríkinu og væri yfirleitt auknir hæfileikar við þróun tegunda. Teldu viðtakendur sig vita betur og þetta væri ekki rétt og DNA væri alltaf óbreytt milli niðja? Sá sem héldi þessu fram þyrfti að koma fram undir nafni og bera ábyrgð á orðum sínum.

Þá óskaði lögmaðurinn svara við því hver ákveddi einhliða fyrirkomulag sáttafundar og setti tímaramma með skipunarvaldi og algjörri stjórnsemi án nokkurs samráðs við lögmanninn. Eins og málið væri sett fram væri þetta málamyndasáttafundur til að reyna að klóra í bakkann vegna

Þess að allar skýrar og fortakslausar málsforræðisreglur hjá siðanefnd hafi verið brotnar. Takmarkaður andmælaréttur, ekkert jafnræði, ekkert meðalhóf eða rannsóknarvinna. Þá óskaði lögmaðurinn svara hver ákveddi svona skertan fund þar sem málin ættu ekki að fá ítarlega meðferð og af hverju væri ekki beðið eftir niðurstöðu hlutlausra dómstóla sem m.a. tækju á vinnulagi viðtakenda o.fl.

Lögmaðurinn tók fram að löglærður fulltrúi virtist staðfesta að stjórn hefði ekki lagt fram nein gögn frá kærðu, að löglærður fulltrúi hefði sjálfur verið í beinum samskiptum við stjórn og framkvæmdastjóra þ.e. hann væri að vinna sérstaklega vinnu kæranda en sendi ekki kærðu afrit af afreksvinnu sinni t.d. hjá MATÍS þar sem löglærður fulltrúi bannaði MATÍS að kenna viðtakendum að DNA stökkbreyttist eins og [...] dýralæknir hefði sérstaklega staðfest. Þá tók lögmaðurinn fram að hvorki hann né kærðu hefðu yfir tæknibúnaði að búa til fjarfundar þannig að hann væri ógerlegur. Þá væri málið svo alvarlegt að allir viðtakendur þyrftu að hittast milliliðalaust á fundi og byði lögmaðurinn fram aðstöðu á skrifstofu sinni til fundar. Þar sem sóttvarnaráðstafanir væru ekki lengur fyrir hendi ættu allir hundaeigendur að fagna því að hittast augliti til auglits í eigin persónu nema viðtakendur teldu sig yfir það hafna að ræða við almenna félagsmenn eftir að hafa krafist eilífrar brottvísunar og viðurlögin ættu líka undir gesti og gangandi á heimili kærðu. Viðtakendur tæku aldrei síma og framseldu vald sitt til lögmanna sem sinntu svarverkum sínum slæga.

Þá taldi lögmaðurinn að það væru óbætanleg og ófyrirgefanleg mistök að viðtakendur hefðu aldrei hitt kærðu eða Á vegna málsins sem þeir þyrftu að bera ábyrgð á.

Þá gerði lögmaður kærðu þá kröfu að á sáttafundi þyrfti, þegar umbeðin gögn lægju fyrir, að taka aðilaskýrslur af stjórnarmönnum HRFÍ, kærðu og löglærðum fulltrúa siðanefndar um ráðleggingar hans í málinu og alla aðkomu eftir aðalfund HRFÍ. Þá þyrfti mögulega að taka vitnaskýslu um aðkomu framkvæmdastjóra sem hefði verið kærður m.a. fyrir dýraníð og húsbrot. Þá lægi óhemju magn skjala í málinu og spurning væri hvort að einhver vitni ættu að koma á fundinn en lögmaðurinn væri að reyna að fá Á og fjölskyldu hennar til að koma. Vegna umfangs málsins teldi lögmaðurinn sig þurfa um 2 klukkustundir til þess að flytja mál kærðu og þá væri skynsamlegt að áætla að skýrslutökur kærðu og Á tækju um 3 klst. Þá væri ekki vitað hvað lögmenn gagnaðila ætluðu sér þannig að áður en sáttafundur væri ákveðinn þyrftu aðilar að koma sér saman um fyrirkomulag sem hentaði báðum.

Þá sagði í tölvupósti lögmansins: „[...] Þá vill undirritaður taka það mjög skýrt fram að Ari Karlsson hefur nákvæmlega ekkert boðvald yfir undirrituðum og valdahroki hans að svara ekki í síma – neita að hittast – svara ekki spurningum og reyna að koma í veg fyrir að niðurstöður Matis ohf, Kára Stefánssonar og [...] og fl. um stökkbreytingar verði lagðar fram í málinu- senda einhliða veffundaboð svo hann þurfi að mati undirritaðs ekki að standa fyrir málin sínu á vettvangi – auðvelt að slökkva á skjá og skella á þegar hentar !!! Undirritaður telur að Ari Karlsson reyni beinlínis að standa í veg fyrir að máli fái réttláta málsmeðferð.“

Þá óskaði lögmaður kærðu að lokum eftir því að einhver viðtakenda hefði samband við hann um framhaldið. Til að gera málið auðveldara væri lögmaðurinn reiðubúinn að ræða málið frekar í síma eða koma til fundar til einhvers viðtakenda til þess að fara yfir málið.

Löglærður fulltrúi svaraði tölvupósti lögmansins s.d. (fskj. 104) með því að siðanefnd myndi taka beiðni hans fyrir á sérstökum fundi.

Lögmaður kærðu svaraði póstinum s.d. (fskj. 104) með að hann ætlaðist til þess að löglærður fulltrúi svaraði beinum spurningum og athugasemdum sem beint væri sérstaklega til hans.

Löglærður fulltrúi ætti að sýna kærðu þá kurteisi að sinna starfi því sem hann segðist ráðinn sérstaklega til.

Lögmaður kærðu sendi löglærðum fulltrúa aftur póst kl. 13:06 hinn 1. nóvember 2021 (fskj. 105) um að löglærður fulltrúi teldi sér ekki sæmandi að svara í síma og hefði, að mati kærðu, ekki verið heill í samskiptum. Þegar lögmaðurinn hefði fyrst talað við löglærðan fulltrúa hefði hann sagst einungis vera milliliður. Þá hefði lögmaðurinn gert samkomulag við löglærðan fulltrúa að fá aðgang að öllum sýnum og að niðurstöður væru sendar Á og kærðu, Örnú, samstundis.

Nú hefði komið fram að fulltrúinn hefði verið í sérstökum hefndarleiðangri á aðalfundi HRFÍ með því að leggja til ófyrnanleg brot, hann hafi reynt afturvirkar refsingar. Síðan færi hann beint í síðanefnd og það væri bráðabirgðabann án þess að fara eftir almennum stjórnsýslureglum fyrir meinta andstæðinga en löglærður fulltrúi þekkti ekki grundvallarreglur við mat á trúverðugleika. Þá kastaði tólfunum þegar fulltrúinn bannaði MATÍS að svara spurningum af því að þær gerðu alla saklausu. Að mati kærðu væri fulltrúinn óhæfur lögmaður, hlyti að vita betur en hann ráðlegði og fyrir lægi að löglærður fulltrúi væri hlutdrægur hvað sem það kostaði. Vegna þessara ávirðinga vildi lögmaðurinn fund með löglærðum fulltrúa til þess að fara yfir málið, að mati hans væri sérlega aðfinnsluvert ef þessu væri ekki svarað enda væri lögmaðurinn að veita löglærðum fulltrúa andmælarétt, rannsóknarrétt og meðalhóf þ.e. að fara yfir málið og ná fram sanngjarnri niðurstöðu. Eins og málið lægi fyrir núna vildu kærðu leita réttar síns gagnvart sviptingaraðilum í málinu.

Löglærður fulltrúi staðfesti móttöku tölvupóstsins s.d. (fskj. 105) og að síðanefnd myndi taka afstöðu til erindis lögmannsins.

Lögmaður kæranda sendi enn á ný löglærðum fulltrúa tölvupóst kl. 15:01 þar sem óskað var frekari svara. Þar spurði hann hvort að löglærður fulltrúi teldi það ásættanlega framkomu við kollega að svara ekki í síma, svara ekki skriflegum erindum eða tölvupóstum kollega, eða svara sem talsmaður síðanefndar. Þá var óskað svara hvort að löglærður aðili teldi ekkert jafnræði vera með aðilum í þessu hundamáli, þar ríkti boð eða bömn frá kæranda en almennir hundaeigendur ættu einungis að hlýða. Gott dæmi væri aðeins örfáar mínútur eftir einhliða ákvörðun sem síðan væri hægt að klippa og sníða til að eigin geðþótta. Um væri að ræða ógeðfelldan valdahraka sem yrði að stöðva. Fyrirsvarsmenn ættu að líta á sig sem jafningja og leysa öll mál í þeim tilgangi að friður væri með hundaeigendum. Í þessu máli væri verið að skapa illindi sem gætu varað um ókomna tíð. Þrátt fyrir framangreint hefði lögmaðurinn sýnt löglærðum fulltrúa fullkomna kurteisi þegar hann hittir hann við sýnatöku, en hann hefði árangurslaust reynt að ná á hann í síma og teldi það vonlaust verk.

Lögmaðurinn óskaði eftir fundi með löglærðum fulltrúa til þess að reyna að koma þessum málum á hreint því eins og málið lægi fyrir kæmi löglærður fulltrúi ekki vel út.

Síðanefnd kom saman til fjarfundar þann 2. nóvember 2021 þar sem fjallað var um kröfur framkomnar kröfur kærðu þ.m.t. um munnlegan flutning, skýrslutökur og fyrirkomulag sáttafundar. Síðanefnd féllst á að sáttafundur yrði haldinn með hefðbundnum hætti en kröfum kærðu var að öðru leyti hafnað. Aðilum var tilkynnt um þessa ákvörðun með tölvupósti dags. 4. nóvember 2021 sem var jafnframt rökstudd:

„[...] Í framangreindum erindum hefur Jón Egilsson lögmaður f.h. kærðra sett fram ýmsar fyrirspurnir og kröfur um tilhögun málsmeðferðar auk þess að þar er að finna frekari sjónarmið og athugasemdir varðandi efni og form málsins.

Samandregið eru fyrirspurnir og kröfur um tilhögun málsmeðferðar eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er krafist svara um hver sett hefur fram staðhæfingar um eignarhald á Gjósku M og gotum hennar. Í öðru lagi er staðhæft að got séu rétt skráð en um DNA stökkbreytingu hafi verið um að ræða og er krafist upplýsinga um það hver viti betur en framangreint.

Í þriðja lagi er krafist upplýsinga um það hver tók ákvörðun um fyrirkomulag sáttafundar án samráðs við lögmann kærðra.

Í fjórða lagi er gerð sú krafa að á sáttafundi þegar umbeðin gögn liggja fyrir – beri fyrst að taka skýrslur af stjórnarmönnum HRFÍ, þá Ara Karlssyni sem siðanefnd hefur falið aðstoð í málinu um ráðleggingar hans til siðanefndar í málinu og alla aðkomu eftir aðalfund HRFÍ og hugsanlega framkvæmdastjóra HRFÍ. Þá telur lögmaðurinn að skýrslu þurfi að taka af Á .

Í fimmta lagi gerir lögmaðurinn þá kröfu að málið verði munnlega flutt á sáttafundi og að búast megi við því að skýrslutökur taki allt að 3 klukkustundum og að lögmaðurinn þurfi að lágmarki 2 klukkustundir til þess að flytja málið.

Í sjötta lagi er gerð sú krafa að að sáttafundur fari ekki fram í fjarfundi þar eð hvorki lögmaðurinn né kærðar hafi nauðsynlegan tæknibúnað til fjarfunda.

Þá hefur lögmaðurinn í öðrum erindum sem lögð eru fram á fundinum krafist sérstakra svara frá löglerðum aðila þeim sem siðanefnd hefur verið fengin til aðstoðar í málinu og hann veiti sérstök svör m.a. um ráðgjöf til siðanefndar, umræður nefndarinnar, efnisatriði málsins og afstöðu til sönnunaratriða auk afstöðu sinnar og komi til fundar við lögmanninn sérstaklega eða ræði við hann símleidis um sömu atriði.

Siðanefnd hefur ítrekað við meðferð máls leiðbeint aðilum um málsmeðferð fyrir nefndinni og að hún sé að meginstefnu til skrifleg og vísast hér til t.d. til fskj. 41 og 42 auk ákvörðunar siðanefndar 5. október sl. sem liggur fyrir á fskj. 80.

Um málsmeðferðina gilda málsmeðferðarreglur þ.m.t. um rétt aðila til andmæla og að koma skriflegum athugasemdum að áður en mál er tekið til úrskurðar og skila viðbótargreinargerð sbr. 9. gr. Í sama ákvæði er kveðið á um það að siðanefnd geti kallað aðila á fund til þess að gefa skýrslu fyrir nefndinni og að sama skapi aflað skýrslna eða annarra gagna til þess að varpa ljósi á málsatvik.

Það er siðanefndar að gæta að því áður en úrskurðað er í máli að það sé nægilega upplýst sbr. og 10. gr. stjórnsýslulaga sbr. og 19. gr. málsmeðferðarreglna. Samkvæmt 10. gr. málsmeðferðarreglna er það siðanefndar að meta hvort að staðhæfing eða yfirlýsing teljist sönnuð en ef í máli er sönnunaratriði sem ördugt er að leysa undir rekstri málsins eða mál er að öðru leyti ekki upplýst vísar hún því frá.

Af öllu framansögðu leiðir að forræði á rannsókn máls eða meðferð þess er á hendi siðanefndar sem ber ábyrgð á því að mál sé nægilega upplýst áður en það er tekið til úrskurðar og að aðilum gefist kostur á að koma sjónarmiðum og andmælum sínum að áður en ákvörðun er tekin.

Í máli þessu hefur aðilum verið veitt tækifæri, auk skriflegrar greinargerðar í upphafi málsins, að koma á framfæri viðbótarathugasemdum, sem, þeir hafa nýtt sér en auk þess liggja fyrir sjónarmið, andmæli, afstaða og kröfur kærðra og árétting þess sama í tuga tölvupósta lögmanns þeirra til nefndarinnar sem borist hafa á öllum stigum málsins.

Siðanefnd hefur jafnframt sent aðilum þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu í þeim tilgangi að þeir geti komið frekari athugasemdum að telji þeir ástæðu til þess.

Siðanefnd hefur í ákvörðunum um málsmeðferð sem teknar hafa verið undir rekstri málsins gert aðilum grein fyrir því að þeim yrði veittur kostur á að skila viðbótarathugasemdum en þegar þær lögju fyrir myndi siðanefnd taka afstöðu til þess hvort hún teldi að öll gögn og sjónarmið væru fram komin í málinu og þá boða aðila til sáttafundar, svo sem skylt er samkvæmt málsmeðferðarreglum og sem kærðar hafa ítrekað krafist á fyrri stigum að yrði haldinn.

Siðanefnd tók ákvörðun á fundi sínum 27. október sl. um það að hún teldi að öll gögn og sjónarmið væru komin fram þannig að unnt væri að leita sáttum með aðilum, líkt og kærðu hafa gert kröfur um áður.

Á sama fundi fór siðanefnd sérstaklega yfir hæfi Ara Karlssonar vegna framkominna staðhæfinga kærðra um hæfi hans í fyrrnefndum tölvupóstum lögmannsins f.h. kærðra og var það niðurstaða nefndarinnar að hvorki væri um

hagsmuni, tengsl, afstöðu, eða annað sem ylli því að hann brýsti sérstakt hæfi til setu í málinu. Siðanefnd áréttaði jafnframt það sem fram kom að hann uppfyllti almennar hæfiskröfur 27. gr. laga félagsins til setu í málinu. Ari vék sæti undir þessum lið. Siðanefnd áréttar jafnframt framangreinda afstöðu og telur að staðhæfingar í tölvupóstum sem borist hafa frá síðasta fundi f.h. kærðra breyti engu þar um.

Í ljósi efnisatriða í kæru, andmæla kærðra, framlagðra gagna, og þá sjónarmiða þeirra og andmæla sem liggja fyrir í málinu er það mat siðanefndar að kröfur um skýrslutöku yfir kærendum þ.e. stjórnarmönnum HRFÍ um aðdraganda kæru eða ætlaða afstöðu til kærðra samkvæmt staðhæfingum séu bersýnilega tilgangslausar. Það sama gildir um skýrslutöku af Á eða öðrum um eignarhald á Gjósku M eða ábyrgð á V, W eða Q gotum, enda liggja fyrir skriflegar yfirlýsingar hennar í málinu auk yfirlýsinga kærðra sama efnis í athugasemdum kærðra og öðrum gögnum.

Þá áréttar siðanefnd að Á er ekki aðili að máli því sem er til meðferðar hjá siðanefnd enda er ekki beint kröfum að henni eða gerð krafa um að hún sæti viðurlögum vegna ætlaðra brota.

Þá verður siðanefnd ekki krafín svara, eða einstaka fulltrúum hennar eða löglærðum aðstoðarmanni, gert að svara spurningum aðila um efnisatriði málsins, afstöðu nefndaramanna til efnisatriða, sönnunaratriða, eða um umræður á fundum nefndarinnar, hvað þá að skýrsla verði tekin af þeim sömu. Aðilar eiga aðgang að gögnum máls og fundargerðum nefndarinnar þar sem meginefni ákvarðana er skráð og það sem rætt er á fundum nefndarinnar.

Sé málið tekið til úrskurðar kveður siðanefnd upp rökstuddan úrskurð og niðurstöðu sína og þá forsendur sem siðanefnd leggur til grundvallar henni.

Með vísan til alls framangreinds er beiðni um það að aðilum verði veittur kostur á að flytja málið munnlega á sáttafundum synjað og þá að teknar verði skýrslur yfir aðilum, vitnum eða fulltrúum siðanefndar. Það sama gildir beiðni um fund með löglærðum fulltrúa, siðanefnd, eða að hann ræði við lögmann kærðra sérstaklega símleidis vegna málsins.

Í ljósi þess að hvorki lögmaður né kærðu hafa ekki yfir nauðsynlegum tæknibúnaði að búa til þess að sitja fjarfund samþykkir siðanefnd að sáttafundur verði haldinn með hefðbundnum hætti.

Fer sáttafundur því fram á áður boðuðum tíma þ.e. kl. 17:30 miðvikudaginn 10. nóvember nk. á skrifstofu HRFÍ, Síðumúla 15, 108 Reykjavík í stað þess að um fjarfund verði um að ræða. Fyrirhugað er að sáttafundur verði tekinn upp í hljóði og mynd líkt og áður hefur verið boðað um fjarfund.

Áréttað er að aðilum gefst tækifæri til þess í 10 mínútur hvorum í upphafi fundar að reifa hugmyndir og sjónarmið sín um sættir í málinu og þá tillögur til sátta. Siðanefnd mun þá taka afstöðu til þess hvort að unnt sé að ná sáttum í málinu og eftir atvikum gefa aðilum tækifæri til þess að ræða sáttagrundvöll frekar.

Þá tekur siðanefnd sérstaklega fram vegna upplýsinga um það að lögmaður kærðra hafi verið að athuga hvort að Á kæmist til fundarins að ekki er um opinn fund að ræða og aðilar geta ekki boðað aðra aðila til fundar.

Rétt til fundarsetu hafa aðilar málsins þ.e. kærendur og kærðar, en aðilum er jafnframt heimilt að taka með sér umboðsmann sem fulltrúa sinn til fundarins ef þeir svo kjósa. [...]“

Formaður HRFÍ staðfesti f.h. kæranda að hann myndi mæta til sáttafundar ásamt [...] stjórnarmanni þann 5. nóvember 2021. Formaður HRFÍ sendi síðar tölvupóst þar sem hann upplýsti að Jónas Fr. Jónsson, lögmaður, myndi jafnframt mæta til fundar með kæranda.

Lögmaður kærðu sendi tölvupóst þann 8. nóvember 2021 til siðanefndar og kæranda. Þar rakti lögmaður kærðu að fyrir lægi að enginn sem keypt hefði hvolpa af kærðu hefði sent kæru til félagsins. Kæra væri einungis hugarsmíð „valdamanna“ og virtist „netþvæla“. Kærðu ættu engin rangfærð got og Á segðist ekki eiga nein rangfærð got undan tókinni sinni þ.e. öll got væru réttilega færð til ættbókar og ekkert brot væri því um að ræða.

Áréttáðar voru athugasemdir um að ekki hefði verið fundað með kærðu, lögmanni þeirra eða Á og að löglærður fulltrúi hefði verið í meintri gagnaöflun fyrir kæranda og stöðvað gagnaöflun

kærðu. Þá vildu færðu upplýsa að óháð niðurstöðu málsins hefðu viðtakendur vísvitandi sært og valdið sigursælustu hundaræktendum viðtakanda ómælanlegum álitshnekki.

Málsmeðferð væri ekki hlutlæg og greinilegt væri að mati færðu og Á og fjölskyldu að kærandi og siðanefnd ynnu saman sem eitt. Þá teldu færðu að HRFÍ hefði ekki gætt jafnræðis í öðrum málum. Greinlegt væri að viðtakendur slúðruðu um þetta mál á fleiri stöðum því ýmsir ræktendur hefðu kvartað við lögmanninn undan samskipum við viðtakendur þar sem viðtakendur hlustuðu ekkert og mál fengu aðra meðferð en færðu hafa mátt þola. Málsóknin væri persónuleg illindi og illvilji einhverra í garð færðu og væri tilhæfulaust gegn þeim. Lögmaðurinn kvaðst ekki á þessu stigi vilja endursegja sögur nema fá gögn til staðfestingar en vildi samt tilgreina tvö dæmi sem nánar voru rakin um það að kærandi hefði ekki gætt að jafnræði við meðferð annarra mála. Þá upplýsti lögmaðurinn að rétt væri að halda sáttafund fyrir hérðasdómi þar sem mál til ógildingar bráðabirgðaúrskurðar væri til meðferðar þar sem eitthvert jafnræði væri með aðilum. Þá væri fróðlegt að viðtakendur sem væru í forsvari upplýstu um árangur sinn í hundaræktun en lögmaður rakti í tölvupóstinum árangur færðu, Örnú, og Gjósku ræktunar og taldi upp titla og árangur færðu á sýningum.

Lögmaður færðu gerði athugasemdir við fyrirkomulag sáttafundar. Í fyrsta lagi taldi hann að upptaka af fundinum fæli í sér kolólöglegt kvikmyndagerðarleikrit gegn andmælum þolenda sem væri í andstöðu við rétt til friðhelgis einkalífs færðu, persónuverndarlög og réttinn til að eiga eigið myndefni. Kæra ætti þessa fátánlegu afstöðu til Persónuverndar. Af þeim ástæðum taldi lögmaðurinn jafnframt að ekki væri hægt að hittast.

Þá þjónaði það engum tilgangi að hittast ef fyrirliggjandi spurningum væri ekki fyrst svarað þannig að unnt væri að vita hver væri með ávirðingar og um hvað. Þá hefði löglærður fulltrúi verið margsaga og óorðheldinn í málinu vegna sýnatöku og sagt lögmanninum að hann hefði engin afskipti haft af málinu hjá siðanefndinni eða HRFÍ. Þetta væri rangt hann væri m.a. sérstakur lögfræðilegur ráðunautur á fundum siðanefndar en um umræður væri ekkert skráð í fundargerðum. Sem kollegi hefði löglærður fulltrúi sýnt af sér vítaverða lélega framkomu að taka aldrei svo mikið sem einn fund eða símasamtal en kannski væru þetta siðir hans, eða hann treysti sér ekki í orðræðu í þessu máli. Siðanefnd hefði ekki forræði á gagnaöflun og málsmeðferð með vísan til 9. gr. málsmeðferðarreglna og það væri ekki hlutverk hlutlausrar siðanefndar að meta hverjir ættu að gefa skýrslu heldur væri það aðila málsins.

Þá væri það algjör brandari að viðtakendur vildu aldrei sjá eða heyra í Á eða fjölskyldu hennar sem ætti M samkvæmt ættbók en samt ætti að beita færðu viðurlögum vegna tíkur sem þær ættu ekki. Þetta sannaði að sáttafundur hefði ekkert gildi ef eigandi tíkur og gota hefði ekkert að segja í málinu.

Þá væru ákveðin læknisfræðileg forföll á kórónutímum og hætta á smiti ef aðilar hittust í þröngu rými eins og í fundarhorni HRFÍ. Það væru því ýmsar ástæður fyrir því að að fresta yrði fundinum sem viðtakandi hefði sett á svið en væri greinilega enginn sáttafundur.

Þá ítrekaði lögmaðurinn kröfu um sáttafund fyrir hlutlausum héraðsdómstóli þar sem allir viðtakendur yrðu að tjá sig í samtali en ekki með boðum og virðingarleysi fyrir almennum félagsmönnum.

Eftir yfirferð siðanefndar á fyrrgreindum tölvupósti, dags. 8. nóvember 2021, sendi löglærður fulltrúi lögmanni færðu tölvupóst, dags. 9. nóvember 2021, um að siðanefnd hefði farið yfir efni tölvupóstsins. Af póstinum yrði ekki önnur ályktun dregin en að færðu teldu engan

sáttagrundvöll vera til staðar í málinu og að boðaður sáttafundur væri þýðingarlaus. Sú afstaða lægi því fyrir. Siðanefnd teldi í framhaldi þessa rétt að afla afstöðu kæranda til sátta í málinu og hvort hann teldi sáttagrundvöll fyrir hendi og myndi nefndin láta upplýsa um þegar það lægi fyrir.

Í framhaldinu sendi siðanefnd tölvupóst til formanns HRFÍ f.h. kæranda þar sem óskað var eftir skriflegri afstöðu kæranda til þess hvort hann teldi grundvöll til þess að leita sátta í málinu við kærðu.

Lögmaður kærðu sendi tölvupóst s.d. til siðanefndar. Þar tók lögmaðurinn fram að skilningur siðanefndar væri ekki réttur, lögmaðurinn vildi sættir, en hann yrði að fá gögnin sem lægju til grundvallar „herförinni“ sem ætti sér ekkert fordæmi í sögu félagsins eða annars staðar. Í málinu væri ekki reynt að leysa málið með friðsamlegum hætti heldur reynt að niðurlægja iðkendur. Þetta væri gert þrátt fyrir að fyrir lægi sýknudómur þar sem aðili hefði brotið gotreglur vísvitandi og brotið gegn sátt. Kærðu ættu ekki gotið og hefðu einungis verið að hjálpa kaupendum úr eigin ræktun. Af hverju væru því þessar aðgerðir að mega ekki sýna eða rækta sem væri ill og galin framkoma við kærðu sem ættu annað skilið.

Kærandi og siðanefnd þyrfti að svara spurningum áður en kæmi til sáttafundar þ.m.t. hvort að siðanefnd teldi sér heimilt að taka sáttafund upp eða hvort að kæra þyrfti það til Persónuverndar. Aðrar spurningar voru samsvarandi þeim sem lögmaður kærðu hafði áður óskað svara við þ.e. um gagnaöflun, skýrslutökur, jafnræði og af hverju löglærður fulltrúi svaraði ekki þeim spurningum sem til hans væri beint.

Að síðustu ítrekaði lögmaðurinn kröfu um sáttafund þegar viðtakandi hefði svarað spurningunum.

Formaður félagsins f.h. kæranda sendi siðanefnd tölvupóst s.d. þar sem fram kom að ekki yrði séð af tölvupósti lögmanns kærðu 8. nóvember 2021 að nokkur sáttagrundvöllur væri í málinu. Þannig teldu kærðu sig ekki hafa gert neitt rangt, lýstu sakleysi af kæruefni, og krefðust þess að kæra yrði afturkölluð. Þá væri gert lítið úr hlutverki og starfi siðanefndar og boðuðum sáttafundi fundið flest til foráttu. Að mati kæranda lægi fyrir að alvarleg brot hefðu átt sér stað á lögum og reglum félagsins með vísan til kærðu og gagna málsins. Í ljósi þessa og með tilliti til efnis og framangreinds tölvupósts kærðu yrði að telja að ekki væri fyrir hendi grundvöllur til sátta.

Siðanefnd fór yfir tölvupósta aðila um sáttagrundvöll þann 10. nóvember 2021 og taldi eftir yfirferð þeirra að ekki yrði ráðið að nokkur grundvöllur væri til sátta í málinu. Ákveðið var að tilkynna aðilum málsins með tölvupósti um framangreinda afstöðu siðanefndar og hún myndi í framhaldinu taka afstöðu til þess að hvort að boðaður sáttafundur þjónaði nokrum tilgangi og myndi tilkynna um það eigi síðar en kl. 15 sama dag.

Lögmaður kærðu svaraði tölvupósti siðanefndar s.d. kl. 12:05 þar sem hann sagði að það væru aldrei nein svör og kærandi þyrfti aldrei að sinna lögskyldum til að geta sent kæruna. Lögmaðurinn sendi aftur póst kl. 13:29 þar sem hann kvað það bráðfyndið að að virðulegur formaður, sem væri enginn „Pétur eða Páll“, liti svo stórt á sig að þetta efnisrýra/efnislega bréf hans væri eina framlegg til málsins, engin gögn um alvarlega kærðu og að hafa þyrfti í huga að þessi formaður vildi reka kærðu, allt þeirra heimilisfólk og gesti og gangandi úr HRFÍ. Það væri ekki bodlegt og sýndi að viðkomandi væri ekki treystandi til valdastarfa þegar framkoman væri þessi. Kærðu segðu að formaður þyrði ekki að mæta og tala fyrir málinu af því að það

væri búið til í „*bullvefheimum*“. Siðanefnd yrði að sýna að hún byggði á gögnum en ekki fyrir mælum og gildisdómum.

Siðanefnd taldi eftir yfirferð málsins og framangreindra tölvupósta lögmanns kærðu að ljóst væri að enginn sáttagrundvöllur væri til staðar í málinu í ljósi yfirlýsinga aðila málsins. Fyrirhugaður sáttafundur væri því afboðaður enda frekari tilraunir til satta þýðingarlausar. Með því væri sáttatilaunum í málinu lokið. Var aðilum tilkynnt þetta með tölvupósti kl. 14:47 s.d.

Lögmaður kærðu svaraði tölvuskeytinu kl. 16:14 s.d. þar sem hann kvað niðurstöðu siðanefndar ranga, það hefðu nákvæmlega engar sáttatilaunir farið fram, þetta væri málamyndagjörningur til þess að reyna að lagfæra ólögsmætun málatilbúnað. Þá voru áréttáðar fyrri staðhæfingar um svarleysi, brot á jafnræði og hæfi. Þá kvað lögmaðurinn að um ótrúlegan félagssskap væri að ræða en vonandi teldu dómstólar formann ekkert merkilegri en aðra félagsmenn. Siðanefnd og löglærður fulltrúi hlýddu greinilega í blindni og kærandi fengi allt aðra meðferð en kærðu.

Í framhaldinu tók siðanefnd málið til úrskurðar.

3. Sjónarmið og röksemdir kærðu til stuðnings aðal- og varakröfu í málinu; athugasemdir við hæfi og málsmeðferð siðanefndar

Kæruheimild stjórnar HRFÍ, almennt hæfi og valdsvið siðanefndar

Í upphaflegum andmælum kærðu er þess *adallega* krafist að kæru stjórnar HRFÍ verði vísað frá siðanefnd þar sem kærán falli utan starfssviðs stjórnar félagsins og stjórnin eigi ekki aðild að málum fyrir siðanefnd félagsins. Stjórn hafi ekki meira vald en greinir í lögum félagsins en í 11. gr. laga þess sé ekki að finna heimild fyrir stjórn að beina kvörtun til siðanefndar félagsins.

Til stuðnings þessu er jafnframt vísað til dóms *Hæstaréttar í máli nr. 30/2019* þar sem stjórn Lögmannafélags Íslands var ekki talin hafa heimild samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn til þess að skjóta málum vegna brota félagsmanna til úrskurðarnefndar lögmanna.

Kærðu byggja í *öðru lagi* á því að hætta sé að því að siðanefnd finni fyrir þrýstingi frá kæranda, veruleg hætta sé því á undirgefni siðanefndar þannig að málið fái ekki hlutlausu meðferð vegna tengsla kæranda við siðanefnd. Óeðlilegur þrýstingur sé því frá kæranda um að siðanefnd afgreiði málið kæranda í vil. Siðanefnd fari varlega gegn stífum og heiftúðugum framburðum stjórnarmanna. Með kærinni sé siðanefnd sett í vonlausu aðstöðu þar sem hún eigi beinlínis erfitt með að kalla eftir gögnum frá kæranda, skamma hann eða leiðbeina honum. Með því að leyfa stjórn að kæra með þessum hætti sé viss hætta á því að litið verði á kæranda og siðanefnd sem eina klíku og trúverðugleikinn sé enginn.

Þá byggja kærðu á því að fráleitt sé að ummæli kærðu í tölvupósti 16. apríl 2021 (fskj. 14) um framkvæmdastjóra félagsins eigi undir valdsvið siðanefndar og beri alltaf að vísa þeim frá nefndinni. Hér vísa kærðu til *úrskurðar siðanefndar í máli nr. 27/2010* þar sem brigslamáli var vísað frá siðanefnd þar sem illindi í málinu áttu ekki undir verksvið nefndarinnar.

Sérstakt hæfi siðanefndar til meðferðar málsins

Í tölvupóstum lögmanns kærðu og viðbótarathugasemdum við meðferð málsins hafa fjölmargar athugasemdir verið gerðar við sérstakt hæfi siðanefndar og/eða löglærðs fulltrúa til meðferðar málsins.

Í tölvupósti lögmanns kærðu, dags. 6. október 2021 (fskj. 86) kom fram að samkvæmt 2. gr. málsmeðferðarreglna bæri siðanefnd að vera sjálfstæð og óhlutdræg í störfum sínum þannig að enginn nefndarmanna hefði slæman hug til kærðu, óvinskap o.fl. Með öðrum orðum væri siðanefnd ekki aðili að málinu og yrði að gæta hlutleysis og tryggja að öll sjónarmið kæranda og kærðu kæmu fram.

Í málinu hefði siðanefndin verið í einhliða gagnaöflun gegn kærðu, neitaði að funda með kærðu, bannaði gagnaöflun og fyndi að því að kærðu leituðu sjálfar gagna. Eins og málið lægi fyrir væri því rétt sem framkvæmdastjóri félagsins hefði sagt að siðanefndin hefði sjálf komið að gerð kærunnar. Siðanefnd ynni skýrlega gegn kærðu en engar athugasemdir væru gerðar við kæranda sem hefðu svipt 40 hunda ættbók án þess að ræða við eigendur þeirra.

Í tölvupósti lögmanns kærðu til siðanefndar, dags. 9. október 2021, sagði að þær staðhæfingar hefðu verið bornar til lögmannsins sem væru alvarlegar ef réttar reyndust þess efnis að kæra í málinu ætti rót í hefndarhug fyrrverandi formanns HRFÍ í garð kærðu, Rúnu. Meðal annars hefði fv. formaður komið því til leiðar að kærða, Rúna, var rekin úr starfi á skrifstofu félagsins. Í viðbótagreinargerð kærðu til siðanefndar segir að reiði fv. formanns hefði að mati kærðu, Rúnu, skilað sér í þetta mál með þeim hætti að löglærður fulltrúi tæki þátt í meðferð málsins í þeim eina tilgangi að klekkja á kærðu, Rúnu, og kærða, Arna, móðir hennar væri látin fylgja með í sömu ofsóknum.

Þá kom þar fram að eftir að lögmaður kærðu hefði kynnt sér málið betur virtist þetta vera rétt mat hjá kærðu, Rúnu. Eingöngu væri um að ræða ótrúlegar hefndaraðgerðir þar sem löglærður fulltrúi siðanefndar beitti sér í þá átt að reyna að gera kærðu, Rúnu, tortryggilega.

Þá hefði löglærður fulltrúi komið málinu í kærufarveg og vildi ná fram hefndum gegn kærðu, Rúnu, vegna athugasemda hennar og heftin væri svo mikil að reynd hefði verið lagabreyting um (ólögmæta) afturvirka ófyrnanlega hlutlæga ábyrgð á aðalfundi félagsins vegna skráningu ættbóka. Þá hefði löglærður fulltrúi talað fyrir lagabreytingu skömmu fyrir setu á siðanefndarfundi og það skini í gegn að á aðalfundinum hefði verið að leggja í herför gegn kærðu, Rúnu, líkt og hún héldi fram.

Í viðbótarathugasemdum kærðu til siðanefndar voru fyrrnefndar athugasemdir um aðkomu siðanefndar að gerð kæru í málinu áréttáðar. Þá var staðhæft að löglærður fulltrúi hefði sagt ítrekað við lögmann kærðu að hann hefði ekki komið að þessu máli efnislega áður, sem væri ósatt þar sem löglærður fulltrúi hefði komið að málinu samkvæmt fundargerðum siðanefndar.

Þá voru jafnframt áréttáðar sömu athugasemdir um sérstakt hæfi löglærðs fulltrúa til setu í málinu þ.e. að mati kærðu hefði löglærður fulltrúi komið málinu í kærufarveg í samvinnu við fyrrverandi formann félagsins til þess að ná fram hefndum gegn kærðu, Rúnu.

Þá teldu kærðu að tölvupóstur löglærðs fulltrúa til stjórnar og framkvæmdastjóra, dags. 5. september 2021, (fskj. 60), sýni fram á að löglærður fulltrúi væri í sjálfstæðri gagnaöflun og

hefði samband við kæranda og framkvæmdastjóra félagsins. Sami háttur hefði verið hafður að hunsu rétt kærðu með tölvupósti til MATÍS, dags. 9. september 2021, sbr. fskj. 62 og 63, þar sem löglærður fulltrúi væri í beinu sambandi við kæranda og framkvæmdastjóra en léti kærðu ekkert vita af sömu samskiptum. Það sama eigi við um fskj. 71 þ.e. beiðni um DNA prófíla frá MATÍS þar sem löglærður fulltrúi eigi einn að fá niðurstöðurnar en ekki hagsmunaaðilar.

Þá telja kærðu að siðanefnd hafi beinlínis komið í veg fyrir gagnaöflun hjá MATÍS í málinu af því að nefndin vildi komast að einhverri geðþóttaniðurstöðu.

Með tölvupósti lögmans kærðu, dags. 1. nóvember 2021, var áréttað að löglærður fulltrúi siðanefndar hefði verið í hefndarleiðangri á aðalfundi félagsins þar sem hann hefði lagt til ófyrnanleg brot og reyndi afturvirkar refsingar, en færi síðan beint í siðanefnd þar sem ákveðið væri bráðabirgðabann án þess að farið væri eftir almennum stjórnslureglum gagnvart meintum andstæðingum. Löglærður fulltrúi þekkti ekki grundvallarreglur við mat á trúverðugleika en tólfunum hefði verið kastað þegar löglærður fulltrúi hefði bannað MATÍS að svara spurningum þar sem þær hefðu gert alla saklausa. Að mati kærðu væri löglærður fulltrúi óhæfur lögmaður sem hlyti að vita betur en hann ráðlegði. Að gera allar þessar vitleysur væri sérlega aðfinnsluvert þar eð löglærður fulltrúi gerði það sem tilskipaður hlutlaus lögmaður. Það lægi því fyrir að löglærður fulltrúi væri hlutdrægur og vildi sakfellingar hvað sem það kostaði.

Kærðu byggja á því í viðbótarathugasemdum sínum til siðanefndar að siðanefnd sé hlutdræg í garð kæranda við meðferð málsins. Í því sambandi er m.a. nefnt að löglærður fulltrúi hafi verið í beinum samskiptum við kæranda og framkvæmdastjóra vegna málsins, sbr. fskj. 60 og fskj. 62 án þess að hafa verið í samskiptum við kærðu. Af málalíbúnaði kærðu verður ekki annað ráðið en að þær telji jafnframt að siðanefnd hafi brotið gegn jafnræði við meðferð málsins með því að neita kröfum kærðu um frekari gagnaöflun í málinu eða með því að neita fundi með þeim, um skýrslutökur, eða svara spurningum kærðu um tilurð kæru þ.m.t. hverjir haldi því fram að M og got hennar séu ekki í eigu Á,

Að sama skapi hafa kærðu byggt á því að siðanefnd hlýði boðum frá kæranda, sem aldrei hefði sinnt neinum kröfum eða þyrfti að leggja fram nein gögn eða svara bréfum. Um ótrúlegan félagsskap væri um að ræða þar sem siðanefnd og löglærður fulltrúi hlýddi í blindni og kærandi fengi allt aðra meðferð en kærði.

Framsal siðanefndar til löglærðs fulltrúa

Kærðu byggja á því í viðbótarathugasemdum sínum og tölvupóstum lögmans kærðu til siðanefndar að siðanefnd hafi framselt allar valdheimildir sínar til löglærðs fulltrúa sem væri ætlað að ná fyrirframákveðinni og neikvæðri niðurstöðu í málinu. Siðanefndin hefði löglærðan fulltrúa til ráðgjafar og léti fulltrúann sjálfan sjá um gagnaöflun en gerði engar kröfur til kæranda um að leggja fram gögn. Löglærður fulltrúi hefði bannað gagnaöflun í málinu með því að senda bréf í nafni siðanefndar og félagsins til MATÍS. Siðanefndin léti síðan löglærðan fulltrúa úrskurða vegna gagnaöflunar þar sem MATÍS væri bannað að svara frekari spurningum þar sem Q gotið væri réttilega fært til ættbókar. Þá niðurstöðu vildi löglærður fulltrúi ekki fá fram og stöðvaði vinnu MATÍS, en fagstjóri hjá fyrirtækinu hefði sagt við lögmann kærðu að DNA gæti stökkbreyst.

Kærðu telja að að framangreint framsal valds siðanefndar til löglærðs fulltrúa sé óheimilt samkvæmt lögum félagsins og landslögum. Eins og málið lægi fyrir hefði siðanefnd eða

kærandi aldrei viljað ræða við kærðu og í ljós væri komið að fyrrgreindir aðilar hefðu framselt allar valdheimildir sínar til löglærðs fulltrúa.

Andmælaréttur kærðu, rannsókn málsins og aðrir annmarkar á meðferð málsins

Kærðu byggja á því að þær hafi ekki notið andmælaréttar við meðferð málsins. Í fyrsta lagi hafi bráðabirgðaúrskurður, dags. 20. ágúst 2021, verið kveðinn upp án þess kærðu hafi fengið tækifæri til þess að koma að andmælum áður. Þá byggja kærðu á því að þær hafi ekki notið andmælaréttar að öðru leyti við meðferð þess. Sömu athugasemdir hafa margoft verið ítrekaðar í tölvupóstum lögmanns þeirra til nefndarinnar.

Í tölvupósti lögmanns kærðu, dags. 6. október sl. er byggt á því að kærðu hafi ekki fengið neinar upplýsingar um tilurð kæru. Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna beri kærandi tiltekna skyldur að upplýsa um tilurð kæru sem hann hafi ekki gert. Þá hafa kærðu krafist þess að kæranda yrði gert að svara spurningum um tilurð kæru, hvaða ábendingar hafi borist og afstöðu til þess að Á eigi M og beri ábyrgð á gotum hennar, og hvort kærandi telji að DNA geti ekki stökkbreyst. Þá hafa kærðu talið að kanna þyrfti frekar hvort að ræktendur sem unnu verðlaun á hundasýningum félagsins í stað kærðu, meðan á bráðabirgðabanni þeirra stóð, hafi átt aðkomu að máli þeirra. Sömu athugasemdir eru síðan margoft ítrekaðar í tölvupóstum lögmanns kærðu til siðanefndar.

Í viðbótarathugasemdum kærðu er á því byggt að siðanefnd hafi tekið yfir gagnaöflun í málinu, komið beinlínis í veg fyrir gagnaöflun hjá MATÍS og þá jafnframt að siðanefnd hafi neitað að taka skýrslur af kæranda, kærðu, eða vitnum. Þá hafi siðanefnd neitað að funda með kærðu og Á eða gefa þeim kost að tala máli sínu fyrir nefndinni. Sömu athugasemdir hafa margoft verið ítrekaðar í tölvupóstum lögmanns kærðu til siðanefndar.

Málshöfðun kærðu

Í tölvupósti lögmanns kærðu, dags. 6. október 2021, (fskj. 86) er vikið að 4. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndar sem kveður á um það að siðanefnd beri að vísa máli frá ef kæruefnið hefur verið lagt fyrir dómstóla. Þar sem kærðu hafi borið bráðabirgðaúrskurð siðanefndar undir Hérðasdóm Reykjavíkur ætti siðanefnd að skoða stöðu sína og bíða niðurstöðu dómstóla.

Í viðbótarathugasemdum kærðu til siðanefndar var framangreint jafnframt áréttað þ.e. að siðanefnd beri að bíða niðurstöðu dómstóla í málinu áður en það væri tekið til úrskurðar.

Engar sáttatilaunir hafi farið fram í málinu

Í tölvupósti lögmanns kærðu til siðanefndar, dags. 10. nóvember 2021, mótmælti lögmaður kærðu niðurstöðu siðanefndar um að enginn sáttagrundvöllur væri til staðar, boðaður sáttafundur þýðingarlaus og sáttatilaunum í málinu væri því lokið. Kærðu byggja á því að engar sáttatilaunir hafi farið fram í málinu heldur væri um málamyndagerning siðanefndar til þess að breiða yfir ólöglegan máltilbúnað.

Kærðu hafa hvað þetta varðar vísað til *dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 8. febrúar 1999 í máli nr. E-3349/1999*, en í málinu reyndi á lögmati úrskurðar siðanefndar félagsins sem var ógiltur með dómi. Í forsendum dómsins var það m.a talinn hafa verið annmarki á málsmeðferð siðanefndar að ekki lágu fyrir gögn um það að siðanefnd hefði kannað formlega hvort að unnt væri að ná sáttum í viðkomandi máli.

Að mati kærðu sé það sama hér uppi þ.e. að siðanefnd hafi ekki reynt sættir. Boðaður sáttafundur hafi verið málamyndagjörningur til þess að leiðrétta ólögmeða málsmeðferð þar sem aldrei var ætlunin að reyna að leita sátta.

Varakrafa

Kærðu gera þá varakröfu, ef ekki er fallist á kröfu um frávísun málsins, að meintur þáttur hvorrar kærðu verði sundurskilinn og rökstuddur. Kærðu verði ekki spyrtað saman vegna ættartengsla og hver einstaklingur beri ábyrgð á verkum sínum.

Framangreinda kröfu skýra kærðu nánar á þann veg að kæranda verði veittur tímabundinn frestur til þess að lagfæra kæru sína til samræmis við lögmeðt sjónarmið um sjálfstæða ábyrgð hvorrar kærðu fyrir sig, skýri það hver hafi átt frumkvæði að málinu og kærðu fái m.a. andmælarétt, meðalhófs sé gætt og samráð og sáttatilaunir verði hafðar við þá vinnu.

4. Sjónarmið og röksemdir aðila um efnisatriði kæru

4.1. Röng skráning ræktunartíkur á got

Sjónarmið og röksemdir kæranda

Kærandi byggir á því kærðu hafi vísitandi skráð ranga ræktunartík á eitt, tvö, eða þrjú pörunartorð V, W og Q gota við umsókn um ættbókarskráningu til félagsins. Þetta hafi leitt til þess að félagið þurfti að ógilda ættbækur tólf hunda og færa aðra sextán hunda undan hundum í V og W goti í viðauka við ættbók félagsins og þar með í ræktunar- og sýningabann.

Fyrir liggja samkvæmt foreldragreiningu MATÍS, dags. 21. maí 2021, að gotin gætu ekki verið sammæðra en þar sem kærðu hafi ekki mætt með ætlaða ræktunartík til foreldrarannsóknar hefði ekki verið unnt að staðreyna hvort eitthvert gotanna væri rétt skráð. Kærandi byggir á því að röng pörunartík hefði verið skráð á pörunartorð í þeim tilgangi að blekkja félagið. Á þessum röngu forsendum hefðu fengist útgefnar rangar ættbækur sem ræktendur blekktu hvölpakaupendur og félagið með í framhaldinu.

Kærandi vísar til þess að meginhlutverk HRFÍ sé að beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd væru af alþjóðasambandi hundarræktarféлага (FCI) sem félagið væri aðili að. Með aðild að FCI hefði HRFÍ tekið á sig þá ábyrgð að tryggja réttmæti ættbóka sem væri grundvöllur alþjóðlegrar viðurkenningar félagsins.

Í 2. og 3. gr. laga félagsins sé kveðið á um það að félagið skuli færa hreinræktaða hunda í ættbók HRFÍ samkvæmt þeim reglum sem stjórn félagsins setur og þeim kröfum sem FCI gerir til aðildarféлага um ættbókarskráningar hunda. Framangreind lagaskylda sé nánar útfærð í reglum um skráningu í ættbók HRFÍ, en þar komi fram í upphafskafla að ættbókin sé eign félagsins og í hana séu skráðir hreinræktaðir hundar af viðurkenndum kynjum. Ættbókin sé færð samkvæmt reglum félagsins með viðurkenningu FCI. Útgefn ættbókarskírteini staðfesti

fyrst og fremst ættir hunds og uppruna hans sem væri áréttað í lokamálslið 18. gr. alþjóðlegra ræktunarregla FCI (e. International breeding rules of the FCI). Ættbók félagsins og útgáfa ættbókarskírteina til staðfestingar á rétt skráðu ætterni hunda sé jafnframt grundvöllur ræktunarstarfs félagsins sbr. 2. gr. laga þess.

Kærandi byggir á að samkvæmt grein 1.2 í reglum um skráningu í ættbók sé einungis heimilt að ættbókarfæra hund hjá HRFÍ ef báðir foreldrar hans séu af sama viðurkennda hundakyni samkvæmt athugasemdalausri ættbók frá HRFÍ eða öðru viðurkenndu félagi. Í gr. 2.1. í fyrrnefndum reglum segir að einungis ræktandi geti sótt um ættbókarskráningu gots sem skuli vera á sérstöku og þar til gerðu umsóknareyðublaði. Með ræktanda sé átt við eiganda tíkur eða þann aðila sem sannarlega átti rétt til undaneldis á tík við þörun. Í ákvæði gr. 2.9 sé áréttað að skráður eigandi geti afsalað eða flutt ræktunarrétt á goti til annars aðila en þá sé litið á ræktunarréttarhafa sem eiganda tíkur í skilningi reglnanna frá þörunardegi og þar til hvolpar eru a.m.k. 8 vikna. Í gr. 7.1. og 7.2. í framangreindum reglum sé síðan fjallað nánar um þörunarvottorð og að upplýsingar sem ræktandi gefur þar upp séu að viðlögðum drengskap hans. Þörunarvottorð sé hið tilgreinda umsóknareyðublað sem ræktandi skilar inn fyrir skráningu gots í ættbók.

Þá byggir kærandi á því að í 1. tölul. 2. gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ komi fram að félagsmanni beri við þörun að nota hunda af sömu tegund sem eru ættbókarfærðir hjá HRFÍ eða öðru félagi sem HRFÍ viðurkennir ættbækur frá. Í 2. tölul. sama ákvæðis sé kveðið á um það að félagsmaður skuli stunda ræktun af alvöru og ábyrgð og láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf. Í 6. tölul. 3. gr. sömu reglna sé áréttað að félagsmenn skuli veita hvolpakaupendum sínum réttar upplýsingar um ræktun sína.

Kærandi telur að fyrir liggi að kærðu hafi verið handhafar ræktunarréttar yfir M vegna V, W og Q gota sem þær skráðu undan henni á þar til gerðum eyðublöðum (sbr. fskj. 2-5).

Kærandi vísar til þess að samkvæmt gr. 1.5. í reglum um skráningu í ættbók beri félaginu að ógilda ættbókarskírteini þeirra hunda og afskrá úr ættbók félagsins sem ekki væru hreinræktaðir eða eru undan öðrum hundum en tilgreindir eru sem foreldri hans í ættbók. Eftir að niðurstöður foreldragreiningar MATÍS bárust félaginu hafi stjórn HRFÍ tilkynnt aðilum, þ.m.t. kærðu um ógildingu ættbóka gota M í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar félagsins.

Kærandi telur því að kærðu hafi með fölsuðum þörunarvottorðum, sem leitt hafi til útgáfu rangra ættbóka, brotið gróflega gegn félaginu og því ræktunarstarfi sem það standi fyrir. Með blekkingum hafi kærðu grafið undan trúverðuleika ættbókar félagsins sem er viðurkennd alþjóðlega og valdið þannig tjóni á eign félagsins. Með áframhaldandi broti hafi kærðu jafnframt brotið gegn skyldum sínum við hvolpakaupendur og hafi svo aukið á brotið með því að halda áfram ræktun undan tókum úr V og W gotum þar sem grandlaus hvolpakaupandi úr V goti hafi ræktað undan tók sinni í góðri trú um rétt skráð ætterni.

Kærandi byggir á því í kæru að yfirlýsing Á, dags. 21. júní 2021, þess efnis að M sé á lífi, hún hafi verið ræktandi gota undan tókinni og beri ein á þeim ábyrgð sé verulega ótrúverðug og ekkert styðji nýjar fullyrðingar þessa efnis. Þá stangist fullyrðingar hennar á ábyrgð á gotum við skýran ræktunarrétt Gjóska á M samkvæmt kaupsamningi (fskj. 2) og undirrituðum þörunarvottorðum og framsali á ræktunarrétti (fskj. 3-5.) Framangreindar fullyrðingar breyti engu um ábyrgð kærðu sem undirrituðu þörunarvottorð að viðlögðum drengskap og áttu ræktunarrétt að tókinni.

Kærandi telur að kærðu hafi með fölsun ættbóka brotið gróflega af sér og unnið gegn markmiðum félagsins, reglum þess, brotið trúnað sem ræktendur félagsins, skaðað ættbók þess, og þannig félagið og unnið gegn því sem það stendur fyrir. Að sama skapi hafi kærðu afhent grunlausum hvolpakaupendum ættbækur sem þær vissu að væru rangar og brotið freklega gegn þeim aðilum sem fengu hvolpa hjá þeim.

Í viðbótargreinargerð kæranda, dags. 22. október 2021, er rakið að við gerð kæru í málinu hefði ekki verið unnt að staðreyna hvort að M væri í raun móðir einhvers gotanna. Ástæður þessa hefði verið sú að kærðu hefðu vanefnt skyldur sínar að mæta með M í lífsýnatöku þegar eftir því hefði verið kallað þann 16. febrúar 2021. Til viðbótar hefði félaginu verið veittar þær röngu upplýsingar að M væri dauð þ.e. annars vegar af Á þann 22. febrúar 2021 og hins vegar af kærðu þann 14. apríl 2021. Vegna þessarar röngu upplýsingagjafar og vanrækslu á því að mæta með M í sýnatöku hefði ekki verið unnt að líta öðruvísi á en að ættbækur þriggja gota undan M væru rangar enda trúverðugleiki ættbókar félagsins í húfi. Það leiddi því af háttsemi kærðu og Á að kærandi var tilknúinn til að grípa til þess úrræðis að ógilda ættbækur allra þriggja gotanna og færa fjögur got afkomenda M í viðauka við ættbók.

Niðurstaða foreldragreiningar MATÍS, sem fram fór í framhaldi ákvörðunar siðanefndar um foreldragreiningu þann 3. september 2021, staðfesti að Q gotið væri ekki undan M en V og W got væru undan tíkinni. Fyrir lægi því að röng ræktunartík hefði verið skráð á pörunartottorð við umsókn um ættbókarskráningu á Q goti. Um alvarlegt brot væri að ræða á lögum og reglum HRFÍ og með því tilraun gerð til að skaða trúverðugleika ættbókar.

Þá telur kærandi fyrir liggja að kærðu hafi verið reiðubúnað að ganga langt í því að viðhalda blekkingum um framangreinda skráningu m.a. með því að vanrækja skyldu að mæta með M í sýnatöku og að gefa rangar upplýsingar um dauða hennar. Þessi háttsemi og sá vafi sem hún varpaði á trúverðugleika ættbókar HRFÍ hefði síðan haft áhrif á þriðju aðila sem hefðu átt hunda M eða undan afkomendum M.

Sjónarmið og röksemdir kærðu

Í greinargerð kærðu segir að eina raunverulega álitaefnið í málinu sé Q gotið en búið sé að semja við alla hundaeigendur úr gotinu um ættleysi eins og málið lægi fyrir sbr. fskj. 22. Kærðu byggja á því að öll önnur got hafi fengið fulla staðfestingu MATÍS með DNA-rannsóknnum um það að vera rétt skráð sbr. niðurstöðu MATÍS, dags. 16. júlí 2021 (fskj. 22).

Kærðu byggja á því að hvolpar úr Q goti séu hreinræktaðir Schäferhundar en ekki neinir blendingar en niðurstaða MATÍS þarfnist nánari skoðunar til þess að glöggva sig á því hvaða mistök hafi átt sér stað.

Kærðu byggja á því að Á hafi boðsent bréf (fskj. 18) þann 21 júní 2021 til félagsins um að M væri enn þá lifandi. DNA-sýni hefðu verið send MATÍS og Á myndi tilkynna félaginu um niðurstöðuna. Í stað þess að bíða átekta hefði kærandi ákveðið að senda ranga kæru til siðanefndar og valda með því usla hjá öllum hvolpaeigendum tíkarinnar. Um óskiljanleg vinnubrögð hjá stjórn í áhugafélagi væri um að ræða til að skapa tortryggni og úlfúð milli allra hundaeigenda.

Kærðu telja að við úrlausn málsins beri að hafa í huga að enginn stjórnarmanna hafi svo mikið sem rætt við eða leitað sjónarmiða kærðu og Á og um algjörlega einhliða gagnaöflun hafi verið um að ræða.

Kærandi staðhæfi á bls. 4 í kæru að sér hafi borist ábending en kærðu krefjist þess að verða nánar upplýst um þessa ábendingu hver þetta hafi verið og hvaða gögn þetta séu. Þá leyfði kærandi sér að meta trúverðugleika aðila sem þeir hefðu aldrei hitt sem væri forsenda fyrir mati á trúverðugleika. Mat kæranda væri því að engu hafandi við úrlausn málsins.

Málatilbúnaður kæranda færi gegn öllum meginreglum einka- og sakamálaréttarfars og bæri að mati lögmanns kærðu merki um klára vankunnáttu kæranda. Enginn andmælaréttur væri veittur og engin virðing væri borin fyrir kærðu. Farið væri offari gegn kærðu, Örnú, en svo virtist að reynt væri að gera ævistarf hennar að engu og leggja allt ræktunarstarf hennar í rúst. Þá væru engar kröfur gerðar á hendur eiganda tíkarinnar. Hætta væri á því að stjórn væri skaðabótaskyld, persónulega og fyrir hönd félagsins, vegna allra annarra gota en Q gotsins þar sem réttmætar ættbækur hefðu enn ekki verið afhentar.

Kærðu telja nauðsynlegt að meintur þáttur kærðu verði sundurskilinn og rökstutt sérstaklega hver meintur þáttur hvorrar kærðu fyrir sig er. Kærðu séu tveir sjálfstæðir einstaklingar sem ekki verði spyrtil saman vegna ættartengsla. Hver einstaklingur beri einn ábyrgð á sínum verkum og aðfinnsluvert væri að kærandi teldi að heilu ættirnar beri heildarábyrgð á meintum verkum eins ættmennis, sbr. til dæmis bls. 4 í kæru.

Kærðu byggja á því að þær séu ekki réttir aðilar að málinu og því beri af þeirri ástæðu að sýkna þær. Á eigi ein tíkina og segist bera ábyrgð á öllum gotum hennar. Fyrir liggi að kærða, Arna, hafi selt Á tíkina þann 8. ágúst 2013. Tíkin sé enn lifandi og hafi alltaf verið hjá eiganda sínum sbr. fskj. nr. 3-4 og fskj. 6. Á hafi boðsent bréf til HRFÍ þess efnis og að tíkin væri enn lifandi. Þar komi fram að Á hafi viljað nota Gjósku nafnið í ræktun og væri hún því raunverulegur ræktandi að gotunum þremur með samþykki og blessun kærðu sem voru Á einungis til aðstoðar og leiðbeiningar. Kærða, Arna, tengist því málinu með að hafa aðstoðað Á og leyft gotunum að vera undir ræktunarnafni Gjósku. Gotin og pörun þeirra hefðu verið á ábyrgð Á. Kærða, Arna og Á væru sammála um þetta en kærandi teldi sig vita betur án þess að hafa rætt það við þær. Með aðstoð sinni hafi kærða, Arna, verið að reyna að halda við ræktun sinni og fá hvolpaeigendur til að mæta á hundasýningar og vera í félaginu.

Kærðu byggja á því að kærandi fari vísvitandi með rangt mál (sbr. fskj. 13) þegar talað væri um vísvitandi ranga ræktunartík á eitt, tvö eða þrjú got. Aðeins væri að ræða um eitt got þ.e Q gotið eins og Á hefði rakið í bréfi sinu og kannski hefði því verið rétt hjá kæranda að meta frásögn hennar trúverðuga og sýna henni lágmarksvirðingu a.m.k. með svörum, sýna henni gögn, ganga fram af varfærni, sýna meðalhóf og veita lögmeiltan andmælarétt.

Kærða, Arna, hafi ein stofnað Gjóskuræktun og sé aðalábyrgðarmaður hennar. Kærða, Rúna, hafi verið móður sinni til aðstoðar í þessu áhugamáli þeirra sem hefði tekið yfir meira og minna allt líf þeirra síðustu tvo áratugi. Kærða, Rúna, hefði ekkert með málið að gera. Hún hefði ekki selt Á M og bæri enga sjálfstæða ábyrgð í þessu máli en taldi að allar paranir væru réttar. Sýkna væri eina rétta niðurstaðan gagnvart Rúnu.

Kærðu byggja á því að kæranda hafi borið að hafa mið af grundvallarreglum, sem er m.a. að finna í stjórnsýslulögum nr. 37/1993, við alla valdbeitingu. Staða stjórnar eða framkvæmdastjóra í áhugamannafélagi um hunda væri virðingarstaða og aðilar yrðu að vera meðvitaðir um að beita sér til góðs en aldrei leggjast í einelti gagnvart einstaka hundaeigendum. Búið væri að setja stjórnendum lágmarksvaldsreglur sem þeim bæri að fara eftir þ.e.

stjórnsýslulög og félagsmenn HRFÍ ættu rétt til þess að kærandi valdhafar í þessu máli hefðu lágmarksréttindi í huga.

Kærðu telja að kærandi hafi brotið reglur um sérstakt hæfi, sbr. 4.-6. tölul. 3. gr. stjórnsýslulaga í ljósi óvildar einhverra í garð kærðu og tortryggilega gagna. Þá telja þær að kærandi hafi brotið 10. gr. sömu laga þ.e. hlutlæga rannsóknarreglu. Kærandi hafi brotið gegn jafnræðisreglu 11. gr. með því að hafa ekki minnst á Á, eiganda M, og með því að hafa ekki DNA-prófað öll got allra ræktenda félagsins. Kærendur hafi brotið gegn 12. gr. laganna um meðalhóf en kærandi leyfði sér að krefjast ævilangs banns frá félaginu sem væri fáránleg krafa en næsta skref væri að gera kærðu landlægar frá Íslandi, dæma til ævilangrar útleðar á eyðieyju og jafnvel einnig allt venslafólk og ættmenni þeirra eftir sérstakar DNA-rannsóknir.

Að baki slíkri kröfu geti ekki verið nema tær óvild og mannvonska gegn kærðu. Svipting á ræktunarnafni frá 1998 væri glórulaus krafa við meint fyrsta brot sbr. einnig fyrirbyggjandi úrskurði siðanefndar. Kærandi hafi brotið gegn andmælarétti 13. gr. stjórnsýslulaga gagnvart kærðu og Á. Þá hafi verið brotið gegn 14. gr. laganna þar sem kærðu hefðu ekki fengið neinar tilkynningar og Á hefði ekki verið virt svars. Brotið hefði verið gegn 15. gr. laganna um upplýsingarétt með því að kærðu hefðu ekki fengið neinn aðgang að gögnum og þá hefði verið brotið gegn 19. gr. laganna um skyldu til þess að veita rökstuðning en engar rökraður færu fram og lögmaður kærðu hefði margítrekað kallað eftir fundum sem ekki hefði verið orðið við.

Að mati kærðu liggi fyrir að kærandi hafi ekki virt þessar grundvallarreglur við ákvarðanir í kærumálinu sem gæti varðað ógildi ákvörðunar og að ekkert mark verði á þeim tekið við úrlausn málsins. Við þessar aðstæður væri frávísun málsins frá siðanefnd rétt niðurstaða en ellegar sýkna.

Þá telja kærðu að þar sem kæra hafi verið send á bréfsfni, sem skreytt væri með tengslum við erlendar stofnanir, sé látið að því liggja að samráð hafi verið haft við erlenda aðila. Það sé yfirlætislegt dramb og jafnframt gefið í skyn gagnvart kærðu að erlendar stofnanir séu meðal kæranda þrátt fyrir að engin gögn séu um það í málinu.

Kærðu byggja á því að allir séu mannlegir en eitthvað hafi mistekist með Q gotið sem verið væri að rannsaka. Eins og málið lægi fyrir væru gotin rétt tilkynnt. Enginn hefði verið vísvitandi að rangskrá got og af hverju ætti að gera það. Allt ættbókarfærðir Schäferhundar.

Kærðu vísa til þess að frásögn B (fskj. 6) hafi nákvæmlega enga þýðingu við úrlausn málsins. B hafi hins vegar upplýst um það að hún hafi fengið símtal frá framkvæmdastjóra félagsins sem upplýsti hana um einhver gömul deilumál og bar út kærðu og bað B að senda inn bréfið, en kærðu leggja fram samskipti um það á fskj. 24.

Kærðu byggja á því að það sé ekki hlutverk kæranda að fylgjast með skráningu ættbóka það geri hagsmunaaðilar sem telja reglur vera brotnar. Kærandi rekti ágætlega áhuga sinn á skráningu í ættbók en það kæmi málinu í sjálfu sér ekkert við. Auðvitað reyndu allir að skrá rétt en náttúran tæki stundum völdin. Lögmaður kærðu vissi um tilfelli þar sem tók „braust inn í hús“ þ.e. náði að opna hurð nággranna, fór þar á fund með rakka og átti tíkin síðar hvolpa eigendum til undrunar.

Annars kæmi það oft fyrir að hundur kæmist á tók í laumi og þá óvart jafnvel röng skráning. Þetta vissu allir sem hefðu verið mikið með hunda og yrði stjórnin að hafa í huga að leysa svona mál en ekki stofna til ófriðar. Þá krefðist lögmaðurinn svara um það hvort að sú kjaftasaga væri

rétt að gotskráning frá nafngreindri ræktun hefði verið leiðrétt eftir útgáfu ættbóka vegna rangs ætternis án viðurlaga af hálfu stjórnar eða annarra stofnana félagsins.

Samskonar mál og væri hér til meðferðar ætti að fá sömu meðferð. Þegar um faðernismál manna er um að ræða sé mannfólk ekki beitt viðurlögum eða refsingum og það sama eigi við hér. Ljóst sé að ekki séu öll got rétt skráð hjá HRFÍ en vonandi séu það undantekningartilvik. Ef kærandi teldi að um alvarlegt mál væri að ræða yrði hann að gæta jafnræðis í aðgerðum sínum og láta rannsaka DNA í öllum tilkynntum gotum. Ekki væri fagleg vinnubrögð að bregðast við með þessum látum gegn kærðu og Á í málinu. Skynsamlegast væri að leysa málið og finna lausn sem færi farsæl fyrir alla þ.m.t. kærðu og Á.

Þá áréttu kærðu að Q gotið séu hreinræktaðir hundar en ekki blendingar og ræktunarsjónarmið væru ekki hættu ef það væri vilji og tilgangur félagsins að koma i veg fyrir blendingsgot.

Kærðu byggja kröfur sínar m.a á lágmarksgrundvallarreglum stjórnisýsluréttar, meginreglum einkamála- og sakamálaréttarfars um kröfur til sönnunar, mat á trúverðugleika vitna og aðila og almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í tölvupósti lögmanns kærðu, dags. 31. ágúst 2021 (fskj. 49) sagði að bréf MATÍS, s.d. (fskj. 46) um foreldragreiningu á goti sem fram fór í júní 2010, staðhæfði að stökkbreyting hefði orðið í Q goti og því væri réttindasvipting kærðu í málinu röng. Kærðu gerðu því þær kröfur að bráðabirgðasvipting yrði tafarlaust felld niður og kærðu beðnar afsökunar.

Í tölvupósti lögmanns kærðu, dags. 9. október (fskj. 89) byggja kærðu á því að komið hafi á daginn að kæra stjórnar hafi verið röng og stjórn virtist vera að leiðrétta fyrri ákvarðanir og senda um 40 hundaeigendum tilkynningar um að ógilding ættbóka hafi verið gönuhlaup. Öll got sem tengt séu kærðu og Á séu réttilega færð til bókar. Samkvæmt því ætti hlutlaus siðanefnd að fella bráðabirgðaúrskurð úr gildi og reyna sáttafund.

Þá byggja kærðu á því að þær hafi ástæðu til að ætla að ákveðin klíka í HRFÍ sé að nota völd sín til þess að klekkja á kærðu og valda þeim álitshnekki sem hundaræktendum. Í því samhengi var vísað til þess að fyrrverandi formaður stjórnar HRFÍ hafi borið illan hug til kærðu, Rúnu, vegna fyrri samskipta þeirra og kæran væri því sett fram vegna hefndarhugs sama aðila í garð kærðu, Rúnu.

Í viðbótargreinargerð kærðu er á því byggt að enginn hefði komið fram og sagt að Á ætti ekki M eða Q gotið.

Kærðu byggja á því að gögn sem fyrir liggja á fskj. 73-78, þ.e. samskipti kærðu, Rúnu, við G kaupanda hvolps í gotinu og undirritaður kaupsamningur, hefðu ekkert með eignarhald á Q gotinu að gera. Kærða, Rúna, hafi aðstoðað Á við sölu á hvolpum í vefheimum en Á hafi fundist erfitt að selja hvolpa sína og væri ekki mjög tæknilega sinnuð. Það breytti því ekki að umræddur kaupandi, sem hefði keypt hvolp í september 2019, skilað aftur í febrúar 2020 vegna ofnæmis og Á hefði látið endurgreiða hluta fjárhæðar til, hafi ekkert vægi í málinu. Kærðu hefðu báðar aðstoðað fjölda hundaeigenda við uppeldi, sýningar og solumál án endurgjalds. Það væri ekki gott ef viðtakandi vissi ekki af hjálpsemi án endurgjalds. Framlögð skjöl nr. 73-78 þyrfti að skoða með þetta í huga.

Í viðbótargreinargerð er greint frá því að lögmaður kærðu hafi reynt að hringja í fyrrgreinda G til þess að spyrja hana hvernig það hefði komið til að hún sendi bréf til siðanefndar um mál

sem trúnaður ætti að vera um. G hafi ekki svarað tölvupóstum eða síma og sé með skráð lögheimili í Bretlandi. Upplýsa þurfi um hver hafi fengið hana til að hafa samband, hvern hún þekki í siðanefnd, þekki hún löglærðan fulltrúa, hvort hún hafi verið í persónulegum samskiptum við einhverja hjá félaginu, hvort henni hafi kannski verið bannað að svara kærðu. Siðanefnd og löglærðum fulltrúa beri að upplýsa kærðu um öll tengsl og samskipti við hana.

Kærðu byggja á því að siðanefnd hafi ekki farið að lögum félagsins við meðferð málsins en óumdeilt væri að siðanefnd hélt engan fund, gætti ekki að meðalhófi, að andmælarétti kærðu auk fleiri stjórnsýslubrota.

Kærðu vísa til þess að niðurstaða MATÍS, frá 31. ágúst 2021, staðfesti að stökkbreyting hafi orðið á árinu 2010 þannig að DNA samræmi mældist ekki milli hvolps og móður. Sama aðstaðan sé uppi í þessu máli en samkvæmt niðurstöðu MATÍS, dags. 4. október sl. hafi stökkbreyting orðið í Q goti en einungis 1% líkur hafi verið á þessari niðurstöðu. Kærðu byggja því á allar stökkbreytingar séu þróun og siðanefnd eigi að vita að DNA sé ekki óbreytanlegt milli niðja og allar framfarir dýra og manna verði í gegnum slíkar stökkbreytingar. Kærðu vísa hér til viðtals við forstjóra Íslenskrar Erfðagreiningar í Fréttablaðinu um að stökkbreytingar á DNA í Íslendingum sé á bilinu 4-5%.

DNA rannsóknir leiði í ljós að öll gotin séu því rétt færð enda stökkbreytingar algengari en margur hefði haldið. Þetta styðjist við niðurstöður dr. med. vet. [...] dýralæknis. Þá hefði fagstjóri hjá MATÍS tekið undir skoðun [...] en ekki viljað gera það skriflega sökum ofsafenginna banna siðanefndar félagsins. Siðanefnd hefði hins vegar komið í veg fyrir að Á spyrði spurninga eða fengi neitt skriflegt í hendur. Um ótrúlega og ólögmetra framkomu siðanefndar og kæranda væri um að ræða.

Kærðu vísa til þess að athugunarefni sé með Q gotið hvað það hafi verið fallegir hundar og því um líklegar góðar stökkbreytingar um að ræða sem kærandi hefði svipt réttindum sem hreinræktaðir Schäferhundar.

Þá byggja kærðu á því að þær hafi aldrei sætt viðurlögum vegna brota á lögum eða reglum félagsins, hafi verið farsælir ræktendur og sýnendur um árabíl og enginn viðsemjenda kærðu hafi kært viðskipti með hunda til félagsins. Þrátt fyrir það væri slíkur gassagangur að bráðabirgðareka félagi.

Kærðu áréttu að kæra í málinu virðist grundvallaðar á hefndaraðgerðum gegn kærðu, Rúnu og um samstilltar aðgerðir fyrrverandi formanns, löglærðs fulltrúa siðanefndar og nafngreinds félagsmanns sé um að ræða um það að reka kærðu úr félaginu.

4.2. Brot á skyldum kærðu sem ræktendur að mæta með hunda til sýnatöku

Sjónarmið og röksemdir kæranda

Kærandi byggir á því að kærðu hafi gerst brotlegar á skyldum sínum sem ræktendur HRFÍ með því að mæta ekki með hunda úr ræktun sinni til sýnatöku til sönnunar á ætterni. Kærandi byggir hér m.a á því að kærðu hafi ekki mætt með J til sýnatöku, en hundurinn sé í sameiginlegri eigu kærðu og Á.

Kærandi rekur að eftir að framkvæmdastjóri félagsins hafi óskað eftir því að mætt yrði með J til sýnatöku hafi kærða, Arna, hinn 23. mars 2021, svarað að rakkinn hafi rétt í þessu farið norður í land til pörunar. Kærða, Arna, hafi síðan þann 6. apríl 2021 sent tölvupóst þess efnis að J væri týndur á Holtavörðuheidi en að mætt yrði með hann til sýnatöku þegar hann kæmi til byggða.

Kærandi byggir á því að staðhæfingar kærðu um það að J hafi týnst á Holtavörðuheidi séu ótrúverðugar. Í fyrsta lagi hafi fódureigandi upplýst um aðdraganda þess að kærða, Arna, hafði samband með afar skömmum fyrirvara til þess að fara með rakkann til pörunar norður í land. Kærða, Arna, hafi ekki gefið sér tíma til þess að taka taum eða sérfóður hundsins með þótt hundurinn yrði í burtu í nokkra daga. Í öðru lagi sé með öllu ótrúverðugt að kærðu hafi ekki getað upplýst félagið samkvæmt beiðni um nafn tíkur (og eiganda hennar) sem para átti J við né nafn öikumanns/umsjónarmanns J þegar hann var sagður týndur. Svör kærðu yrði að skoða í samhengi við svör á samfélagsmiðlum þegar fólk bauðst til að aðstoða við að finna hundinn. Hér þyrfti að horfa til þeirrar atburðarásar að J hefði týnst í beinu framhaldi þess að félagið hefði beiðið um að mætt yrði með hundinn til sýnatöku. Í þriðja lagi hafi kærða, Arna, lýst því yfir á umræðuþræði á Facebook þann 28. júní sl. að J væri löngu fundinn, en þrátt fyrir það hefði ekki verið mætt með hundinn til sýnatöku.

Í viðbótargreinargerð kæranda er á því byggt að kærðu hafi vanrækt þá skyldu sína að mæta með M til DNA sýnatöku og þá hafi félaginu verið veittar þær röngu upplýsingar að tíkin væri dauð. Annars vegar með yfirlýsingu eiganda M 22. febrúar og hins vegar af kærðu, Rúnu, með tölvupósti þann 14. apríl 2021.

Kærandi byggir á því í viðbótargreinargerð að kærðu hafi verið reiðubúnað að ganga langt í því að viðhalda blekkingum um ranga skráningu Q gotsins þ.e. með því að vanrækja skyldur sínar að mæta með M til sýnatöku og hins vegar með því að veita rangar upplýsingar um dauða hennar.

Sjónarmið og röksemdir kærðu

Kærðu byggja hér á því að Á sé aðaleigandi og innflytjandi J samkvæmt umskráningu hundsins í ættbók félagsins. Kærðu byggja hér á því að ekki hafi verið rætt við Á eiganda en ef hundur væri ekki við höndina væri það afsakanlegur ómöguleiki.

Kærðu hafi mætt með alla hunda til DNA rannsókna sem þær gátu og hefði ekki getað komið til erfðafræðirannsókna nema vegna þeirrar aðstoðar. Kærðu byggja á því að Á sé eigandi M og J, einhver annar en þær hafi týnt J en kærðu héldu um tíma að Á hefði fellt M. Um sé að ræða mál sem ekki eigi undir síðanefnd.

Kærðu byggja jafnframt á því að framlögð skjöl með kæru nr. 10-12 hafi nákvæmlega enga þýðingu við úrlausn málsins.

4.3. Neitun á að veita upplýsingar eða svara fyrirspurnum með útúrsnúningum

Sjónarmið og röksemdir kæranda

Kærandi byggir á því að kærðu hafi með þeirri háttsemi að neita að veita upplýsingar eða svara fyrirspurnum með útúrsnúningum í tölvupósti þann 14. apríl 2021 brotið gegn skyldum ræktenda að veita félaginu umbeðnar upplýsingar sem varða ræktun þeirra þ.e. annars vegar vegna andláts M og hins vegar vegna pörunar og hvarfs J.

Kærandi telur að um eðlilegar spurningar hafi verið um að ræða sem kærðu hafi borið að svara um ræktun sína enda hafi félagið verið með því að reyna að varpa ljósi hvað hefði komið fyrir tík og rakka sem óskað hafði verið eftir DNA-rannsókn á.

Kærandi heldur því fram að ótrúverðugt sé að kærðu hafi ekki getað upplýst um nafn tíkur og eiganda sem J skyldi paraður við eða nafn umsjónarmanns J þegar hann átti að hafa týnst á Holtavörðuheidi. Verði að skoða svör kærðu í samhengi við það að atburðarás um hvarf J varð í beinu framhaldi þess að óskað var eftir beiðni um sýnatöku úr J. Með þessu hafi kærðu því veitt rangar upplýsingar til félagsins.

Röksemdir kærðu

Kærðu byggja hér á því að þær hafi svarað með sínum hætti og finna að því hvernig kærandi gefur einkunnir fyrir svörin.

Kærðu telja að kærandi og framkvæmdastjóri ættu að líta hér í eigin barm þar sem fátt hefði verið um svör frá því að lögmaður þeirra tók að sér samskipti við félagið. Lögmanninum hafi ekki verið veittar umbeðnar upplýsingar eða gögn frá kæranda eða framkvæmdastjóra félagsins. Þá hafi framkvæmdastjóri virst hafa verið í gagnavinnu gegn kærðu þ.e. að fylgjast með hesthúsi, fara þar inn og taka sýni úr tík. Í framhaldinu hefði verið haldinn neyðarfundur hjá kæranda um að nota sýnin en greina ekki frá hvernig þeirra var aflað. Þá hafi verið haft eftir framkvæmdastjóra að hann ætlaði sér að reka kærðu úr félaginu með einum eða öðrum hætti.

Kærðu byggja á því að fara þurfi yfir hvort að framkvæmdastjóri með samþykki stjórnar félagsins hafi lagst í njósnir og húsbrot í því skyni að klekkja á kærðu.

4.4. Eigendabreyting á dauðum hundi í því skyni að tryggja aðila atkvæðisrétt í Schäfer-deild

Sjónarmið og röksemdir kæranda

Kærandi byggir hér á því að kærðu hafi orðið uppvísar að fölsun og kosningasvindli með því að afhenda tilkynningu um eigendaskipti á tíkinni W, sem kærðu vissu að væri dauð, og þannig veitt D, sambýlismanni, kærðu, Rúnu, atkvæðisrétt sem hann átti annars ekki rétt til samkvæmt reglum félagsins. Kærðu hafi því veitt félaginu vísvitandi rangar upplýsingar um hund og eiganda í ættbók með það að markmiði að hafa áhrif á lýðræðislegt kjör stjórnar ræktunardeildar félagsins.

Kærandi byggir hér á því að kærða, Arna, hafi sent félaginu staðfestingu dýralæknis um það að W hefði verið felld þann 11. júní 2019. Síðar hafi kærða, Arna, viðurkennt í tölvupósti til félagsins (fskj. 10) að eigendaskiptin hafi verið gerð í þeim tilgangi að tryggja sambýlismanni kærðu, Rúnu, atkvæðisrétt á ársfundi Schäferdeildar og kærðu hafi nýtt sér það að tíkin hefði verið skráð lifandi í bókum félagsins.

Í viðbótargreinargerð byggir kærandi á því að kæruliðnum hafi ekki verið mótmælt og verði því að teljast staðfest að kærðu hafi ranglega staðið að eigendaskiptum á hundi sem þá hafi verið dauður.

Kærandi vísar til þess að með háttsemi kærðu hafi einstaklingi verið ranglega veittur kosningaréttur og kjörgengi sem eitt og sér fari gegn 20. gr. laga félagsins án tillits til þess hvort að viðkomandi hafi nýtt sér svo fenginn kosningarétt eða kjörgengi.

Sjónarmið og röksemdir kærðu

Kærðu byggja á því að kærandi leyfi sér ítrekað að bera refsilagabrot á kærðu en staðhæfingum kæranda samkvæmt þessum lið kærðu sé harðlega mótmælt. D, sem sé ofurgáfaður forritari, hafi hvorki boðið sig fram né hafi hann kosið á aðalfundi Schäferdeildar og því hafi ekkert brot átt sér stað. Til stuðnings þessu leggja kærðu fram afrit af fundargerð aðalfundar Schäferdeildar árið 2020 sem staðfestir að engin kosning fór þar fram, stjórnarmenn voru sjálfkjörnir, en 30 manns hafi verið á fundinum.

Kærðu byggja hér á því að kærandi verði að útskýra nánar staðhæfingar sínar um refsiverða fölsun og kosningasvindl. D sé áhugamaður um hunda og þess vegna vildi hann inn í félagið. Að það varði viðurlögum sé klár vitleysa eða vinni gegn hagsmunum félagsins. Læknisvottorð staðfesti dánartíma W og enginn ásetningur hafi verið hér til að blekkja félagið.

4.5. Ummæli um framkvæmdastjóra í tölvupósti 16. apríl 2021

Sjónarmið og röksemdir kæranda

Kærandi byggir hér á því að í ummælum í tölvupósti kærðu, Rúnu til félagsins þann 16. apríl 2021 hafi falist meiðyrði um framkvæmdastjóra félagsins, þar sem hún hefði verið sökuð um refsiverða háttsemi og freklega varpað rýrð á störf hennar í þágu félagsins.

Í tölvupóstinum hefði verið slengt fram þeirri fullyrðingu að framkvæmdastjóri hafi gerst sekur um húsbrot og eins að hún legði einstaka félagsmenn í einelti í störfum sínum. Fullyrðingarnar hafi verið rangar og til þess eins að kasta rýrð á persónu og störf framkvæmdastjórans. Með þeim hafi kærðu gerst sekar um brot gegn gr. 2.1. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ þar sem félagsmönnum er gert að tjá sig hvorki meiðandi um félagið né félagsmenn.

Kærandi telja að framkvæmdastjóri hafi með framangreindum ummælum verið ásakaður um brot gegn hegningarlögum, nánar tiltekið innbrot, tilbúning og fölsun gagna og sett hefði verið fram hótun að kæra framkvæmdastjóra til lögreglu fyrir þá sök. Kærandi sér ekki neitt athugavert við það að að setja fram kvartanir, en órökstuddar ávirðingar um refsiverða hegðun gangi langt yfir velsæmismörk. Kærðu, sem báðar undirrita bréfið, hafi með þessu meitt æru framkvæmdastjóra félagsins.

Í viðbótarargreinargerð vekur kærandi athygli siðanefndar á því að ávirðingar á hendur framkvæmdastjóra hafi ekki verið dregnar til baka. Þá hafi lögmaður kærðu hótad framkvæmdastjóra kæru vegna áburðarins.

Þá er jafnframt vakin athygli á því að samkvæmt fskj. 26 sem kærðu lögðu fram í málinu muni P hafa dregið til baka þær ávirðingar á hendur framkvæmdastjóránnum að hann hafi brotist inn í hesthús í því skyni að afla lífsýnis.

Sjónarmið og röksemdir kærðu

Kærðu byggja á því að ummæli í fyrrgreindum tölvupósti: *Einnig heyrum við að framkvæmdastjóri félagsins hafi brotist inn hjá vinafólki okkar í leit að hundum til að taka dna úr, þrátt fyrir að reglur félagsins segir skýrt að dna þurfi að taka af dýralækni... ætli þetta sé kjaftasaga – ef þetta er rétt er það húsbrot og kæránlegt af húseiganda til lögreglu. sé ekki staðhæfing um refsiverða háttsemi heldur hafi stjórn félagsins verið upplýst um sögur til kærðu og Á.*

Kærðu telja fráleitt að það eigi undir valdsvið síðanefndar að meta þessa kjaftasögu sérstaklega og beri alltaf að vísa þessu frá nefndinni. Á væntanlegum fundum hjá síðanefnd verði framkvæmdastjórinn spurður um aðkomu sína að málinu og sérstaklega skoðað hvort hann hafi farið offari í þessu máli, hverjir hafi veitt honum upplýsingar og hver hafi haft frumkvæði að efnisöflun.

Kærðu byggja á því að það sé grátbroslegt að kærandi leyfi sér í sama bréfi að bera kærðu öllum hugsanlegum og óhugsanlegum sökum en ekki megi svara framkvæmdastjóra og upplýsa hana um sögur/ábendingar sem bárust kærðu, Rúnu, um að framkvæmdastjórinn stæði í meintri gagnaöflun gegn kærðu. Hefði farið óboðinn inn í hestús Á og væri að hringja í fólk með gróusögum sbr. þau skjöl sem kærðu legðu fram.

Eins og málið væri vaxið og til að taka af allan vafa væri skorað á síðanefnd að beina þeirri spurningu til framkvæmdastjóra og kæranda að upplýsa um aðkomu framkvæmdastjórans að þessu kærúmáli. Stóð framkvæmdastjóri að einhverri gagnaöflun til þess að búa til kæru í málinu, fór hann í hestús í leit að hundi og hvort að framkvæmdastjórinn hefði átt frumkvæði að þessari kæru og hefði fengið blessun kærandi stjórnar?

Kærðu vísa hér til upplýsinga á fskj. 26 sem þær leggja fram um þá aðila á vefheimum sem bera framkvæmdastjórinn sökum en fróðlegt verði að sjá hvaða aðfinnslur þessir aðilar fá frá kæranda.

4.6. Tilraun til pörunar rakka við ónefnda, óættbókarfærða tík

Sjónarmið og röksemdir kæranda

Kærandi byggir á því að kærðu hafi í tölvupósti til félagsins 14. apríl 2021 (fskj. 13) viðurkennt að J hafi verið sendur norður til Akureyrar í þeim tilgangi að para hann við tík sem ekki var ættbókarfærð hjá félaginu.

Kærðu hafi neitað að veita frekari upplýsingar þar um og hafi með því gerst brotlegar við gr. 2.1. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn. Samkvæmt ákvæðinu beri félagsmanni einungis að nota hunda, sem eru ættbókarfærðir hjá félaginu eða öðru félagi sem félagið viðurkennir ættbækur frá, til ræktunar.

Sjónarmið og röksemdir kærðu

Kærðu byggja á því að ekki hafi orðið af pörun og því sé ekkert sem unnt sé að taka til meðferðar. Kærðu telja að kæruliðurinn sanni beinlínis staðfestan hug kæranda að vilja kærðu allt til miska. Að spá í að setja hund á tík en gera það svo ekki sé 10000% ekki brot á neinum reglum og því viðurlagalaus.

Þá vísa kærðu jafnframt til fskj. 27 og 29 í þessu sambandi sem er annars vegar samantekt og samskipti nafngreinds aðila við félagið um leiðbeiningar framkvæmdastjóra vegna umskráningar á erlendri tík sem ætlun var að para, en hins vegar samantekt um feril kærðu, Örnú, sem ræktanda.

5. Forsendur og niðurstaða siðanefndar

5.1. Aðalkrafa og varakrafa kærðu

Um kæruehimild stjórnar, almennt hæfi og valdsvið nefndarinnar

Siðanefnd Hundaræktarfélagsins er sjálfstæð nefnd kjörin á aðalfundi félagsins ár hvert samkvæmt 26. gr. laga félagsins. Siðanefnd sækir umboð sitt beint til aðalfundar félagsins en ekki stjórnar þess. Siðanefnd lýtur því ekki boðvaldi stjórnar félagsins eða annarra eininga innan félagsins.

Hlutverk siðanefndar er samkvæmt 26. gr. laga þess að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda. Siðanefnd úrskurðar í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

Um kæruehimild til siðanefndar félagsins er fjallað um í 27. gr. laga félagsins. Þar segir að siðanefnd komi saman þegar fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Með hugtakinu stofnun er átt við sérhverja þá starfseiningu sem starfar eða sett er á fót samkvæmt ákvæðum laga félagsins eða með heimild í lögum þess. Með hliðsjón af því er vafalaust að stjórn HRFÍ, sem er kjörin og starfar samkvæmt lögum félagsins, er stofnun í skilningi 27. gr. laga félagsins. Samrýmist þetta jafnframt langri og venjuhelgaðri úrskurðaframkvæmd siðanefndar þar sem til meðferðar eru m.a. kærur sem berast frá skrifstofu félagsins eða einstaka deildum gegn félagsmönnum, vegna ágreinings um brot á lögum eða reglum félagsins.

Með vísan til þessa skortir stjórn félagsins hvorki heimild til þess að skjóta málum til siðanefndar né takmarka lög félagsins að stjórn beri fram kæru að öðru leyti. Að þessu athuguðu hefur *Hrd. 30/2019* um aðildarhæfi stjórnar Lögmannafélags Íslands sem kærðu vísa til ekki fordæmisgildi í þessu máli enda alls ólíku saman að jafna.

Af framangreindu leiðir að siðanefnd skortir ekki almennt hæfi til þess að fjalla um kærur sem stjórn félagsins beinir til nefndarinnar. Um þær kærur fer að samkvæmt lögum félagsins og þeim málsmeðferðarreglum sem siðanefnd hefur sett sér enda nýtur stjórn félagsins sömu réttinda og ber sömu skyldur og aðrir þeir sem kæra mál til nefndarinnar.

Röksemdir þær sem kærðu færa fram um almennt hæfi siðanefndar til þess að taka fyrir kæru stjórnar félagsins þ.e. að siðanefnd eigi erfitt um vik að fjalla um kærur stjórnar félagsins geta því ekki leitt til frávísunar málsins.

Kærðu telja að vísa beri fimmta lið kæru þ.e. ummæli kærðu um framkvæmdastjóra frá siðanefnd þar sem sú háttsemi sem þar er lýst falli ekki undir valdsvið siðanefndar. Kærðu vísa hér til *úrskurðar siðanefndar í máli nr. 27/2010* en í málinu var kæru um ummæli félagsmanns

sem beindist að öðrum félagsmanni vísað frá nefndinni þar sem hún var ekki talin falla undir valdsvið siðanefndar samkvæmt þágildandi 26. gr. laga félagsins.

Í fimmta lið kærunnar er rakið að kærandi telji tiltekin ummæli í tölvupósti kærðu, dags. 16. apríl 2021, hafi verið meiðandi gegn framkvæmdastjóra félagsins og þar með hafi kærðu brotið gegn gr. 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Þann 1. júní 2014 tóku endurskoðaðar grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ gildi. Í reglunum var meðal annars að finna það nýmæli í gr. 1.2. að félagsmenn í HRFÍ skyldu hvorki tjá sig meiðandi um félagið né félagsmenn.

Að því athuguðu verður fimmta kærulið ekki vísað frá nefndinni með vísan til *úrskurðar siðanefndar í máli nr. 27/2010* enda hefur úrskurðurinn ekki lengur fordæmisgildi eftir fyrrnefndar breytingar á grundvallarreglum félagsins.

Að því athuguðu skortir siðanefnd hvorki vald né almennt hæfi til þess að taka málið til meðferðar samkvæmt lögum félagsins eða málsmeðferðarreglum.

Sérstakt hæfi siðanefndar

Kærðu hafa undir rekstri málsins staðhæft að siðanefnd og þá einkum löglærður fulltrúi séu vanhæf til meðferðar málsins.

Siðanefnd tekur fram í upphafi að siðanefnd hefur við meðferð málsins tekið afstöðu til framkominna röksemda kærðu um vanhæfi eftir því sem þær hafa komið fram þ.m.t. á fundum 26. ágúst og 27. október sl. Siðanefnd hefur þar komist að niðurstöðu um það að hvorki nefndin né löglærður fulltrúi séu vanhæf til meðferðar málsins.

Af málatilbúnaði kærðu, sem hvorki er skýr eða glöggur hvað þetta varðar, að ráða eru staðhæfingar um vanhæfi siðanefndar og/eða löglærðs fulltrúa í *fyrsta lagi* þær að siðanefnd hafi komið að gerð kæru í málinu með kæranda, átt samráð við kæranda undir rekstri málsins og hafi ásamt löglærðum fulltrúa sýnt í verki við meðferð málsins að hún væri hlutdræg með kæranda en mótdræg kærðu, í *öðru lagi* að löglærður fulltrúi hafi að undirlagi fyrrverandi formanns komið málinu í kærufarveg í því skyni að ná fram hefndum gegn kærðu, Rúnu. Áður hefði löglærður fulltrúi mælt fyrir á aðalfundi HRFÍ að brot gegn lögum félagsins yrðu ófyrnanleg sökum heiftar í garð kærðu Rúnu. Í *þriðja lagi* hefði löglærður fulltrúi brotið gegn réttindum kærðu við meðferð málsins þ.m.t. með því að banna gagnaöflun og eiga í beinum samskiptum við kæranda og þannig sýnt í verki að hann ætlaði sér að ná fram fyrirframgefni neikvæðri niðurstöðu í málinu gegn kærðu.

Um sérstakt hæfi siðanefndar gilda 2. gr. málsmeðferðarreglna sem eru samsvarandi ákvæði 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um sérstakt hæfi við meðferð stjórnarsýslumála. Kærðu hafa ekki bent á einstaka töluliði 2. gr. málsmeðferðarreglna til stuðnings staðhæfingum sínum um ætlað vanhæfi siðanefndar. Siðanefnd leggur til grundvallar að staðhæfingar kærðu um vanhæfi eigi fyrst og fremst undir 4. tölul - 6. tölul. 2. gr. reglnanna þ.e. ef aðili hefur komið að máli á vegum HRFÍ áður en kæra berst siðanefnd, ef hann á sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta og ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni nefndarmanns í efa með réttu.

Hvað *fyrsta liðinn* varðar hafði siðanefnd eða löglærður fulltrúi hvorki afskipti af gerð kæru í máli þessu né átti í samstarfi við kæranda um gerð hennar líkt og staðfest hefur verið sérstaklega

Í tölvupóstum til lögmanns kærðu þann 30. og 31. ágúst sl. Þrátt fyrir það hefur lögmaður kærðu í samskiptum við siðanefnd ítrekað fullyrt að siðanefnd sé vanhæf og þá á þeim grundvelli að framkvæmdastjóri félagsins hefði fullyrt þetta við hann í samtali 27. júlí 2021. Framkvæmdastjóri neitaði því í tölvupósti til lögmannsins 10. ágúst 2021 að hafa viðhaft þessi ummæli í samtalinu. Eru staðhæfingar kærðu því hér í einu og öllu staðlausar.

Að öðru leyti verður ráðið að kærðu byggi staðhæfingar sínar um vanhæfi siðanefndar á þeim grundvelli annars vegar að nefndin sé mótdræg þeim í verki með þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið um málsmeðferð undir rekstri málsins. Af þessu draga kærðu ályktun um það að huglæg afstaða siðanefndar sé með þeim hætti að hún sé þeim mótdræg. Að sama skapi telja kærðu að ákvarðanir siðanefndar sýni að siðanefnd hafi verið hlutdræg og dregið taum kæranda. Er hér einkum að ræða ákvarðanir siðanefndar um að synja kærðu um gagnaöflun í málinu, heimila ekki skýrslutökur eða málflytning eða beina því ekki til kæranda að leggja fram gögn og upplýsingar sem kærðu telja að afla beri. Kærðu telja þetta bera vott um það að siðanefnd vilji komast að geðþóttaniðurstöðu í málinu gegn þeim með því að koma í veg fyrir að hið rétta komi í ljós.

Hvað það varðar er ljóst að það er á forræði siðanefndar að ákveða málsmeðferð þeirra mála sem rekin eru fyrir nefndinni en ekki aðilanna.

Siðanefnd hefur talið að kröfur kærðu um gagnaöflun vegna foreldragreiningar, krafa um skýrslutökur fyrir nefndinni, að kærandi svari tilteknum spurningum eða leggi fram frekari gögn séu bersýnilega tilgangslausar til frekari upplýsinga eða sönnunar í ljósi kæruefnis, gagna, og þá skriflegra greinargerða aðila sem liggja fyrir í málinu. Þá er málsmeðferð fyrir siðanefnd að meginstefnu til skrifleg og mál ekki flutt munnlega fyrir nefndinni.

Af synjun á kröfum kærðu í málinu um málsmeðferð, sem siðanefnd hefur jafnframt rökstutt ítarlega, verður því engin sú ályktun dregin að nefndin sé mótdræg kærðum, dragi taum kæranda, eða vilji komast að fyrirframákveðinni niðurstöðu í málinu. Siðanefnd hefur áréttað undir rekstri málsins að hún hafi engin þau tengsl, hagsmuni eða afstöðu gagnvart aðilum málsins að vanhæfi hennar valdi. Kærðu hafa ekki bent á nein gögn sem staðreyna þær staðhæfingar sem þær setja fram um ætlað vanhæfi nefndarinnar heldur byggja þær allar á huglægri afstöðu og ályktunum kærðu um ætluð tengsl, hagsmuni eða afstöðu nefndarmanna í þeirra garð.

Staðhæfingum kærðu um vanhæfi siðanefndar á þessum grundvelli er því alfarið hafnað sem staðlausum.

Í öðru lagi hafa kærðu haldið því fram að löglærður fulltrúi siðanefndar hafi komið málinu í kærufarveg að undirlagi eða í samstarfi við fyrrverandi formann félagsins í því skyni að ná fram hefndum gegn kærðu, Rúnu. Til stuðnings þessu byggja kærðu á því að löglærður fulltrúi hafi á aðalfundi HRFÍ í maí 2021 mælt fyrir lagabreytingu um ófyrnanleg brot sökum heiftar í garð kærðu, Rúnu, og hann hafi síðan tekið sæti í siðanefnd í kjölfarið.

Siðanefnd tekur hér fram að nefndin óskaði eftir því að fyrra bragði að löglærður fulltrúi aðstoðaði við meðferð málsins, í ljósi umfangs þess, líkt og heimilt er samkvæmt lögum félagsins, sem löglærður fulltrúi samþykkti að veita. Löglærður fulltrúi hafði hins vegar enga vitneskju um mál þetta eða aðdraganda þess fyrr en siðanefnd óskaði eftir aðstoð hans.

Löglærður fulltrúi gegnir engum trúnaðarstöfum fyrir hönd félagsins, er hvorki ræktandi og tekur ekki þátt í störfum félagsins, utan þess að hann hefur um árabíl samþykkt að stjórna aðalfundum félagsins og sitja þar í kjörstjórn og átti sæti sem varamaður í siðanefnd um tveggja ára skeið og laganefnd þess um eins árs skeið. Þá sagði löglærður fulltrúi sig jafnframt úr félaginu eftir að hann samþykkti að taka sæti í máli þessu. Löglærður fulltrúi uppfyllir því það skilyrði að öllu leyti ákvæði 27. gr. laga félagsins að vera utan félagsins.

Þá hefur löglærður fulltrúi engin þau tengsl við kærendur, fyrrverandi formann félagsins, eða aðra að hann sé vanhæfur í málinu samkvæmt 2. gr. málsmeðferðarreglna. Þá hefur löglærður fulltrúi, sem hefur upplýst siðanefnd um að hann muni ekki eftir því að hafa átt samskipti við kærðu fyrir mál þetta, staðfest að hann hafi enga þá huglæga afstöðu í þeirra garð eða öndverða hagsmuni gagnvart þeim að það valdi vanhæfi hans að öðru leyti.

Kærðu byggja öðrum þræði staðhæfingar sínar um ætlaðan hefndarhug löglærðs fulltrúa á því að hann hafi tekið til máls á aðalfundi félagsins sem fram fór þann 31. maí 2021 og mælt þar fyrir hlutlægi ábyrgð á skráningu ættbóka, ófyrnanlegri ábyrgð og reynt þar afturvirkar refsingar. Af málatilbúnaði kærðu verður ráðið að þær telji að ummæli löglærðs fulltrúa undir liðnum lagabreytingar hafi í raun stafað af óvild hans í garð kærðu, Rúnu og verið liður í samanteknum ráðum hans og fv. formanns félagsins að koma höggi á kærðu, Rúnu, sem grundvöllur máls þessa er reistur á.

Fyrir aðalfundi félagsins þann 31. maí sl. lá tillaga til breytingar á 3. mgr. 28. gr. laga félagsins þess efnis að takmörkun á beitingu viðurlaga vegna brota sem hefðu átt sér stað fimm árum eða síðar tæki ekki til falsaðra ættbóka. Stjórn félagsins lagði fram þá breytingartillögu á fundinum að ákvæði 3. mgr. 28. gr. laganna yrði fellt út í heild sinni þ.m.t. fyrrgreind tímatakmörkun. Á fundinum, sem löglærður fulltrúi hafði tekið að sér að stýra, tók hann til máls til stuðnings breytingartillögu stjórnar um að fimm ára tímamark yrði fellt úr lögum félagsins líkt og fram kemur í fundargerð þeirri sem kærðu leggja fram.

Staðhæfingar kærðu um það að löglærður fulltrúi hafi lagt til hlutlæga ábyrgð á skráningu ættbóka eða að ákvæðið gildi afturvirkir er röng og fær enga stoð í fundargerð sem kærðu hafa lagt fram með viðbótargreinargerð sinni í málinu. Þá reynir ekki á 5 ára tímamark samkvæmt þágildandi ákvæði 3. mgr. 28. gr. laga félagsins í máli þessu enda áttu atvik þau sem eru til grundvallar í málinu sér stað á árabílinu 2017-2021.

Einhliða staðhæfingar um ætlaða óvild löglærðs fulltrúa í garð kærðu, Rúnu, eða þær ávirðingar að löglærður fulltrúi hafi átt í samstarfi við fyrrverandi formann félagsins eða kæranda í því skyni að koma höggi á kærðu hér fyrir siðanefnd þ.m.t. á aðalfundi félagsins, fá engan stuðning í framlögðum gögnum né að öðru leyti. Að sama skapi áréttar siðanefnd að enda þótt löglærður fulltrúi hafi verið fenginn til þess að aðstoða siðanefnd við meðferð málsins er það eftir sem áður siðanefnd sem tekur ákvarðanir um málsmeðferð og úrskurðar í málinu. Staðhæfingar kærðu, sem fela þess utan í sér alvarlegar aðdróttanir, eru því að mati siðanefndar með öllu tilhæfulausar.

Í þriðja lagi staðhæfa kærðu að löglærður fulltrúi hafi sýnt í verki óvild eða að hann sé mótdrægur kærðu við meðferð málsins þ.m.t. með því að banna gagnaöflun, svíkja gefin fyrirheit við lögmann kærðu og eiga í einhliða samskiptum við kæranda um málið.

Ákvarðanir um málsmeðferð voru teknar á fundum siðanefndar en ekki af löglærðum fulltrúa líkt og fyrir liggur í gögnum málsins. Löglærðum fulltrúa var aftur á móti falið af siðanefnd að

annast samskipti við aðila málsins, tilkynna um ákvarðanir siðanefndar í málinu og veita svör um málsmeðferð að öðru leyti eins og aðilum var sérstaklega tilkynnt um. Þegar af þessari ástæðu eru framangreindar fullyrðingar kærðu með öllu staðlausar og í ósamræmi við gögn málsins.

Lögmaður kærðu hefur ítrekað haldið því fram í tölvupóstum og viðbótarathugasemdum til siðanefndar að löglærður fulltrúi siðanefndar hafi fullyrt við hann í september 2021 að hann hefði engin efnisleg afskipti haft af málinu. Það væri ósatt þar sem löglærður fulltrúi hefði komið að málinu áður samkvæmt fundargerðum siðanefndar. Þá hefur lögmaðurinn margítrekað að löglærður fulltrúi hafi svikið fyrirheit við hann um aðgang að gögnum MATÍS og notkun þeirra.

Í tölvupóstum löglærðs fulltrúa til lögmanns kærðu 30. ágúst og 31. ágúst sl. (fskj. 42 og 47 og 48a) var greint frá því að löglærðum fulltrúa hefði verið falið að aðstoða siðanefnd við meðferð málsins og honum hefði verið falið sérstaklega að annast samskipti við aðila málsins. Löglærður fulltrúi hefði hins vegar ekki tekið við málinu efnislega þ.e. siðanefnd hefði forræði á málinu og rekstri þess. Að því athuguðu mátti lögmanni kærðu vera fulljóst hvert hlutverk löglærðs fulltrúa væri í málinu.

Lögmaður kærðu lagði áherslu á það að löglærður fulltrúi, framkvæmdastjóri eða siðanefnd fundaði með lögmanninum og kærðu til þess að fara yfir form og efni málsins. Löglærður fulltrúi gerði lögmanni kærðu hins vegar grein fyrir hlutverki hans og málsmeðferð mála fyrir siðanefnd. Vegna umboðs löglærðs fulltrúa og hlutverks siðanefndar myndi löglærður fulltrúi ekki funda með lögmanni kærðu til þess að ræða málið efnislega, eða reyna að semja um það enda gæti siðanefnd ekki samið um niðurstöðu eða úrlausn mála fyrir nefndinni.

Kærða, Arna, sendi tölvupóst til siðanefndar þann 6. september 2021 þar sem hún gerði kröfu um það að kærðu fengu niðurstöður foreldragreiningar sendar á sama tíma og siðanefnd og að MATÍS væri heimilað að veita kærðu fullan aðgang að sýnum sem tekin hefðu verið fyrir á árinu. Löglærður fulltrúi svaraði tölvupóstinum sama dag þar sem fram kom að aðilar myndu fá aðgang að niðurstöðum rannsóknar MATÍS þegar þær lægju fyrir sbr. málsmeðferðarreglur um aðgang aðila að gögnum máls. Löglærður fulltrúi óskaði eftir nánari skýringum um það hvaða niðurstöðum MATÍS væri óskað eftir í ljósi þess að rannsókn yrði borin saman við fyrri rannsókn HRFÍ og að óskað yrði svara vegna stökkbreytingar.

Kærða eða lögmaður hennar brugðust ekki við framangreindri spurningu.

Þá gaf löglærður fulltrúi engin fyrirheit við lögmann kærðu við sýnatöku á Dýraspítalnum í Víðidal þann 8. september 2021, en áréttaði að kærðu myndu fá aðgang að niðurstöðum MATÍS þegar þær lægju fyrir. Líkt og rakið er í málavöxtum var aðilum málsins sendar niðurstöður foreldragreiningar 45 mínútur eftir að þær bárust löglærðum fulltrúa og því ljóst að kærður fengu niðurstöður MATÍS tafarlaust eftir að þær bárust nefndinni.

Að öllu framangreindu athuguðu eru framangreindar staðhæfingar kærðu um vanhæfi löglærðs í andstöðu við gögn málsins og þess utan að öllu leyti staðlausar.

Kærðu hafa í viðbótarathugasemdum sínum byggt á því að tölvupóstur löglærðs fulltrúa til kæranda, dags. 5. september 2021 (fskj. 60) sýni fram á að löglærður fulltrúi hafi verið í sjálfstæðri gagnaöflun í samráði við kæranda og framkvæmdastjóra.

Siðanefnd tekur fram að nefndin eða löglærður fulltrúi hafa ekkert slíkt samráð átt við kæranda um meðferð málsins eða efni þess en samskipti f.h. siðanefndar við aðila málsins liggja fyrir í gögnum málsins, sem aðilar málsins hafa jafnframt hafa fengið aðgang að. Með fyrrnefndum tölvupósti á fylgiskjali 60 var kæranda tilkynnt um ákvörðun siðanefndar um málsmeðferð um foreldrarannsókn. Kærðu fengu á sama tíma samskonar tilkynningu með tölvupósti þeim sem liggur fyrir á fylgiskjali 59. Er því staðhæfing kærðu að þetta sýni fram á sérstakt samráð við kæranda um gagnaöflun að öllu leyti tilhæfulaus.

Í viðbótarathugasemdom telja kærðu að tölvupóstur löglærðs fulltrúa til MATÍS (fskj. 62) með beiðni um foreldrarannsókn, með afriti á framkvæmdastjóra félagsins, sýni fram á samráð siðanefndar við kæranda og framkvæmdastjóra félagsins.

Hvað þetta varðar er greint í tölvupósti til MATÍS að afrit sé sent framkvæmdastjóra félagsins þannig að hann gæti staðfest heimild löglærðs fulltrúa til þess að skuldbinda félagið til þess að greiða fyrir vinnu MATÍS. Þá hafði aðilum þegar verið tilkynnt um það að siðanefnd hefði tekið ákvörðun um foreldrarannsókn og hvert efni hennar væri sbr. fylgiskjöl 59 og 60. Kærandi fékk hins vegar ekki afrit af tölvupóstinum. Staðhæfingar kærðu hér eru því haldlausar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu var siðanefnd því ekki vanhæf til meðferðar málsins samkvæmt 2. gr. málsmeðferðarreglna og enginn annmarki hefur verið á meðferð málsins að þessu leyti.

Framsäl siðanefndar til löglærðs fulltrúa

Kærðu staðhæfa í viðbótarathugasemdom að siðanefnd hafi framselt löglærðum fulltrúa ákvörðunarvald í málinu með ólögmetum hætti.

Ákvarðanir í málinu um málsmeðferð hafa verið teknar af siðanefnd og tilkynntar aðilum. Kærðu hafa þess utan fengið fundargerðir siðanefndir samkvæmt beiðni til staðfestingar á fyrrgreindu þar sem skýrlega kemur fram að siðanefnd hefur tekið allar ákvarðanir um málsmeðferð málsins. Samskipti og erindi lögmans kærðu og aðila til siðanefndar hafa öll verið lögð fram á fundum siðanefndar sem hefur tekið afstöðu til þeirra.

Staðhæfingar kærðu eru hér alfarið í andstöðu við staðreyndir málsins og er þeim því hafnað. Þá fer því fjarri að það að löglærðum fulltrúa hafi verið falið að annast samskipti f.h. nefndarinnar við aðila málsins sé ólögmett enda um hefðbundna verkaskiptingu þegar um fjölskipaða nefnd er um að ræða.

Meðferð málsins hefur því ekki verið ábótavant hvað það varðar eða í andstöðu við lög og reglur félagsins.

Brot gegn andmælarétti, annmarkar á rannsókn máls og meðferð þess

Kærðu halda því fram að siðanefnd hafi brotið gegn andmælarétti kærðu þar eð þeim hafi verið meinud gagnaöflun, skýrslutökur og málflutningur fyrir nefndinni. Rannsókn siðanefndar hafi verið ábótavant að sama skapi. Þá telja kærðu að kæra í málinu hafi ekki uppfyllt 6. gr.

málsmeðferðarreglna þar sem ekki hafi verið upplýst um tilurð kærU eða því beint til kæranda að leggja fram upplýsingar í því skyni.

Samkvæmt 6. gr. málsmeðferðarreglna skal kæra sem berst nefndinni greina frá því hvaða atvik máls eru grundvöllur kæru og hvernig kærandi telur að sá sem kæra snýr að hafi gerst brotlegur. Með kæru skulu fylgja þau sönnunargögn sem kæra er byggð á. Í upphafi máls tekur siðanefnd afstöðu til þess hvort að kæra uppfylli framangreind skilyrði og sé hæf til efnismeðferðar en vísar annars máli frá sbr. 7. gr. málsmeðferðarreglna.

Í kæru í máli þessu er rökstutt og greint frá því hvaða háttsemi kærandi telji að kærðu hafi viðhaft og hvernig þær eigi með henni að hafa brotið gegn lögum og reglum félagsins. Kæran er jafnframt studd gögnum. Með hliðsjón af því uppfyllir kæran skilyrði þess að verða tekin til efnislegrar meðferðar enda uppfyllir hún 6. gr. málsmeðferðarreglna. Þá verður í einu og sama máli tekin fyrir kvörtun sem beinist að tveimur eða fleiri félagsmönnum ef atvik sem liggja til grundvallar eru þau sömu, sbr. t.d. *úrskurð siðanefndar í máli nr. 2/2019*.

Forræði á málsmeðferð þ.m.t. rannsókn máls hvílir ekki á aðilum málsins heldur siðanefnd sbr. 9. gr. málsmeðferðarreglna. Þannig er það siðanefndar að ákveða hvort að aflað skuli frekari gagna eftir að umsögn félagsmanns sem málið varðar hefur borist. Nefndin getur krafist aðila um frekari gögn eða aflað þeirra. Þá getur siðanefnd kallað aðila máls á fund og óskað eftir að þeir gefi skýrslu um kæruefni. Málsmeðferð er að meginstefnu til skrifleg fyrir nefndinni og byggist fyrst og fremst á kæru og greinargerð, sönnunargögnum aðila og þá viðbótargreinargerðum sem aðilum er veittur kostur á að koma að í máli sbr. 9. gr. fyrrgreindra reglna. Aðilar eiga þannig ekki rétt á því að flytja mál sitt munnlega fyrir siðanefnd eða að teknar séu skýrslur fyrir nefndinni.

Það er því siðanefndar að gæta að því að mál sé nægjanlega upplýst þannig að taka meggi það til úrskurðar en ekki aðila málsins. Þá er það siðanefndar að taka afstöðu til sönnunargildis framkominna yfirlýsinga og gagna sem þýðingu hafa fyrir úrslit máls, en ef í máli eru sönnunatriði sem örðugt er að leysa úr undir rekstri málsins eða mál er ekki að öðru leyti upplýst, getur siðanefnd vísað málinu frá sbr. 10. gr. málsmeðferðarreglna.

Aðilar njóta samkvæmt framansögðu ríks réttar að koma að gögnum og upplýsingum í máli sem er til meðferðar en sá réttur er ekki án takmarkana samkvæmt framangreindu. Þá geta aðilar komið að ábendingum, kröfum um sönnunarfærslu eða að atriði séu frekar skýrð við meðferð máls fyrir nefndinni. Það er hins vegar siðanefndar að taka afstöðu til þess hvort að nauðsyn standi á frekari gagnaöflun eða að því skuli beint til aðila máls að veita tilteknar upplýsingar eða skýringar sem eru nauðsynlegar.

Þá verður siðanefnd ekki gert að svara spurningum aðila um efnisatriði máls eða upplýsa um mat nefndarinnar á einstaka þáttum kæruefnis meðan mál er til meðferðar nefndarinnar og ekki tekið til úrskurðar. Úr því leysir siðanefnd í skriflegum úrskurði í máli. Krafa kærðu um skýrslutöku eða svör siðanefndar undir meðferð málsins á því hvorki stoð í lögum félagsins, málsmeðferðarreglum eða að öðru leyti.

Kærðu hafa staðhæft, að í kæru sé ekki varpað ljósi á tilurð málsins og hvaða ábendingar hafi borist kæranda og kæra sé því í andstöðu við 6. gr. málsmeðferðarreglna. Kærðu hafa jafnframt óskað eftir því að aflað verið frekari gagna og upplýsinga og frekari rannsókna frá MATÍS. Þá gerðu kærðu þær kröfu að á sáttafundi í málinu yrðu teknar skýrslur af málsaðilum, mögulega framkvæmdastjóra, Á og hugsanlega öðrum vitnum og að flytja þyrfti málið munnlega. Að

síðustu töldu kærðu nauðsynlegt áður en sáttafundur yrði haldinn að sá þyrfti að koma undir nafni sem héldi því fram að Á ætti ekki M og got hennar eða héldi því fram að gotin væru ekki skráð vegna DNA stökkbreytingar. Kærðu telja að synjun siðanefndar á sönnunarfærslu og málf lutningi samkvæmt framansögðu hafi falið í sér annmarka á rannsókn málsins og andmælarétti þeirra.

Siðanefnd tók ákvörðun um framangreind atriði annars vegar þann 6. október sl. og hins vegar þann 4. nóvember sl. þar sem beiðnum kærðu var synjað. Ákvarðanir þessar og rökstuðningur siðanefndar er að finna í heild sinni í málavöxtum.

Ákvarðanir siðanefndar byggja á því að yfirlýsingar og gögn um ábyrgð á gotum M og eignarhald liggja þegar fyrir skýrlega í gögnum málsins. Það sama á við um tilurð kæru. Siðanefnd tekur hér fram að kærandi vísar í kæru sinni til fskj. 6 um þau gögn sem lágu til grundvallar ákvörðunar félagsins um upphaflega rannsókn Q gotsins. Þá byggir kærandi á því að kærðu hafi vísitandi skráð M ranglega sem móður Q gotsins. Kærðu hafna því og byggja meðal á því að Á, eigandi M, beri ábyrgð á gotinu og það sé réttilega skráð og mæðrað vegna áhrifa stökkbreytingar. Kærandi stendur í viðbótarathugasemdum við kæru sína. Að þessu athuguðu er krafa um að kærandi veiti svör við framangreindum atriðum bersýnilega tilgangslaus í málinu enda liggja röksemdir kæranda þegar fyrir í málinu og gögn sem hann styður þær við. Að öðru leyti á það undir efnisþátt málsins að leysa úr því hvort að kærðu hafi hér gerst brotlegar gegn lögum eða reglum félagsins samkvæmt þeirri kæru sem liggur fyrir.

Í ljósi niðurstöðu MATÍS um að M sé ekki móðir Q gotsins og svara um líkur á réttmæti niðurstöðu og áhrifa stökkbreytingu í gotinu er að mati siðanefndar frekari svör við sömu spurningum kærðu eða greiningar MATÍS bersýnilega tilgangslausar til frekari upplýsinga í málinu. Að öðru leyti telur siðanefnd að skýrslutökur yfir kæranda og framkvæmdastjóra sem að meginstefnu til virtist snúa að huglægri afstöðu í garð kærðu eða nákvæm tildrög þess að félagið ákvað að ráðast í foreldragreiningu á Q goti hafi ekki efnisleg áhrif á niðurstöðu þeirra kæruliða sem kærðu eru gefin að sök í málinu.

Kærðu hafa byggt á því að þær hafi ekki notið andmælaréttar við meðferð málsins þ.m.t. áður en bráðabirgðaúrskurður var kveðinn upp þann 20. ágúst 2021. Siðanefnd tekur hér fram að í kæru var m.a. gerð krafa um það að siðanefnd kvæði upp úrskurð í málinu til bráðabirgða samkvæmt 6. tölul 1. mgr. 28. gr. laga félagsins. Kærðu skiluðu greinargerð í málinu þar sem þær komu kröfum sínum og sjónarmiðum sínum að og kröfðust aðallega frávísunar málsins. Áður en siðanefnd úrskurðaði til bráðabirgða fór siðanefnd á fundi yfir kæru og greinargerð ásamt framlögðum fylgiskjölum og rökstuddi hvers vegna hún teldi rétt að úrskurða í málinu til bráðabirgða m.a. með hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum kærðu. Að því athuguðu er staðhæfing kærðu um það þær hafi ekki notið andmælaréttar áður en bráðabirgðaúrskurður í málinu var kveðinn upp alfarið röng og því hafnað.

Að öðru leyti hafnar siðanefnd því að kærðu hafi ekki notað andmælaréttar við meðferð málsins enda hafa þær vandkvæðalaust tekið til varna í málinu skilað greinargerð og viðbótarathugasemdum ásamt þeim gögnum sem þær telja að skipti máli við úrlausn málsins. Þá hefur lögmaður þeirra til viðbótar sent siðanefnd tugi tölvupósta sem hafa að geyma sjónarmið, athugasemdir, ályktanir og kröfur kærðu um málsmeðferð og efnisatriði málsins.

Þá hafnar siðanefnd öðrum staðhæfingum kærðu um annmarka á málsmeðferð siðanefndar, brot á jafnræði við þá málsmeðferð, eða að rannsókn málsins hafi verið ábótavant sem staðlausum.

Að öllu framansögðu leiðir að hvorki hefur rannsókn málsins verið ábótavant né andmælaréttur brotinn á kærðu við meðferð málsins. Þá hafa engir aðrir annmarkar verið á meðferð málsins af hálfu siðanefndar.

Málshöfðun kærðu til ógildingar á bráðabirgðaúrskurði

Kærðu byggja á því í viðbótarathugasemdum að siðanefnd hafi borið að stöðva meðferð málsins þar til niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um ógildingu bráðabirgðaúrskurðar liggur fyrir sbr. 4. gr. málsmeðferðarreglna.

Með úrskurði dómsins hinn 24. janúar 2022 var málinu vísað í heild sinni frá héraðsdómi.

Í 4. gr. málsmeðferðarreglna segir að ef kæruefni máls hefur verið lagt fyrir dómstóla eða dómsmáli er lokið um ágreiningsefni, en það síðar borið undir nefndina, skuli siðanefnd vísa máli frá. Með því er átt við sjálft kæruefnið þ.e. þegar tveir aðilar deila sín á milli en leggja fyrir dómstóla að leysa úr þeim ágreiningi þeirra á milli.

Ákvæði 4. gr. málsmeðferðarreglna tekur ekki til þeirrar aðstöðu ef aðili skýtur einstaka ákvörðunum siðanefndar til úrskurðar dómstóla eða krefst dóms um viðurkenningu á tiltekinni niðurstöðu eða viðurlögum fyrir siðanefnd meðan mál er enn til meðferðar nefndarinnar. Slíkt dómsmál varðar ekki kæruefnið eða ágreiningsefni milli aðila máls heldur málsmeðferð og ákvarðanir siðanefndar.

Dómkröfur kærðu í máli því sem rekið var fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur kæranda er aðallega að bráðabirgðaúrskurður siðanefndar frá 20. ágúst 2021 og að kærðu málsins verði vísað frá siðanefnd. Til vara gera kærðu þær kröfur að staðfest verði með dómi að þær séu alfarið sýknaðar af ávirðingum kæranda og þáttur hvorrar þeirra sjálfstætt. Kærðu gera þær kröfur að viðurkennt verði með dómi að greiddar og útgefnar ættbækur tíkarinnar M og afkvæma hennar séu eign skráðra hundaeiganda en ekki eign HRFÍ. Til þrautavara gera kærðu kröfur um að úrskurður stefnanda verði með dómi dæmdur ólögmætur og að engu hafandi ef meðferð málsins fyrir dómi er meiri en þrjá mánuði frá uppkvaðningu bráðabirgðaúrskurðar. Til þrautþrautavara krefjast kærðu að rétturinn staðfesti með dómi vægustu viðurlög fyrir meint brot stefnanda, aðfinnslu eða áminningu. Komi til brottvikningar úr Hundaræktarfélagi Íslands verði þeirri brottvikningu markaður eins skammur tími og lög frekast heimila miðað við að ábornar sakir eru rangar.

Dómkrafa kærðu um viðurkenningu þess að skráðir eigendur eigi ættbækur afkvæma M en ekki HRFÍ varðar ekki kæruefni máls þessa eða þá háttsemi sem kærðu er gefin að sök. Aðrar dómkröfur kærðu varða málsmeðferð siðanefndar og ákvarðanir í máli þessu.

Að þessu athuguðu eru engin skilyrði til þess að vísa málinu frá siðanefnd eða meðferð þess stöðvuð vegna málsóknar kærðu.

Siðanefnd hafi ekki reynt sættir

Kærðu byggja á því að málsmeðferð siðanefndar sé í andstöðu við lög félagsins þar sem engar sáttatilaunir hafi farið fram og siðanefnd hafi til málamynda sagst hafa leitað sátta til þess að lagfæra ólögmætan málalíbúnað.

Kærðu hafa í þessu sambandi vísað til ákvæðis 27. gr. laga félagsins um að siðanefnd skuli leita sátta í málum þar sem sakir eru miklar en ellegar úrskurða, sbr. og ákvæði 6. mgr. 9. gr. málsmeðferðarreglna. Þá hafa kærðu jafnframt vísað til dóms *Héraðsdóms Reykjavíkur dags. 8. febrúar 1999 í máli nr. E-3349/1998* til stuðnings framangreindu. Í forsendum dómsins var það talinn annmarki á málsmeðferð þáverandi siðanefndar HRFÍ að kanna ekki með formlegum hætti hvort unnt væri að leita sátta með aðilum, áður en mál var tekið til úrskurðar.

Í 9. gr. málsmeðferðarreglna er kveðið á um að siðanefnd sé heimilt að leita sátta með aðilum hvenær sem er undir meðferð máls en skylt sé að leita sátta þegar siðanefnd telur að öll gögn málsins og upplýsingar liggi fyrir.

Siðanefnd hefur því sjálf ákveðið í fyrrgreindum málsmeðferðarreglum að sátta skuli leita í öllum málum áður en þau eru tekin til úrskurðar þannig að málsmeðferð sáttanefndar gengur hér lengra en ákvæði 27. gr. laga félagsins mælir fyrir um.

Siðanefnd notar mismunandi aðferðir við það að kanna sáttagrundvöll og hvernig sáttumleitanir fari fram í málum fyrir nefndinni. Siðanefnd kann að funda með aðilum, hafa samband símleiðis við aðila máls eða með rafrænum hætti til þess að kanna afstöðu þeirra til sátta. Það er á forræði siðanefndar að ákveða á grundvelli könnunar hvort að sáttagrundvöllur sé til staðar og með hvaða hætti sáttumleitanir fari fram.

Ein af forsendum sáttameðferðar er að báðir aðilar séu reiðubúnir að leita sátta af fúsum og frjálsum vilja og án einhliða skilyrða fyrir því hvernig slík sáttameðferð fari fram. Önnur er sú að aðilar treysti þeim sem leitar sátta og leiðir sáttumleitanir. Ef aðilar hafna því að taka þátt í sáttumleitunum eða lýsa því að þær þjóni ekki tilgangi fara þær ekki fram. Það sama á við ef aðili setur einhliða skilyrði fyrir þátttöku sinni í sáttumleitunum, sem eru óaðgengileg, ef augljóst er af málalíbúnaði og yfirlýsingum aðila að enginn grundvöllur sé til þess að leita sátta, eða ef aðilar lýsa yfir vantrausti á siðanefnd til þess að leita sátta í máli.

Í málavöxtum hefur verið greint frá því að siðanefnd boðaði til sáttafundar aðila með tölvupósti dags. 29. október 2021 sem fram skyldi fara þann 10. nóvember sl. með fjarfundarformi. Í póstinum var greint frá því að aðilum gæfist þar tækifæri til þess að reifa sáttagrundvöll og tillögur sínar til sátta í málinu.

Kærandi staðfesti að fulltrúi fyrir hans hönd myndi mæta til boðaðs sáttafundar.

Lögmaður kærðu gerði í tölvupósti sama dag, sem rakinn er í málavöxtum, fjölmörg einhliða skilyrði fyrir sáttafundi. Siðanefnd eða kærandi þyrftu áður að svara hver héldi því fram að staðhæfingar kærðu um eignarhald og ábyrgð á M og gotum hennar og stökkbreytingu Q gotsins væru rangar. Þá greindi lögmaður kærðu frá því að á sáttafundi þyrfti, þegar umbeðnar upplýsingar lögju fyrir, að taka skýrslur og flytja málið munnlega. Kærðu og lögmaður þeirra gætu ekki fundað í fjarfundi og því þyrftu aðilar að hittast í persónu. Áður en sáttafundur yrði ákveðinn þyrftu aðilar að ná saman um fyrirkomulag sem hentaði báðum.

Þá lýstu kærðu því sérstaklega yfir að löglærður fulltrúi væri að þeirra mati óhæfur og lögmaður þeirra lýsti því sérstaklega yfir að hann lyti ekki boðvaldi hans að neinu leyti.

Siðanefnd tók afstöðu til framangreindra krafna kærðu 4. nóvember 2021 og hafnaði kröfum að öðru leyti en því að nefndin samþykkti að sáttafundur skyldi haldinn á skrifstofu félagsins í stað fjarfundar.

Lögmaður kærðu sendi siðanefnd tölvupóst þann 8. nóvember 2021 sem rakinn er í málavöxtum. Þar gerðu kærðu kröfu um að sáttafundur yrði haldinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til þess að tryggja hlutleysi og jafnræði með aðilum. Kærðu staðhæfðu að siðanefnd væri hlutdræg og löglærður fulltrúi væri í einhliða gagnaöflun með sérlega hlutdrægum hætti. Siðanefnd hefði ekki borið neitt undir kæranda þrátt fyrir ítrekaðar kröfur kærðu og að málið væri allt tilhæfulaust.

Þá lýsti lögmaður kærðu því sérstaklega yfir að það væri upplifun hans að mál fengi ekki hlutlæga málsmeðferð hjá félaginu, valdið hafi stigið viðtakendum til höfuðs þannig að útilokað væri að eiga samtal við valdhafana og greinlegt er að mati kærðu, Á og fjölskyldu að kærandi, löglærður fulltrúi og framkvæmdarstjóri ynnu saman sem einn maður.

Kærðu væru saklausar af ávirðingum og í ljós hefði komið að krafan gegn þeim og fjölskyldufólki þeirra væri röng og tilhæfulaus, ekki studd gögnum og niðurstöður MATÍS yrðu ekki lagðar til grundvallar. Kærandi hefði vísitandi sært, meitt og valdið kærðu ómælanlegum álitshnekki og ættu að sjá sóma sinn í því að afturkalla nú þegar kæru en ellegar ætti siðanefnd að fella strax niður öll viðurlög í málinu.

Þá kom fram í tölvupóstinum að aldrei gæti komið til sáttafundar nema kærandi legði fram önnur gögn en valið slúður og illmælgj. Sökum ólögmetis upptöku sáttafundar sem bryti gegn persónuverndarlögum og friðhelgi einkalífs kærðu væri ekki unnt að hittast á sáttafundi, en kæra ætti þessa fátæku afstöðu til Persónuverndar. Engum tilgangi þjónaði að hittast ef fyrirliggjandi spurningum væri ekki svarað um það hver væri með ávirðingar um hvað. Þá hefði sáttafundur ekkert gildi ef siðanefnd tæki ekki skýrslu af Á og fjölskyldu hennar. Þá væru ákveðin lækisfræðileg forföll á þessum kórónuveirutímum og hætta á smiti ef hist væri í húsnaði félagsins.

Að síðustu var tekið fram að ýmsar ástæður væru fyrir því að fresta yrði sáttafundi sem siðanefnd hefði sett á svið en væri greinilega enginn sáttafundur. Þá var ítrekuð krafa um að sáttafundur yrði haldinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem allir viðtakendur þyrftu að tjá sig í samtali en ekki með boðum og virðingarleysi fyrir almennum félagsmönnum.

Með framangreindum skilyrðum fyrir þátttöku í sáttafundi, afdráttarlausri afstöðu sinni, staðhæfingum og framsetningu að öðru leyti telur siðanefnd hafið yfir allan vafa að enginn sáttagrundvöllur var hér til staðar. Kærðu höfðu engan hug á að taka þátt í sáttaumleitunum nema á eigin forsendum og að því gefnu að siðanefnd féllist á skilyrði þeirra fyrir sáttafundi.

Þá lýstu staðhæfingar um það að siðanefnd væri hlutdræg með kæranda og í samstarfi við hann þvílíku vantrausti í garð siðanefndar í málinu að vandséð var hvornig siðanefnd gæti leitt sáttaumleitanir frekar.

Framangreind skilyrði kæranda um efnisatriði málsins voru að mati siðanefndar óaðgengileg og sáttaumleitunum málsins óviðkomandi. Þvert á móti vildu kærðu í raun með þeim knýja siðanefnd til svara um efnisatriði málsins, eða að hverfa frá fyrri ákvörðunum sínum um málsmeðferð, til þess að þær myndu mæta til sáttafundar.

Siðanefnd tekur fram að því fer fjarri að fyrirhuguð upptaka sáttafundar hefði verið í andstöðu við friðhelgi einkalífs kærðu eða andstæð lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ákvörðun siðanefndar um upptöku sáttafundar var byggð á því að kærðu

höfðu ítrekað staðhæft undir rekstri málsins að siðanefnd væri mótdræg þeim en hlutdræg með kæranda, hefði átt í samráði við kæranda, málsmeðferð væri ólögumæt og að löglærður fulltrúi hefði gefið fyrirheit sem síðar voru svikin og haldið fram ósannindum um hlutverk sitt. Með hliðsjón af því taldi siðanefnd að rík ástæða væri til þess að taka sáttafund upp þannig að enginn vafi yrði síðar um hvað hefði farið þar fram enda leiddi það jafnframt af ákvæði 9. og 16. gr. málsmeðferðarreglna að bóka skyldi skýrslur fyrir siðanefnd og halda fundargerðir á fundum nefndarinnar.

Að öllu framangreindu athuguðu taldi siðanefnd ljóst væri af fyrrgreindum tölvupóstum að afstaða kærðu væri sá að þær teldu engan sáttagrundvöll í málinu og boðaður sáttafundur þýðingarlaus. Var kærðu tilkynnt um framangreinda afstöðu siðanefndar með tölvupósti 9. nóvember 2021 og að siðanefnd teldi rétt að afla afstöðu kæranda til sáttagrundvallar í málinu í kjölfarið.

Lögmaður kærðu svaraði sama dag að skilningur siðanefndir væri ekki réttur; hann vildi settir en þyrfti fyrst að fá gögn sem lægju til grundvallar herförinni eins og lögmaðurinn orðaði það í tölvupóstinum. Siðanefnd taldi að yfirlýsing um það að lögmaðurinn vildi settir breytti ekki mati siðanefndar enda hvorki hvikað frá skilyrðum fyrir því að sáttafundur yrði haldinn og yfirlýsingar og afstaða kærðu til málsins með þeim hætti að þær töldu kærana tilefnislaus og ranga og í málinu væri reynt að niðurlægja kærðu í stað þess að leysa málið friðsamlega.

Kærandi greindi siðanefnd sama dag í tölvupósti frá því að ekki yrði séð að nokkur grundvöllur væri til sátta í málinu í ljósi afstöðu kærðu og málatilbúnaðar að öðru leyti. Kærandi taldi jafnframt að fyrir lægi að alvarleg brot á lögum og reglum félagsins hefðu átt sér stað. Að mati siðanefndar lá því jafnframt ljóst fyrir að kærandi teldi ekki vera grundvöll til sátta í málinu í framhaldi yfirlýsinga kærðu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu kannaði siðanefnd til hlítar hvort unnt væri að leita sátta með aðilum í málinu sbr. 27. gr. laga félagsins og 9. gr. málsmeðferðarreglna. Engum sáttagrundvelli var hins vegar til að dreifa í málinu hliðsjón af afdráttarlausum málatilbúnaði og yfirlýsingum aðila, sem héldu fast í trústu kröfur sínar og röksemdir, og einhliða skilyrðum kærðu fyrir því að sáttafundur yrði haldinn. Að því athuguðu, að kærðu lýstu verulegu vantrausti gagnvart siðanefnd sem ekki væri treystandi fyrir sáttafundi og staðfestu aldrei að þær myndu mæta til boðaðs fundar, var sáttafundur og frekari sáttatilraunir þýðingarlausar.

Að því athuguðu var meðferð siðanefndar til samræmis við lög félagsins og málsmeðferðarreglur.

Niðurstaða

Að framansögðu leiðir að kærðu hafa ekki sýnt fram á það að fallast eigi á aðalkröfu kærðu um það að vísa beri málinu frá nefndinni í heild eða hluta eða að annmarkar hafi verið á málsmeðferð siðanefndar að öðru leyti.

Siðanefnd telur kærðu í málinu tæka til efnismeðferðar. Úrlausn þess hvort að sýnt sé fram á þá háttsemi sem kærðu er gefin að sök á því undir efnispátt málsins.

Kærðu hafa gert þá varakröfu að kæranda verði veittur frestur til þess að lagfæra kæru og þá til þess að rökstyðja þátt hvorrar kærðu fyrir sig í þeirri háttsemi sem þeim er gefin sök. Þá beri kæranda við þá vinnu að viðhafa samráð við kærðu, sáttaferli og gæta að andmælarétti og meðalhófi gagnvart kærðu.

Þar sem varakrafa kærðu á sér enga stoð í lögum eða reglum félagsins er óhjákvæmilegt að hafna henni þegar af þeirri ástæðu.

5.2. Röng skráning ræktunartíkur á got

Krafa kæranda samkvæmt fyrsta lið kæru er byggð á þeim röksemdum að kærðu hafi ranglega skráð M sem móður þriggja gota þ.e. V, W og Q gota. Kærandi telur að með því að skrá tíkina sem móður á pörunarvottorð, sem voru grundvöllur þess að félagið færði gotin í ættbók félagsins, hafi kærðu blekkst félagið.

Upphafleg kæra tók til allra gotanna þriggja þar sem kærandi taldi ómögulegt að staðfesta ætterni nokkurs gotanna þar sem ekki var mætt með M til sýnatöku. Í gögnum málsins liggur fyrir að Á og kærða, Rúna, fullyrtu að tíkin M væri dauð. Eftir að félagið tilkynnti um ógildingu ættbóka allra þriggja gota barst yfirlýsing frá Á um það að M væri enn á lífi.

Við meðferð málsins var staðfest við sýnatöku þann 8. september 2021 að M væri sannarlega lifandi. Niðurstaða foreldragreiningar MATÍS staðfesti að M væri móðir einstaklinga í V og W gotum, en gæti ekki verið móðir einstaklinga í Q goti. Siðanefnd tilkynnti aðilum undir meðferð málsins að framangreind niðurstaða MATÍS yrði lögð til grundvallar.

Að því athuguðu er sú háttsemi sem kærðu er gefin að sök samkvæmt fyrsta lið kærunnar einskorðuð við Q gotið.

Kærðu neita því að gotið sé rangmæðrað. Af málatilbúnaði kærðu verður ráðið að kærðu reisi framangreint á því að stökkbreyting hafi orðið á erfðamengi hunda í Q goti, M sé því rétt móðir gotsins og það því réttilega fært í ættbók.

Staðhæfingar kærðu hér byggja á því að MATÍS hafi staðfest að stökkbreyting hefði orðið í erfðamengi eins hvolps sem hefði stangast á við erfðamengi móður hans í goti á vegum kærðu, Örnú, árið 2010. Niðurstöður MATÍS, og bréf fyrirtækisins til kærðu, dags. 31. ágúst 2021, staðfesti þetta. Sama aðstaða sé uppi með Q gotið þar sem DNA sé sífellt að stökkbreytast. Samkvæmt niðurstöðu MATÍS frá 4. október 2021 hafi Q gotið því verið stökkbreyting.

Sé þetta jafnframt til samræmis við niðurstöður [...] dýralæknis og fagstjóra hjá MATÍS um að stökkbreyting hafi getað orðið í Q gotinu. Fagstjórinn hafi hins vegar ekki viljað staðfesta þetta skriflega sökum ofsafenginn banna siðanefndar félagsins. Siðanefnd hafi því komið í veg fyrir að Á, eigandi M, spyrði spurninga eða fengi skriflega staðfestingu um þetta.

Staðhæfingar kærðu um stökkbreytingu í Q goti fá enga stoð í niðurstöðum MATÍS frá 4. október eða 31. ágúst sl. Þvert á móti tekur MATÍS fram í fyrra bréfinu að slíkar stökkbreytingar „[...] séu afar sjaldgæfar“ en í því síðara: „[...] að stökkbreytingar í erfðamengi spendýra séu mjög sjaldgæfar. Til að gefa tölulegt mat er stuðst við ritrýnda vísindagrein³. Tíðni stökkbreytinga var þar metið 2.2×10^9 (0,0000000022) á hverju sæti í erfðamenginu á ári. Út frá þessu má áætla að líkur á stökkbreytingu sem hefði áhrif á niðurstöður á goti, sem vísað var til þann 31. ágúst sl., séu hverfandi litlar“.).

Þá er tekið fram sérstaklega í bréfi MATÍS frá 31. ágúst 2021, vegna gots kærðu, Örnú, á árinu 2010 að MATÍS geti ekki útilokað að hvolpar í gotinu hafi komið úr öðru goti og hafi því ekki verið sammæðra öðrum hvolpum í gotinu.

Tölvupóstar [...] dýralæknis sem kærðu hafa lagt fram hafa engar staðfestingar um stökkbreytingu í Q goti að geyma. Þvert á móti kemur þar fram það almenna álit [...] að þótt slíkar stökkbreytingar séu sjaldgæfar séu þær ekki ómögulegar.

Síðanefnd tekur fram að staðhæfing kærðu þess efnis að fagstjóri hafi ekki þorað að staðfesta munnlegt álit sitt um stökkbreytingu vegna banna síðanefndar er í andstöðu við fyrrgreint rökstutt álit MATÍS frá 4. október 2021. Þá tekur síðanefnd jafnframt fram að fagstjóri MATÍS staðfesti símlíðis sama dag við löglærðan fulltrúa síðanefndar fyrrgreindar niðurstöður og jafnframt að engar vísbendingar væru um stökkbreytingu í Q gotinu. Að þessu athuguðu eru staðhæfingar kærðu hér alfarið tilhæfulausar.

Af öllu framangreindu leiðir að í foreldragreiningum MATÍS á V, W og Q gotum hafa hvorki komið fram vísbendingar um það að stökkbreyting hafi orðið á erfðamengi hunda í gotunum né að aðferðarfræði MATÍS hafi í nokkru verið áfátt. Kærðu hafa því í engu hnekkni niðurstöðum foreldragreiningar MATÍS í málinu. Þvert á móti er málalíbúnaður kærðu og einhliða staðhæfingar um stökkbreytingu og rétt skráð got í allri andstöðu við efni gagna málsins. Ályktanir og allur málalíbúnaður kærðu að þessu leyti er því bæði verulega langsóttur og beinlínis villandi.

Að því athuguðu standa engin rök til annars en að leggja niðurstöður MATÍS um Q gotið til grundvallar í málinu.

Verður þá næst að skoða hvort að kærðu hafi gerst brotlegar við lög og reglur félagsins samkvæmt því sem lýst er í kæru málsins.

Aðdragandi máls þessa samkvæmt kæru var sá að félaginu hefði borist rökstudd ábending um það að Q gotið væri ekki undan M. Á bls. 4 í kæru er til stuðnings þessari staðhæfingu vísað til fskj. 6. Á fylgiskjali 6 er að finna yfirlýsingu frá B að í september 2019 hefði kærða, Arna, óskað eftir því að hún tæki að sér W tímabundið. B hefði í framhaldinu komið nokkrum sinnum á heimili kærðu. Í öll skipti hefðu hvolpar verið í kringum tíkina sem sinnti þeim eins og hún ætti þá en tíkin var með lafandi spena og afar mjó. B hefði verið tjáð að systir W ætti hvolpana en hún hefði aldrei séð móður hvolpanna. B hefði síðar frétt að að kærðu hefðu verið með tvö got hjá sér á þessum tíma sem fæðst hefðu með viku millibili í lok júlí 2019 þ.e. annað undan systur W en hitt undan M. B hefði aldrei séð M og þá hefðu kærðu aldrei minnst á það að tvö got væru á heimilinu á sama tíma.

Á fyrrnefndu fylgiskjali er jafnframt að finna Facebooksamskipti B og kærðu, Örnú, frá september 2019 sem styður efni yfirlýsingar B en þar ræddi Arna um það hvort að B myndi taka að sér tíkina „Gjósku W“ sem yrði tveggja ára þann 24. desember. Að síðustu er að finna á fskj. 6 myndir af Facebooksíðu Á sem kærandi kveður að hafi verið af M í hestaferð á þeim tíma þegar tíkin var komin að goti. Af myndinni yrði engan veginn ráðið að tíkin væri komin að goti en samkvæmt færslu á vefsíðu Gjósku ræktunar hefði tíkin verið verulega sver um sig þann 5. júlí 2021.

Kærðu byggja á því að fyrrgreind frásögn B hafi nákvæmlega enga þýðingu við úrlausn málsins né önnur gögn á fylgiskjali 6. Þá liggi fyrir í Facebooksamskiptum við B, sem kærðu leggja fram á fskj. 24, að framkvæmdastjóri félagsins hafi óskað eftir því að B sendi yfirlýsingu til félagsins þessa efnis.

Að því athuguðu að yfirlýsing B, sem er óundirrituð, styðst við samtímagögn, þ.e. Facebooksamskipti við kærðu, Örnun, um það að hún hafi komið á heimilið í september 2019, hafnar siðanefnd því að yfirlýsing B hafi ekki þýðingu við úrlausn málsins. Facebooksamskipti sem kærðu leggja fram á fskj. 24, frá 8. júlí 2021 og staðhæfa að séu við B hnekkja þessu mati ekki. Óháð því hvort einhver fyrir hönd félagsins hafi óskað skriflegrar yfirlýsingar B um málið er ljóst að B stendur í þessum samskiptum við efni yfirlýsingar sinnar.

Yfirlýsing B til félagsins lýsir þeim grunsemdum hennar að hegðun og ásýnd þeirrar tæplega tveggja ára tíkar sem kærða Arna, nefndi í samskiptum við B í september 2019 með nafninu „Gjósku W“, hefði samsvarað því að hún hefði verið móðir gots sem var á heimili kærðu í september 2019. Þá greinir hún frá því að hún hefði aldrei séð M eða að kærðu hafi minnst á það við hana að tvö got væru á heimilinu sömu daga. Fyrir liggur að meðal hunda í W goti, sem fætt var þann 24. desember 2017, var tíkin W sem var í eigu kærðu. Samkvæmt gr. 5.4. í reglum um skráningu í ættbók er lágmarksaldur tíka við þörun 24 mánuðir en W hafði ekki náð þeim aldri í september 2019.

Kærða, Arna sendi vottorð dýralæknis til félagsins í febrúar 2021 um það að W hefði verið felld í júnímánuði 2019. Með öllu er hins vegar óútskýrt í málinu hvers vegna kærða, Arna, vildi koma tík með sama nafni og fæðingardegi fyrir í fóstri í september 2019. Í ljósi endurtekinna staðhæfinga kærðu um það að tíkin hafi verið fallin frá, sem styðst jafnframt við embættisvottorð dýralæknis, telur siðanefnd óhjákvæmilegt að leggja hér til grundvallar að W hafi verið fallin frá í september 2019. Hins vegar liggur jafnframt fyrir að W var á lífi samkvæmt bókum félagsins þegar ábendingar bárust félaginu um Q gotið.

Kærðu byggja á því að kæranda hafi borið við ákvörðun um foreldrarannsókn eða að vísa málinu til siðanefndar að gæta að ólögfestum grundvallarreglum sem m.a. er að finna í málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga þ.m.t. meðalhófi, andmælarétti, rannsóknarreglu, andmælarétti, tilkynningu og rökstuðningi. Kærðu telja að kærandi hafi brotið á þeim jafnræði með því að ráðast í foreldrarannsókn þar sem öðruvísi hefði verið farið með önnur mál sem komið hefðu á borð kæranda. Kærðu telja jafnframt að kæra sé sprottin af illum hug kæranda gagnvart kærðu og að verið sé að reyna að koma á þær höggi eða klekkja á þeim.

Um störf kæranda fer samkvæmt lögum félagsins og þeim reglum sem settar hafa verið. Í lögum eða reglum félagsins er ekki vísað til stjórnsýslulaga varðandi störf eða ákvarðanir kæranda og þá gilda málsmeðferðarreglur stjórnsýsluréttar ekki á grundvelli ólögfesta meginreglna félagaréttar. Þá þegar af þeirri ástæðu koma röksemdir kærðu um brot á ólögfestum grundvallarreglum um valdbeitingu, eða brot á málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga ekki til skoðunar.

Að mati siðanefndar var ákvörðun stjórnar í að ráðast í foreldrarannsókn, meðferð stjórnar að öðru leyti þ.m.t. að vísa málinu til siðanefndar, til samræmis við lög og reglur félagsins. Kærðu hafa í engu leitt að því líkum að kærandi hafi farið offari gagnvart kærðu, brotið á þeim jafnræði, eða að öðru leyti brotið á hagsmunum þeirra við ákvörðun eða framkvæmd foreldrarannsóknar, ógildingu ættbóka, eða vísa málinu til siðanefndar. Það sama á við um staðhæfingar kærðu um það að foreldrarannsókn og kæra hafi verið sprottin af illum hug

gagnvart þeim eða gert í þeim skyni að klekkja á þeim. Þá geta kærðu ekki komið sér undan ábyrgð sinni með staðhæfingum um að önnur mál hafi ekki fengið samsvarandi meðferð af hálfu félagsins.

Að teknu tilliti til niðurstöðu MATÍS um Q gotið telur siðanefnd að nákvæmur aðdragandi þess að félagið ákvað í febrúar 2021 að ráðast í foreldragreiningu á gotinu hafi ekki áhrif á niðurstöðu þess hvort að kærðu hafi vísvitandi rangmæðrað gotið á pörunarvottorði.

Að því athuguðu stóð engin þörf til þess að kærandi upplýsti þetta frekar eins og kærðu hafa ítrekað krafist undir rekstri málsins. Með hliðsjón af fyrrnefndum gögnum sem fylgja kæru telur siðanefnd aftur á móti að kærandi hafi haft réttmæta ástæðu til þess að kanna frekar ætterni Q gotsins eins og hann hafði heimild til þess að gera samkvæmt reglum um skráningu í ættbók.

Aðilar málsins deila um það hver hafi verið eigandi að gotum undan M, hverjir hafi borið ábyrgð á gotum M og verið ræktendur þeirra þ.m.t. Q gotsins.

Ágreiningslaust er að Á er eigandi M samkvæmt kaupsamningi, dags. 8. ágúst 2013 en kærandi byggir m.a. á því í kæru. Að því athuguðu voru ítrekaðar kröfur kærðu undir rekstri málsins, að upplýst yrði um það hver staðhæfði að Á væri ekki eigandi M með öllu tilhæfulausar enda ekki um það deilt í málinu.

Kærðu staðhæfa aftur á móti í greinargerð að Á hafi verið ræktandi og eigandi að öllum gotum undan M og borið á þeim ábyrgð. Kærða, Arna, hafi einungis aðstoðað Á með því leyfa gotin að vera skráð í ættbók undir ræktunarnafni Gjósku en kærða, Rúna, hafi ekki haft neitt með málið að gera að öðru leyti en því að hún hafi verið móður sinni til aðstoðar við sameiginlegt áhugamál þeirra og síðan aðstoðað Á við sölu á hvolpunum á netinu. Til stuðnings staðhæfingum sínum vísa kærðu til yfirlýsingar Á til félagsins í júní 2021.

Kærandi hafnar alfarið fyrrgreindum staðhæfingum kærðu og réttmæti yfirlýsingar Á enda séu þær í andstöðu við fyrirleggjandi gögn. Kærða, Arna, hafi verið handhafi alls ræktunarréttar M samkvæmt undirrituðum kaupsamningi við Á og pörunarvottorði Q gotsins. Pörunarvottorðið sé undirritað af báðum kærðu sem ræktanda og meðræktanda undir ræktunarnafni Gjóskuræktunar að viðlögðum drengskap um það að upplýsingar í vottorðinu séu réttar.

Hvað þetta varðar telur siðanefnd að samkvæmt lögum félagsins og reglum um skráningu í ættbók séu ræktendur sem undirrita umsókn um skráningu í ættbók þ.e. pörunarvottorð ávallt ábyrgir fyrir goti og réttmæti upplýsinga um það. Með undirritun pörunarvottorðs staðfestir ræktandi jafnframt að viðlögum drengskap að allar upplýsingar séu réttar.

Ræktendur félagsins geta því ekki skotið sér síðar undir ábyrgð sinni með því að líta eigi fram hjá tilgreiningu ræktanda í pörunarvottorði á þeim grundvelli að annar hafi í raun borið ábyrgð á goti eða verið ræktandi þess.

Með hliðsjón af því geta kærðu ekki komist undan ábyrgð sinni á skráningu Q gotsins með því að Á hafi verið eigandi gotsins og borið á því ábyrgð. Kærðu báru sem ræktendur Q gotsins ábyrgð á því að pörunarvottorðið væri rétt að efni til og vanhöld á því telst því vera brot á gr. 4.1. í reglum um skráningu í ættbók.

Þá telur siðanefnd jafnframt að fyrrgreindar staðhæfingar kærðu og Á vera með öllu ótrúverðugar þannig að þær geti ekki verið lagðar til grundvallar í málinu.

Við það mat ber að líta til þess að staðhæfingarnar eru í andstöðu við framsal alls ræktunarréttar af M til kærðu, Örnú, árið 2013 og undirritaðra pörunarvottorða vegna gota M. Þá ber að líta til þess að Á sendi félaginu yfirlýsingu í febrúar 2021 um það að M hefði fallið frá. Ekki var greint frá í þeirri yfirlýsingu að Á bæri ábyrgð á gotum M og væri ræktandi þeirra heldur þvert á móti var þar sérstaklega tekið fram að M hefði farið til „*ræktanda síns*“ fyrir gotið í júlí 2019 en væri ekki lengur á lífi. Síðari yfirlýsing Á frá júní 2021 um að hún hafi borið hér alla ábyrgð stangast alfarið á við fyrri yfirlýsingu hennar. Þá lítur siðanefnd til þess að fyrir liggur að kærðu og Á höfðu veitt félaginu rangar og misvísandi upplýsingar um það að M hefði verið felld í aðdraganda málsins

Allt framangreint hefur þau áhrif á sönnunargildi einhliða yfirlýsinga kærðu og Á að þær hafa í málinu, einar og sér, takmarkað gildi.

Staðhæfingar í yfirlýsingu Á í júní 2021 um að hún hafi ekki verið skráður ræktandi fyrir mistök við skráningu eru, að teknu tilliti til þess að Á bærust ekki ættbókarskírteini þriggja gota sem hún átti að vera ræktandi að, með öllu ótrúverðugar. Þá eru skýringar þess að kærða, Rúna, hafi einungis verið að aðstoða Á varðandi sölu og samskipti vegna Gjósku K, sem liggja fyrir á fskj. 73-78, í málinu með miklum ólíkindum. Þá hafa kærðu engar haldbærar skýringar veitt hvers vegna þær hafi verið tilgreindar á kaupsamningi um rakkann sem seljendur rakkans eða hvernig það hafi verið liður í fyrrgreindri aðstoð. Að mati siðanefndar eru því staðhæfingar kærðu hér, sem eru í andstöðu við fyrrgreind gögn, með öllu staðlausar.

Siðanefnd telur að líta beri til þess að staðhæfingar Á um eignarhald og ábyrgð gota M komu fyrst fram eftir að félagið hafði ógilt ættbækur þriggja gota undan M og fært aðrar ættbækur undan afkomendum tíkarinnar í viðauka við ættbók. Þá hafði kærandi þegar boðað að máli kærðu yrði vísað til siðanefndar.

Fyrir liggur í málinu að Á hafði þegar sagt sig úr félaginu, var ekki ræktandi sjálf og hafði því litlu að tapa gagnvart félaginu að segjast bera ábyrgð á gotum M. Kærðu höfðu aftur á móti verulega hagsmuni af því að komast undan ábyrgð sinni enda var þeim ljóst að þær kynnu að verða beittar viðurlögum siðanefndar vegna skráningar Q gotsins.

Siðanefnd telur ljóst af gögnum málsins að hafið sé yfir allan vafa að Á og kærðu hafi á öllum stigum málsins átt með sér víðtækt samráð um svör og upplýsingagjöf til félagsins sem og til siðanefndar í máli þessu. Í *fyrsta lagi* verður ekki annað ráðið að yfirlýsing Á í febrúar 2021 um fráfall M hafi verið veitt félaginu að undirlagi kærðu í framhaldi boðaðrar foreldrarannsóknar. Upplýsingar um rannsóknina hafði Á hins vegar ekki frá félaginu. Í *öðru lagi* verður í ljósi ræktunarréttar kærðu, Örnú, á M að telja fráfall tíkarinnar ótrúverðugt án þess að kærðu, Örnú, hafi verið kunnugt um það. Í *þriðja lagi* höfðu kærða, Arna, og Á samvinnu um að afla yfirlýsinga eigenda hunda í Q goti að þeir gerðu ekki athugasemdir við ættleysi, sem kærðu hafa lagt fram í málinu. Í *fjórða lagi* liggur fyrir að kærða, Arna, og Á áttu samráð um rannsókn MATÍS, sbr. bréf MATÍS þann 16. júlí 2021. Ótrúverðugt er að mati siðanefndar rannsóknin hafi verið framkvæmd að beiðni Á einnar enda var hún lögð fram af hálfu kærðu í máli þessu, og kærða, Arna, afhenti sýni sem rannsókuð voru til MATÍS. Í *fimmta lagi* hafa kærðu og Á komið fram gagnvart félaginu og siðanefnd með sameiginlegum umboðsmanni sem hefur jöfnum höndum gert kröfur fyrir hönd þeirra beggja í málinu, þótt Á eigi ekki aðild að því.

Staðhæfingar kærðu um það að þær hafi ekki verið ræktendur Q gotsins eða borið á þeim ábyrgð, sem eru í allri andstöðu við fyrirbyggjandi gögn, eru því ósannaðar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur siðanefnd að leggja beri til grundvallar að yfirlýsingar Á um ábyrgð á gotum M séu rangar, en séu grundvallaðar á samanteknum ráðum kærðu og Á til þess að reyna að firra kærðu ábyrgð gagnvart félaginu.

Þá hafnar siðanefnd staðhæfingum um það að kærða, Rúna, hafi einungis verið að aðstoða kærðu, Örnú, við ræktunarstörf sín, hafi ekkert komið að málinu og beri því enga ábyrgð í málinu. Fyrir liggur að kærðu eru báðar skráðar sem réttthafar ræktunarnafnsins Gjósku hjá félaginu skv. reglum gr. 8.4. í reglum um skráningu í ættbók. Þá komu kærðu báðar fram í tölvupóstum til félagsins sem ræktendur Gjóskuræktunar sbr. tölvupóst 16. apríl 2021.

Kærða, Arna, átti ræktunarrétt á gotum M. Kærða, Arna, gat því ráðstafað ræktunarrétti sínum með því að tilgreina meðræktanda að gotum M. Það gerðu kærðu með pörunarvottorði Q gotsins þar sem kærða, Rúna, er skráð sem meðræktandi.

Með þessari tilgreiningu á undirrituðu pörunarvottorði töldust því kærðu vera báðar ræktendur Q gotsins og handhafar ræktunarréttar þess að jöfnu. Báðar kærðu töldust við skráningu gotsins því eigendur M í skilningi gr. 2.9 í reglum um skráningu í ættbók og báru m.a. ábyrgð á því að upplýsingar í pörunarvottorði um að tiltekin pörun hefði átt sér stað á tilgreindum tíma samkvæmt ákvæði gr. 7.1. væru réttar. Kærða, Arna, sem fyrst var tilgreind á pörunarvottorði í upptalningu ræktenda, var til viðbótar sérstaklega ábyrg fyrir því að reglum HRFÍ og FCI væri fylgt í hvívetna varðandi ræktun og skráningu Q gotsins sbr. og ákvæði gr. 8.4 í fyrrgreindum reglum.

Þá telur siðanefnd að gögn málsins leiði í ljós að kærðu hafi verið meðvitaðar um það að Q gotið væri ekki réttilega mæðrað frá öndverðu. Hér lítur siðanefnd til þess að fyrir liggur að kærða, Rúna, sýndi hvolpa úr Q goti í september 2019, sbr. þau gögn og samskipti frá september 2019 sem fyrir liggja á fskj. 73-78. Að sama skapi liggur fyrir á fskj. 6 í málinu að kærða, Arna, hafi á sama tíma verið á heimilinu, en það fær stoð í Facebooksamskiptum kærðu, Örnú, í september 2019. Þá var M hundur úr ræktun kærðu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur siðanefnd að sannað sé að Q gotið og þá móðir þess hafi verið hjá kærðu sem ræktendum gotsins.

Við meðferð málsins hefur ekki verið leitt í ljós hver raunveruleg móðir Q gotsins hafi verið. Að mati siðanefndar breytir það ekki því að kærðu, sem báðar eru þaulvanir og margreyndir ræktendur, gat ekki dulist að M væri ekki móðir Q gotsins þegar þær undirrituðu pörunarvottorð til félagsins þann 1. október 2019.

Framangreint fær jafnframt stoð í því að beiðni um rannsókn MATÍS, sbr. bréf dags. 16. júlí 2021, sem kærðu leggja fram með greinargerð sinni, tók einungis til þess að rannsaka það hvort að hundar í V og W gotum væru rétt mæðraðir. Siðanefnd telur ljóst að ef kærðu hefðu verið hér í góðri trú hefðu þær óskað eftir því að rannsókn tæki jafnframt til Q gotsins. Það gerðu þær ekki og viðurkenndu í raun í greinargerð sinni í málinu að Q gotið væri ekki réttilega foreldrað þótt þær hafi byggt á því að fara þyrfti frekar yfir niðurstöður MATÍS.

Þá lögðu kærðu með greinargerð sinni fram yfirlýsingar hundaeigenda gotsins þess efnis að þær gerðu ekki athugasemdir við ógildingu ættbóka Q gotsins. Siðanefnd tekur sérstaklega fram vegna þessara yfirlýsinga að aðilar geta ekki samið sig undan ófrávíkjanlegum lögum og reglum félagsins með samningum sín á milli. Fyrrgreindar yfirlýsingar geta því ekki leyst

kærðu undan ábyrgð á skráningu gotsins í ættbók félagsins og verður ekki litið til þeirra við úrlausn málsins.

Að öllu framangreindu athuguðu telur siðanefnd ljóst að færðu hafi sýnt af sér þá háttsemi sem þeim er gefið að sök þ.e. að skrá vísvitandi ranga ræktunartík á pörunarvottorð og umsókn um skráningu Q gotsins í ættbók félagsins.

Pörunarvottorð Q gotsins er dagsett þann 2. október 2019. Á þeim tíma giltu annars vegar reglur um skráningu í ættbók, sem giltu frá 15. júní 2019 – 31. mars 2021, og hins vegar grundvallarreglur fyrir félagsmenn í Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ) sem giltu frá 1. júní 2014 – 21. apríl 2020. Er háttsemi færðu samkvæmt þessum kærulið heimfærð undir þær reglur sem voru gildi þann 2. október 2019.

Þar sem ekki liggur fyrir hver móðir Q gotsins er verður að leggja til grundvallar að færðu hafi brotið gegn gr. 1.2 í reglum um skráningu í ættbók þess efnis að einungis sé heimilt að ættbókarfæra hund séu foreldrar hans af sama viðurkennda kyni og ættbókarfærðir hjá HRFÍ eða öðru viðurkenndu félagi. Grundvöllur skráningar í ættbók er að foreldrar séu ættbókarfærðir til sönnunar á ætterni. Ef í ljós kemur að foreldri er ekki ættbókarfært, eða ekki liggur fyrir hvert foreldri er telst það brot gegn framangreindri gr. 1.2. Einhliða yfirlýsingar færðu um það að gotið sé ekki blendingsgot verða ekki lagðar hér til grundvallar enda ekkert upplýst um það hver móðir Q gotsins er.

Staðfesting færðu á því að pörun gotsins hefði átt sér stað braut gr. 7.1 í fyrrgreindum reglum og þá fól tilgreining M sem móður gotsins brot á þeirri skyldu að tilgreina raunverulega ræktunartík skv. gr. 7.2. í sömu reglum.

Að sama skapi fól fyrrgreind háttsemi í sér brot á gr. 2.1. og 2.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ og brot á þeirri skyldu að veita nákvæmar og réttar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf sbr. gr. 3.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Þá braut háttsemi færðu hér gegn skyldu félagsmana HRFÍ samkvæmt ákvæði gr. 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn að skaða hvorki né vinna gegn hagsmunum HRFÍ enda var háttsemi færðu að öllu leyti andstæð hagsmunum félagsins, ræktunarstarfi þess, skaðaði trúverðugleika ættbókar þess og skaðaði því félagið og vann gegn þeim grundvallarmarkmiðum sem það stendur fyrir sbr. 2. og 3. gr. laga félagsins.

5.3. Brot á skyldum ræktanda að mæta með hunda til sýnatöku

Í kærðu er broti færðu undir þessum lið lýst á þá leið að færðu hafi vanrækt þær skyldur sínar sem ræktendur að koma með hunda til sýnatöku samkvæmt beiðni félagsins. Nánari tilgreining þessa kæruliðar og röksemdir snérust hins vegar að meginstefnu til um hundinn J.

Við gerð kærunnar lágu annars fyrir yfirlýsingar eiganda M og færðu, Rúnu, um það að tíkin væri dauð en hins vegar yfirlýsing Á frá 18. júní 2021 m.a. um það að tíkin væri enn á lífi. Í kærðu er greint frá því mati kæranda væru nýjar upplýsingar þ.m.t. um það að M væri enn á lífi ótrúverðugar, stönguðust á við fyrri yfirlýsingar Á og ekkert styddi staðhæfingu hér um.

Við meðferð máls þessa hjá siðanefnd hefur, svo sem áður er rakið, verið staðfest að M er sannarlega lifandi. Í viðbótarathugasemdum kæranda er á því byggt að færðu hafi því vanrækt

skyldu sína að koma með M til rannsóknar í ljósi þess að hún væri lifandi þegar félagið óskaði að mætt yrði með hana til sýnatöku.

Í greinargerð kærðu er á því byggt að kærðu hafi mætt með alla hunda til lífsýnatöku sem þær gátu og ekki hefði getið komið til foreldrarannsóknar vegna aðstoðar kærðu, sem ítrekað var í viðbótargreiningarferðum. Kærðu byggja hér á því að þær hafi sjálfar haldið að Á hefði fellt M. Þá hafa kærðu jafnframt byggt á því að Á hafi borið ábyrgð á gotum M og þá hafa þær enn fremur byggt á því að skylda til þess að mæta með hund til foreldragreiningar hvíli á eiganda hunds en ekki ræktanda.

Þá höfðu kærðu tækifæri til þess að koma að frekari gögnum til 10. nóvember 2021 eftir að þeim var kynnt efni viðbótargreiningarferðar kæranda ef þær töldu ástæðu til líkt og tilkynnt var um með tölvupósti siðanefndar til aðila málsins þann 29. október 2021.

Með hliðsjón af því telur siðanefnd að þær röksemdir í viðbótargreiningarferð að kærðu hafi vanrækt að mæta með M til rannsóknar, í ljósi upphaflegs orðalags í kæru, geti verið tekið fyrir af siðanefnd, enda hafa kærðu komið að andmælum hvað þetta varðar.

Að því athuguðu er þessi kæruliður tvíþættur þ.e. hvort að kærðu hafi vanrækt þá skyldu sína að mæta með J og M til lífsýnatöku samkvæmt kröfu félagsins.

Fyrir liggur að Á og kærða, Rúna, veittu félaginu þær upplýsingar að M hefði verið felld sem síðar kom í ljós að voru rangar. Kærðu hafa hins vegar haldið því fram að þær hafi ekki vitað annað um tíma en að M hafi verið felld af Á þ.e. að þær hafi verið í góðri trú um það að upplýsingar Á hafi verið réttar.

Siðanefnd hefur í kafla 5.2. komist að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á að kærðu hafi vitað frá öndverðu að Q gotið hafi verið rangmæðrað og að yfirlýsingar kærðu og Á hafi takmarkað sönnunargildi einar og sér. Þá hefur siðanefnd komist að þeirri niðurstöðu að Á og kærðu hafi haft með sér samráð um svör og varnir í málinu allt frá því að félagið óskaði eftir foreldragreiningu Q gotsins þann 16. febrúar 2021.

Kærðu staðhæfa að þær hafi ekki vitað annað en að yfirlýsing Á um fráfall M væri rétt að efni til. Siðanefnd telur að líta beri til þess að yfirlýsing Á, sem dagsett er þann 22. febrúar 2021, var gefin í beinu framhaldi þess að kærðu var tilkynnt ákvörðun félagsins þann 16. febrúar 2021 um að mætt skyldi með M til foreldrarannsóknar vegna Q gotsins. Bréfinu var beint til þeirra sem ræktenda en ekki til eiganda þeirra gota sem beiðnin tók til. Með hliðsjón af því verður ráðið að kærðu hafi sjálfar upplýst Á um fyrirhugaða foreldragreiningu og yfirlýsing Á hafi verið veitt í framhaldinu.

Af gögnum málsins, sbr. bréf MATÍS dags. 16. júlí 2021, er ljóst að kærða, Arna, hafði vitneskju um það þann 16. júní 2021 að M væri lifandi en þann dag afhenti hún sýni úr M til foreldrarannsóknar. Kærðu upplýstu hins vegar ekki félagið um þetta og þá að unnt væri að mæta með M í sýnatöku á vegum félagsins. Þvert á móti kom sex dögum síðar fram yfirlýsing U um það að hún bæri ábyrgð á gotum M, M væri enn á lífi og hún hefði óskað eftir einhliða rannsókn MATÍS vegna málsins. Að mati siðanefndar eru viðbrögð og framgangna kærðu hér að öllu leyti í ósamræmi við það að þær hafi verið í góðri trú um það að fyrri yfirlýsing Á um fráfall M hefði verið rétt að efni til.

Að mati siðanefndar að öllu framangreindu athuguðu er það því kærðu að sýna fram á að þær hafi verið í góðri trú um réttmæti yfirlýsingar Á. Það hafa kærðu hins vegar ekki gert.

Að mati siðanefndar eru staðhæfingar um góða trú kærðu hvað framangreint varðar ótrúverðugar í ljósi gagna málsins. Siðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að kærðu hafi vitað frá upphafi að Q gotið væri ekki réttilega mæðrað og þá telur siðanefnd sýnt fram á að um samantekin ráð kærðu og Á hafi verið hér að ræða að láta það líta svo á að kærðu væru ábyrgðarlausar af Q gotinu.

Siðanefnd telur því að leggja verði til grundvallar að kærðu hafi verið, eða að minnsta kosti mátt vera ljóst, að yfirlýsingar Á um fráfall M væru ekki réttar að efni til. Með því að láta yfirlýsingar Á standa óleiðréttar og með því að veita félaginu rangar upplýsingar um það hvernig M hefði átt að hafa fallið frá til félagsins, hafi kærðu því komið sér hjá skyldu sinni sem ræktanda að mæta með M til sýnatöku.

Hvað varðar J byggir kærandi á því að kærðu hafi komið sér undan að koma með J til sýnatöku með því að staðhæfa að hundurinn hefði týnst. Kærandi telur að staðhæfingar kærðu um hvarf J á Holtavörðuheidi séu ótrúverðugar með hliðsjón af aðdraganda þess að hundurinn týndist, frásögn fódureiganda J, auk viðbragða og svara kærðu á samfélagsmiðlum.

Kærðu byggja á því að ekki hafi verið haft samband við Á, eiganda J, en ef J hafi ekki verið við höndina til rannsóknar hafi verið um afsakanlegan ómöguleika. Kærðu byggja á því að á frásögn fódureiganda J auk gagna sem stafa af samfélagsmiðlum um hvarf hundsins þ.m.t. ummæli kærðu sjálfra á samfélagsmiðlum hafi enga þýðingu við úrlausn málsins.

J var í sameiginlegri eigu kærðu, Örnú og Á. Beiðni félagsins um sýnatöku var beint til kærðu, sem ræktanda V og W gota en J var faðir fyrrgreindra gota. Að því athuguðu var kröfu um sýnatöku réttilega beint að kærðu sem ræktendum samkvæmt gr. 4.1 í reglum um skráningu í ættbók.

Beiðni um foreldrarannsókn á J barst kærðu, Örnú, með tölvupósti framkvæmdastjóra þann 23. mars 2021. Samkvæmt frásögn C, fódureiganda J, hringdi kærða, Arna, í hana sama dag og tilkynnti að hún væri á leiðinni að sækja J þar sem fara ætti með hann til pörunar norður í land í 5-6 daga. Kærða kom síðan strax í framhaldinu til þess að sækja hundinn en synjaði því að hundurinn borðaði áður og neitaði að taka ól með nafni hundsins og upplýsingum um fódureiganda. Samkvæmt frásögn C hafði kærða, Arna, áður upplýst hana um það þegar hún samþykkti að taka J með fódursamningsfyrirkomulagi að hún væri hætt að para hann þar sem hann dygði illa til pörunar.

Laust eftir 18:30 sama dag svaraði kærða, Arna, síðan tölvupósti framkvæmdastjóra HRFÍ og sagði að hún hefði verið rétt í þessu að senda J norður í land til pörunar en mætt yrði með hann til rannsóknar þegar hann kæmi til baka.

Í gögnum málsins liggur fyrir að kærða, Rúna, auglýsti á Facebooksíðunni *Týnd/fundin dýr* að J hefði týnst á Holtavörðuheidi, en tekið var þar fram að hann gæti verið mjög fælinn. Af fyrirliggjandi athugasemdum og spurningum aðila sem voru nærri svæðinu á umræðuþræði við færsluna er ekki annað að ráða en að upplýsingar kærðu um veður og aðstæður hafi verið misvísandi. Þá verður af þeim ráðið að aðilar sem sögðust vera tilbúnir til leitar hafi átt í erfiðleikum að fá nánari upplýsingar frá kærðu um staðsetningu hvarfsins þar sem fylgdarmaður hundsins talaði hvorki íslensku eða ensku.

Í frásögn fódureiganda J er jafnframt að finna lýsingar á samskiptum hennar við kærðu, Örnun, þann 28. mars 2021 og þá að hún hefði fengið á tilfinninguna að eitthvað væri í ólagi vegna óljósra svara kærðu, Örnun, um það hvort og hvenær J kæmi til baka þ.e. sama dag eða daginn eftir.

Í gögnum málsins liggur fyrir að kærðu neituðu að svara spurningum félagsins um það við hvaða tík hefði átt að para J við, nafn eiganda tíkur sem hefði haft J í sinni umsjá til þörunar, nafn þess aðila sem hefði farið með hundinn norður, nafn þess aðila sem keyrði hundinn suður og missti hann frá sér á Holtavörðuheidi, nákvæma staðsetningu þar sem J hefði týnst, nöfn þeirra aðila sem fóru til leitar að hundinum ásamt tímasetningum leitar og hvort hefði sést til hundsins eftir að hann hefði týnst. Báru kærðu hér við að spurningar félagsins hvað þetta varðar væru langt út fyrir lagaramma, vörðuðu við persónuverndarlög og félagið gæti haft samband við lögmann kærðu um frekari upplýsingar.

Að mati siðanefndar var fullt tilefni fyrir félagið að óska eftir nánari upplýsingum enda ljóst að hundurinn var sagður hafa horfið skömmu eftir að óskað var eftir því að mætt yrði með hann í lífsýnatöku vegna foreldrarannsóknar. Þá telur siðanefnd að kærðu hafi borið að veita félaginu svör eins og hér stóð á samkvæmt ákvæði 4.3. gr. reglna um skráningu í ættbók um skyldu ræktenda til að veita félaginu upplýsingar. Að því athuguðu fer því jafnframt fjarri að persónuverndarlög stæðu í vegi upplýsingagjöf kærðu til félagsins enda vinnsluheimild til staðar samkvæmt framansögðu.

Þá liggur að síðustu fyrir í gögnum málsins að kærða, Arna, lýsti því yfir í athugasemd við Facebookfærslu á Hundasamfélaginu að J væri löngu fundinn.

Kærðu hafa engar röksemdir fært fyrir því hvers vegna ekki eigi að leggja frásögn C hér til grundvallar eða að hvaða leyti hún sé ekki rétt. Kærðu hafa sjálfar engar frekari skýringar eða upplýsingar veitt um málsatvik. Að mati siðanefndar verður því litið til yfirlýsingarinnar í málinu.

Af gögnum málsins er ljóst að för J norður til Akureyrar og yfirlýsing um hvarf hans á Holtavörðuheidi, kom í beinu framhaldi af því að félagið óskaði eftir því að mætt yrði með hundinn til lífsýnatöku. Þá telur siðanefnd að leggja verði til grundvallar að kærða, Arna, hafi sótt hundinn fyrirvaralaust sama dag og henni barst tölvupóstur félagsins um sýnatöku, án þess að hafa minnst á það við fódureigandann áður. Af umræðum á Facebook í tengslum við auglýsingu um hvarf J má ráða að frásögn kærðu um hvarfið var dregin í efa þar með talið af fólki, sem kvaðst hafa verið í næsta nágrenni og tilbúið til leitar.

Staðhæfingar um það að J hefði farið til Akureyrar dagana 23.-28. mars 2021 í því að skyni að para hundinn við ótilgreinda tík sem skráð var hjá erlendu hundaræktarfélagi styðst því ekki við annað en staðhæfingar kærðu þ.m.t. færslu þeirra á Facebook. Að mati siðanefndar er öll frásögn um ferð J, þörun hans og hvarf ótrúverðug.

Kærðu neituðu að veita félaginu umbeðnar upplýsingar og þá hafa þær ekki veitt frekari upplýsingar eða lagt fram gögn við meðferð málsins hér fyrir siðanefnd til stuðnings því að staðhæfingar þeirra séu hér réttar. Þá hafa kærðu engar frekari skýringar veitt um færslu kærðu, Örnun, á umræðuþræði á Facebook, þar sem hún sagði hundinn vera fundinn eða hvað þar hafi verið átt við.

Að mati siðanefndar með hliðsjón af öllu framangreindu er það kærðu næst að sýna fram á réttmæti staðhæfinga sinna sem þær hafa í engu gert við rannsókn félagsins eða hér fyrir siðanefnd.

Siðanefnd telur því að ferð J norður, þörun og hvarf hans á Holtavörðuheidi séu ósannaðar. Þá telur siðanefnd að staðhæfingar kærðu hafi verið settar fram í þeim tilgangi að réttlæta að ekki væri unnt að taka lífsýni úr J og með því að torvelða foreldrarannsókn félagsins. Við það verður jafnframt að líta til þess að kærðu höfðu þegar beitt samsvarandi aðferðum til þess að komast hjá rannsókn á M.

Um afdrif J nýtur hins vegar engra upplýsinga eða hvar rakkinn er nú niðurkominn.

Kærða, Arna, var í sambandi við félagið um það að J kæmist ekki til lífsýnatöku, sótti J og átti í samskiptum við fóðureiganda hans og sendi að síðustu tölvupóst um það að J væri týndur. Kærða, Rúna, setti hins vegar auglýsingu um hvarf hundsins á Facebook og átti í virkum samskiptum á umræðuþræði um hvarf hundsins.

Með vísan til þessa telur siðanefnd hafið yfir allan vafa að kærðu hafi báðir tekið þátt í fyrrgreindri atburðarrás. Þær bera því báðar ábyrgð á því sem ræktendur að ekki var mætt með J til sýnatöku samkvæmt kröfu félagsins.

Í ákvæði gr. 4.1. í þágildandi reglum um skráningu í ættbók er kveðið á um þá skyldu ræktanda að mæta með hunda úr ræktun sinni til blóð- eða vefjasýnatöku til sönnunar á ætterni þeirra eða skráðra afkvæma þeirra.

Með framangreindri háttsemi kærðu hafa þær því gerst brotlegar gegn skyldu sinni sem ræktendur að koma með M og J til sýnatöku að kröfu félagsins. Þá braut háttsemi kærðu hér gegn skyldu félagsmana HRFÍ samkvæmt ákvæði gr. 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn að skaða hvorki né vinna gegn hagsmunum HRFÍ enda var háttsemi kærðu að öllu leyti andstæð hagsmunum félagsins, ræktunarstarfi þess, skaðaði trúverðugleika ættbókar þess og skaðaði því félagið og vann gegn þeim grundvallarmarkmiðum sem það stendur fyrir sbr. 2. og 3. gr. laga félagsins.

5.4. Neitun á að veita upplýsingar eða svara fyrirspurnum með útúrsnúningum

Kærandi byggir á því að kærðu hafi með svörum sínum í tölvupósti þann 14. apríl 2021 annars vegar neitað að veita félaginu umbeðnar upplýsingar eða hins vegar svarað fyrirspurnum með útúrsnúningum. Með því hafi kærðu brotið gegn skyldum sínum samkvæmt gr. 4.3. í reglum um skráningu í ættbók.

Kærðar byggja hér aðallega á því að kærðu hafi svarað með sínum hætti en finna að því hvernig kærandi gefa einkunn fyrir svörin. Kærðu telja að kærandi eigi að líta hér í eigin barm þar sem fátt hafi verið um svör frá honum og framkvæmdastjóra við spurningum kærðu.

Samkvæmt gr. 4.3. í þágildandi reglum um skráningu í ættbók ber ræktanda að veita félaginu samkvæmt beiðni skriflegar upplýsingar sem varðar hunda í eigu eða umsjá þeirra. Samkvæmt gr. 2.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ ber ræktanda að láta í té réttar og nákvæmar upplýsingar um hunda sína og ræktunarstarf.

Siðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu í kafla 5.2. og 5.3. að kærðu hafi veitt félaginu rangar upplýsingar um fráfall M og hins vegar um það að J hafi týnst á Holtavörðuheidi. Þá leiðir af framangreindri skyldu gr. 4.3 að kærðu bar, sbr. gr. 2.2. í grundvallarreglum að láta félaginu í té réttar og nákvæmar upplýsingar hvað þetta varðar.

Að mati siðanefndar er neitun ræktanda á að veita félaginu umbeðnar upplýsingar sjálfstætt brot gegn fyrrgreindri 4.3. gr.

Kærðu neituðu að veita félaginu umbeðnar upplýsingar um pörun J og ferð á Holtavörðuheidi með þeim rökum að þær upplýsingar væru langt út fyrir ramma og vörðuðu við persónuverndarlög. Siðanefnd hefur í kafla 5.2. hafnað þessum röksemdum kærðu.

Því telur siðanefnd að hafið sé yfir allan vafa að kærðu hafa brotið gegn ákvæði gr. 4.3 í þágildandi reglum um skráningu í ættbók annars vegar með efnislega röngum upplýsingum og hins vegar með því að neita að veita félaginu umbeðnar upplýsingar. Staðhæfingum kærðu um skort á upplýsingagjöf af hálfu félagsins er hins vegar hafnað enda gat slíkt ekki leyst kærðu undan skyldum sínum að þessu leyti.

Þá braut háttsemi kærðu hér gegn skyldu félagsmana HRFÍ samkvæmt ákvæði gr. 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn að skaða hvorki né vinna gegn hagsmunum HRFÍ enda var háttsemi kærðu að öllu leyti andstæð hagsmunum félagsins, ræktunarstarfi þess, skaðaði trúverðugleika ættbókar þess og skaðaði því félagið og vann gegn þeim grundvallarmarkmiðum sem það stendur fyrir sbr. 2. og 3. gr. laga félagsins.

5.5. Eigendabreyting á dauðum hundi í því skyni að tryggja aðila atkvæðisrétt í Schäferdeild

Kærandi byggir á því að kærðu hafi með tilkynningu um eigendaskipti á W, sem þá var dauð, veitt D, sambýlismanni kærðu, Rúnu, atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi Schäferdeildar sem hann átti ellegar ekki rétt til. W var í sameiginlegri eigu kærðu.

Í gögnum málsins liggur fyrir viðurkenning kærðu, Örnú, um það að eigendaskipti á W til D hafi verið gerð í þeim tilgangi að kærðu fengju aukið atkvæðavægi á aðalfundi Schäferdeildar. Þær hafi nýtt sér það að hundurinn hefði ekki verið tilkynntur dauður til félagsins. Tilkynning um eigendaskiptin var undirrituð af báðum kærðu.

Kærðu byggja hér á því að með kæruliðnum hafi kærandi ásakað þær um refsiverða háttsemi þ.e. kosningasvindl og fölsun að ástæðulausu. Kærðu hafna því hins vegar að þær hafi gerst sekar um kosningasvindl eða að ásetningur hafi verið til slíks enda hafi stjórn verið sjálfkjörin á aðalfundi Schäferdeildar. Engin ásetningur hafi verið hér til þess að blekkja félagið en staðfest sé með vottorði dýralæknis að W hafi verið felld í júní 2019.

Í 20. gr. laga félagsins segir að meðlimir ræktunardeilda geti þeir einir orðið sem eru fullgildir félagsmenn í félaginu. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafi þeir sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við deildina það ár sem fundur er haldinn. Hjón hafi kosningarétt og kjörgengi hvort sem þau greiða félagsgjöld sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni. Ákvæði 1. og 2. gr. III. kafla starfsreglna ræktunardeilda kveða efnislega á um sömu reglur um atkvæðisrétt og kjörgengi.

Siðanefnd telur með hliðsjón af viðurkenningu kærðu, Örnú, að hafið sé yfir allan vafa að kærðu hafi haft ásetning til þess að komast fram hjá því skilyrði 20. gr. laga félagsins að kosningaréttur félagsmanns að deild sé bundinn við það að hann eigi lifandi hund, eða hafi verið skráður eigandi hunds í deildinni í tvö ár. Siðanefnd telur jafnframt að þar sem um sambylismann kærðu, Rúnu, var um að ræða, og hund í sameiginlegri eigu kærðu, hafi Rúnu ekki getað dulist tilgangur eigendaskiptanna.

Í framkvæmd félagsins hefur hugtakið hjón í 20. gr. laga þess verið túlkað með þeim hætti að það nái ekki einungis til tveggja aðila sem eru í hjúskap heldur enn fremur til sambúðar tveggja félagsmanna. Af kæru verður ekki annað ráðið að nefndur D hafi verið sambylismaður Rúnu, þegar tilkynning um eigendaskipti var send féluginu í júní 2020, enda er á því byggt af hálfu kæranda.

Siðanefnd telur sýnt fram á með yfirlýsingu kærðu, Örnú, til félagsins að kærðu hafi haft ásetning til þess að tryggja D atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi Schäferdeildar í andstöðu við 20. gr. laga félagsins.

Háttsemi sem kærandi telur kærðu hafa gerst brotlegar með er lýst þannig í kæru: „[...] að tryggja aðila atkvæðisrétt sem hann hefði ellegar ekki átt rétt til“. Með hliðsjón af því að D hefði mögulega getað notið atkvæðisréttar á grundvelli sambúðar sinnar og kærðu, Rúnu, telur siðanefnd að vafa um það verði að skýra kærðu í hag. Að því athuguðu fellst siðanefnd ekki á það að kærðu hafi hér brotið gegn 20. gr. laga félagsins eða 1. og 2. gr. III. kafla starfsreglna ræktunardeilda.

Tilkynningar um eigendaskipti að hundum sem færðir hafa verið í ættbók til félagsins hafa réttaráhrif meðan hundur er á lífi þ.m.t. varðandi rétt til ræktunar. Með hliðsjón af ákvæði gr. 1.7 í reglum um skráningu í ættbók um skyldur til þess að tilkynna féluginu um eigendabreytingu á hundi er það eðli málsins samkvæmt bundið því grundvallarskilyrði að um lifandi hund sé að ræða samkvæmt 20. gr. laga félagsins.

Félagið gat ekki skilið tilkynningu um eigendabreytingu kærðu með öðrum hætti en að W væri enn á lífi. Að þessu athuguðu telur siðanefnd að kærðu hafi með eigendatilkynningu til félagsins veitt féluginu ónákvæmar og villandi upplýsingar og brotið með því gegn gr. 2.2., sbr. gr. 1.7, í þágildandi grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

5.6. Ummæli um framkvæmdastjóra félagsins í tölvupósti 16. apríl 2021

Til úrlausnar samkvæmt þessum lið kæru er hvort að tiltekin ummæli í tölvupósti sem kærða, Rúna, sendi fyrir hönd beggja kærðu til kæranda þann 16. apríl 2021 hafi hafi verið meiðandi í garð framkvæmdastjóra félagsins. Framangreindur tölvupóstur var settur fram í nafni beggja kærðu og í framhaldi erindis félagsins sem barst kærðu báðum í tölvupósti. Kærða, Arna, hefur í andsvörum sínum ekki neitað því að ummælin hafi verið sett fram með hennar samþykki eða vitneskju. Siðanefnd leggur því til grundvallar að ummælin séu kærðu sameiginlega.

Með fyrrgreindum tölvupósti voru gerðar athugasemdir um framgöngu félagsins og framkvæmdastjóra vegna mála sem vörðuðu ræktun kærðu. Annars vegar voru gerðar athugasemdir vegna máls sem beindist að kærðu og sem var til meðferðar hjá siðanefnd. Hins vegar voru gerðar ýmsar athugasemdir vegna foreldrarannsóknar félagsins á gotum kærðu. Í lok póstsins taka kærðu fram að engar óyggjandi sannanir lögju fyrir um brot á þeirra vegum en hins vegar ættu lífsýni sem þegar hefðu verið tekin, sönnun frá dýralækni og DNA

niðurstöður úr þremur gotum að vega þyngra en kjaftasögur út frá mynd á Facebook. Félagið ætti því að sjá sóma sinn í að fella málið niður.

Ummæli um framkvæmdastjóra félagsins sem kæra lítur að eru eftirfarandi:

„[...] Einnig heyrðum við að framkvæmdastjóri félagsins hefði brotist inn hjá vinafólki okkar í leit að hundum til að taka dna úr, þrátt fyrir að reglur félagsins segi skýrt að dna þurfi að vera tekið af dýralækni. Við skiljum ekki hver tilgangur framkvæmdastjóra er að brjótast hjá fólki inn þar sem við höfum boðað alla hunda sem tengjast málinu í DNA og mættum hið snarasta með þá hunda sem á okkur vegum eru í sýnatöku. Ætli þetta sé enn ein kjaftasagan eða þurfum við að kæra framkvæmdastjóra til lögreglu fyrir innbrot?“.

„[...] Síðasta kjaftasagan sem við höfum núna heyrt frá mörgum einstaklingum og sú alvarlegasta er sú að framkvæmdastjóri segir við aðra félagsmenn að hún ætli sér að reka okkur úr félaginu með góðu eða illu. Nái hún ekki að sanna á okkur brot muni hún búa til gögn sem styðji hennar mál. Nú er þetta komið út fyrir öll velsæmismörk þegar að fara á að falska gögn til þess að koma okkur út úr félaginu.“.

Kærandi byggir á því að um meiðandi ummæli í garð framkvæmdastjóra hafi verið um að ræða.

Kærðu hafna því og byggja á því að í framangreindum ummælum hafi ekki falist staðhæfing um refsiverða háttsemi framkvæmdastjórans. Tilgangur þeirra hafi verið sá að láta stjórn félagsins vita um þær sögur sem kærða, Rúna og Á hefðu heyrt um framkvæmdastjóran.

Síðanefnd tekur fram að á vettvangi félagsins svo sem annars staðar njóta félagsmenn stjórnarskrárbundins tjáningafrelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands. Í ákvæði gr. 1.2. er hins vegar að finna þá almenna reglu að félagsmenn skuli hvorki tjá sig meiðandi um félagið eða félagsmenn. Að mati síðanefndar er hins vegar mikilvægt að félagsmenn geti tjáð sig um störf félagsins, tekist á um stefnur og leiðir eða að setja fram ábendingar, skoðanir og gagnrýni sína.

Þess verður því að gæta við beitingu gr. 1.2 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn að skilja á milli tjáningar þeirrar sem er meiðandi í garð einstakra félagsmanna eða félagsins sjálfs og svo ummæla og tjáningar sem njóta fyrrgreindrar verndar stjórnarskrár, jafnvel þótt slík tjáning kunni að vera beinskeytt eða ósanngjörn í garð félagsmanns eða félagsins sjálfs.

Þá verður jafnframt að greina á milli gildisdóma þ.e. skoðana og hins vegar staðhæfinga um staðreyndir en fyrrnefnd tjáning nýtur almennt rýmri réttar heldur en sú síðarnefnda.

Við mat á því hvort að framangreind ummæli teljist vera meiðandi leggur síðanefnd til grundvallar að ekki sé unnt að líta til ummælanna einna og sér heldur þurfi að skoða þau í því samhengi sem þau voru sett fram og þá þurfi að meta þau heildstætt. Við það mat verður að líta til þess hvort að um gildisdóm kærðu hafi verið um að ræða, eða staðhæfingar um staðreyndir. Þá skiptir máli að líta til þess hvort að ummæli styðjist við staðreyndir eða hafi falið í sér endursögn sem kærðu gátu verið í góðri trú um að væri rétt. Þá verður að síðustu að líta til þess hver tilgangur með ummælunum hafi verið.

Tölvupóstur kærðu 16. apríl 2021 var sem áður segir sendur tveimur dögum eftir að framkvæmdastjórinn óskaði eftir því að kærðu veittu félaginu tiltekna upplýsingar og svör

vegna foreldrarannsóknar sem félagið hafði ákveðið að ráðast í febrúar 2021 og var þá ekki lokið. Þá varðar efni póstsins jafnframt mál sem þá var til meðferðar síðanefndar félagsins.

Kærðu halda því fram, svo sem að framan greinir, að tilgangur ummæla um framkvæmdastjórnann í fyrrgreindum tölvupósti hafi verið sá að upplýsa félagið um sögur sem kærðu, Rúnu og Á höfðu borist til eyrna.

Á fylgiskjali 26 sem kærðu leggja fram er annars vegar að finna staðhæfingar kærðu um þau gögn sem lögð eru fram. Í þeim kemur fram að Rúna hafi átt símtal við P í apríl 2021. Í símtalinu kvaðst P hafa frétt að framkvæmdastjóri félagsins hefði verið að þvælast um hesthúahverfi í Mosfellsbæ og sæti um hesthús í eigu Á og manns hennar í leit að M. Þær upplýsingar hefði P haft eftir [...] (ræktanda sem hafði sínar upplýsingar frá [...]. . Nýlega hefðu þó þær upplýsingar borist frá P að ekki hefði verið um framkvæmdastjóra félagsins um að ræða heldur C.

Framangreindar staðhæfingar fá að mestu stoð í fyrrgreindum Facebooksamskiptum P og kærðu, annars vegar dags. 8. apríl 2021 og hins vegar síðari samskiptum sem ekki eru dagsett.

Á fskj. 26 liggur jafnframt fyrir ódagsett yfirlýsing P um það að hún hafi greint kærðu, Rúnu, frá símtali sem hún hafi átt við [...] stjórnarmann Schäferdeildar snemma í apríl 2020. Þar greinir P frá því að hún hefði verið í síma og messenger samskiptum við [...] þar sem hún hefði átt hund úr Q gotinu sem verið var að rannsaka. Í einu samtalinu hefði [...] greint henni frá hlutum sem P þóttu vera bæði sérstakir og frekar vafasamir. Í því samtali sagði [...] að hún hefði frétt frá Í að framkvæmdastjórinn vissi að M væri lifandi og hún hefði verið að fylgjast með hesthúsi eigenda hennar. Hún hafi farið svo inn í hesthús þegar eigandi M fór í reiðtúr, en tíkin hefði verið lokuð inni hesthúsinu. Hún hefði tekið DNA sýni úr henni og HRFÍ hefði svo haldið neyðarfund um kvöldið til þess að leyfa henni að nota sýnið. Hún sagði líka að framkvæmdastjórinn hefði sagt að það skipti engu máli hvernig hún færi að því; hún myndi ná að reka kærðu úr félaginu.

Þá er á fskj. 26 að síðustu að finna skjáskot af ummælum af Facebooksíðu Í í apríl og í júní 2021 sem kærðu telja að styðji að Í hafi fengið upplýsingar um mál kærðu frá skrifstofu HRFÍ.

Í framangreindum tölvupósti staðhæfa kærðu að félagið hafi ekki gætt að réttum aðferðum við meðferð málanna og þá að kærðu hafi í langan tíma þurft að sitja undir ásökunum og árásum frá félaginu. en á grundvelli upplýsinga í fundargerðum hafi kærðu verið dæmdar sekar af félagsmanni og bornar sökum af óprúttum aðilum sem hafi það markmið að bera út eins mikinn óhróður og unnt er um kærðu. Kærðu gera fjölmargar athugasemdir við stjórnina við efnisatriði máls sem var til meðferðar síðanefndar á grundvelli kæru frá félagsmanni. Hvað varðar foreldrarannsókn félagsins segjast kærðu ekki geta sætt sig við þetta lengur og fari fram á að félagið sýni fram á einhvers konar jafnréttis sé gætt í málinu. Kjaftasögurnar sveimi um og kærðu vilji sjá félagið sinna störfum sínum rétt og innan heimilda sem það hefur. Kærðu segjast hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að allar upplýsingar um málið fari beint til nafngreinds félagsmanns sem hafi kært þær og hafi hæst í því að bera út lygar um kærðu. Þá er þar að finna þau ummæli um framkvæmdastjórnann sem að framan eru rakin.

Í lok tölvupóstins kemur fram að kærðu hafi mætt með alla hunda á sínum vegum til sýnatöku sem þær hefðu ekki gert ef þær hefðu eitthvað að fela. Engar óyggjandi sannanir liggi fyrir um brot á vegum kærðu en fyrirliggjandi gögn og sýni ættu að vega þyngra en kjaftasögur út frá mynd á Facebook og félagið ætti því að sjá sóma sinn í að fella málið niður.

Við mat á efni og tilgangi kærðu í framangreindum tölvupósti og því samhengi sem hann var settur fram í verður að líta til þess að siðanefnd telur hafið yfir vafa að kærðu höfðu vísitandi rangmæðrað Q gotið og beitt skipulögðum aðferðum til þess að reyna að koma í veg fyrir að foreldragreining félagsins á gotinu næði fram að ganga líkt og rakið hefur verið í köflum 5.2.- 5.4 að framan.

Að því athuguðu var að mati siðanefndar megingilgangur tölvupósts kærðu hér, hvað varðar foreldrarannsókn félagsins, að koma því til leiðar að félagið félli frá foreldrarannsókn sinni. Staðhæfingar kærðu um það að félagið hefði ekki gætt að réttum reglum við meðferð málsins, sú háttsemi framkvæmdastjórans sem lýst er í tölvupóstinum og að lokum að engar óyggjandi sannanir lægju fyrir því að kærðu hefðu rangmæðrað gotin voru því settar fram til þess að skapa vafa um réttmæti aðgerða félagsins til stuðnings því að félagið ætti að falla frá rannsókninni.

Með vísan til þessa hafnar siðanefnd því að tilgangur kærðu með ummælum um framkvæmdastjórn hafi verið að upplýsa félagið um sögur um framkvæmdastjórn sem þær hefðu heyrt.

Að mati siðanefndar voru ummæli um framkvæmdastjórn til þess fallin að skapa þau hugrenningartengsl að framganga hans hafi verið órættmæt, hann hallaði réttu máli með ólögmetum aðferðum og þannig léki verulegur vafi á réttmæti aðgerða félagsins eða niðurstöðu foreldragreiningarinnar.

Framsetning fyrri ummæla kærðu fela hlutlægt í sér ásökun um það að framkvæmdastjórnin hefði brotist inn í hestús í þeim tilgangi að ná í lífsýni úr M, en framsetning síðari ummálana felur hlutlægt í sér þá ásökun að framkvæmdastjóri muni svífast einskis til þess að reka kærðu úr félaginu, þar með talið að falska gögn.

Ljóst er af framsetningu ummælanna að kærðu segjast ekki hafa orðið þessa áskynja af eigin raun heldur hafa þau heyrt þetta eftir öðrum.

Í fyrri ummælunum spyrja kærðendur um það hvort að saga um húsbrot framkvæmdastjórans sé enn ein kjaftasagan eða hvort að kærðu þurfi að kæra hana til lögreglu. Með hliðsjón af þessu orðalagi, þ.e. kæru til lögreglu, er ómögulegt að skilja ummælin með öðrum hætti en að í þeim felist ásökun um refsiverða háttsemi framkvæmdastjórans þ.e. húsbrot sem er refsivert skv. 231. gr. almennra hegningarlaga.

Í síðari ummælunum felst hlutlægt séð ásökun um það að framkvæmdastjórnin muni beita öllum ráðum til þess að reka kærðu úr félaginu þ.e. með illu þar með talið með því að falska gögn. Að mati siðanefndar fela þessi ummæli ekki í sér ásökun um refsiverða háttsemi en hins vegar sérlega meiðandi ásökun um háttsemi af hálfu framkvæmdastjórans og brot á starfsskyldum hans.

Í lok fyrri ummælanna er sett fram spurningum það hvort að um sé að ræða enn eina kjaftasöguna eða hvort kærðu þurfi að kæra framkvæmdastjóra til lögreglu fyrir innbrot. Upphaf síðari ummælana hefjast á því að síðasta og alvarlegasta kjaftasagan sem þær hafi heyrt frá mörgum aðilum sé sú háttsemi sem framkvæmdastjóra er þar borin á brýn.

Samkvæmt íslenskri nútímamálsorðabók á vef Stofnunnar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum merkir orðið kjaftasaga frásögn sem er meira og minna uppspuni eða slúður.

Þegar ummælin eru metin heildstætt og í því samhengi sem þau eru sett fram í telur siðanefnd ekki að orðið *kjaftasaga* feli í sér fyrirvara kærðu um það að ummæli um framkvæmdastjórn kynnu að vera röng eða að minnsta kosti óstaðfest.

Við það ber jafnframt að líta til þess að kærðu nota orðið *kjaftasaga* aftur í lok tölvupóstins, í þeirri merkingu að það sé uppspuni eða slúður þ.e. að foreldragreining félagsins sem beindist að þeim hefði verið grundvölluð á *kjaftasögu* þ.e. mynd á Facebook. Siðanefnd telur því ljóst að kærðu hafi notið orðið *kjaftasaga* í mismunandi merkingu í tölvupóstinum og því sé ekki unnt að nota almenna skýringu orðsins við mat á ummælum um framkvæmdastjórn.

Að öllu framangreindu athuguðu er það mat siðanefndar að bæði tilgreind ummæli feli í sér fyrirvaralausar staðhæfingar um staðreyndir en ekki gildisdóma kærðu um framkvæmdastjórn.

Kærðu hafa lagt fram gögn til stuðnings réttmæti ummæla sinna sem er að finna á fskj. 26 líkt og vikið hefur verið að að framan. Ummæli þau sem höfð eru eftir P hafði P eftir öðrum aðila sem hafði þau sömu eftir þeim þriðja en ekkert liggur fyrir hvort að upplifði þau að eigin raun samkvæmt þessum samskiptum. Þá liggur fyrir að P dró fyrrgreindan áburð síðar til baka en bar það upp á annan aðila líkt og kærðar nefna sérstaklega í fskj. 26 með greinargerð sinni.

Þrátt fyrir það hafa kærðu vísað til þess í málalíbúnaði sínum í máli þessu að Á og eiginmaður hennar hafi kært framkvæmdastjórn fyrir ætlað húsbrot og dýraníð og lagt fram afrit af kæru lögmanns þeirra f.h. Á og manns hennar með viðbótarathugasemdum sínum. Með vísan til þessa verður ekki annað ályktað en að kærðu haldi réttmæti fyrrgreindra staðhæfinga sinna hér til streitu þrátt fyrir að P, sem þær höfðu þetta eftir, hafi dregið sömu ummæli til baka.

Yfirlýsing P hefur að geyma frásögn hennar af símtali við aðila sem hafði frétt frá þriðja aðila að framkvæmdastjórnin hefði tekið lífsýni úr M, boðað hefði verið til neyðarfundar til þess að heimila notkun á sýninu og framkvæmdastjórnin hefði sagt að það skipti engu máli hvernig hún færi að því hún myndi ná að reka kærðu úr félaginu.

Af því er ljóst að hvorugur þeirra aðila sem kærðu hafa fyrir ummælum sínum upplifðu þau atvik af eigin raun sem var grundvöllur þeirra heldur höfðu þessir viðmælendur þetta eftir öðrum sem hafði þau sömu eftir þeim þriðja. Með hliðsjón af því gátu kærðu hvorki byggt réttmæti ummæla sinna á þessum frásögnum né verið í góðri trú um það að þau væru rétt að efni til.

Þá er hvergi í þeim ummælum sem kærðu leggja fram á fskj. 26 á það minnst að framkvæmdastjórnin hafi sagst ætla að búa til eða falsa gögn í því skyni að koma kærðu út úr félaginu. Kærðu geta því ekki byggt á því að þær hafi haft þá staðhæfingu eftir öðrum og verður að leggja til grundvallar að þau ummæli séu sjálfstæðar staðhæfingar þeirra sjálfra.

Þá hafnar siðanefnd því að færslur á Facebooksíðu Í hafi nokkra þýðingu hér. Framangreindar færslur sem eru almenns eðlis eru ekki tengdar við kærðu eða þær nafngreindar, félagið, eða það mál á hendur kærðu sem var til meðferðar félagsins.

Af öllu framangreindu leiðir að siðanefnd telur að tilgreind ummæli hér að framan hafi falið í sér staðhæfingar og ásakanir um verulega ámælisverða háttsemi framkvæmdastjóra félagsins í starfi fyrir félagið. Ásökun um húsbrot fól jafnframt í sér ásökun um refsiverða háttsemi.

Kærðu hafa ekki sýnt fram á réttmæti staðhæfinga sinna að þessu leyti eða þær hafi verið í góðri trú með því að setja þær fram.

Síðanefnd telur að leggja verði til grundvallar að tilgangur ummællanna hafi verið að sá vafa um heiðarleika og starfsaðferðir framkvæmdastjórans til þess að reyna að knýja félagið til þess að falla frá foreldragreiningu sem kærðu vissu að kynni að leiða í ljós að þær hefðu rangmæðrað Q gotið. Að því athuguðu telur síðanefnd að fyrrgreind ummæli um framkvæmdastjórann hafi verið einn liður í þeim aðferðum þeim sem kærðu beittu í þessu skyni, sbr. og niðurstöðu í köflum 5.3 og 5.4.

Að öllu framangreindu athuguðu voru ummælin tilefnislaus og sérlega meiðandi gagnvart æru framkvæmdastjórans enda var með þeim vegið alvarlega að starfsheiðri hennar og störfum fyrir félagið að ósekju.

Síðanefnd telur því að með fyrrgreindum ummælum hafi kærðu brotið gegn síðari málslíð gr. 1.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn um bann við að tjá sig meiðandi um félagið eða félagsmenn, en framkvæmdastjórinn er jafnframt félagsmaður í HRFÍ.

5.7. Tilraun til pörunar rakka við ónefnda óættbókarfærða tík

Kærandi byggir undir þessum lið kærunnar að kærðu hafi ætlað sér að para J við óættbókarfærða tík sem bryti gegn 2.1. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn. Samkvæmt ákvæðinu beri félagsmanni einungis að nota hunda til ræktunar sem eru ættbókarfærðir hjá félaginu eða öðru félagi sem félagið viðurkennir ættbækur frá.

Kærðu neita því að hafa viðhaft framangreinda háttsemi enda hafi þær ætlað sér að para J við ættbókarfærða tík frá erlendu félagi en ekkert hafi orðið af pörun.

Hvað þennan kærulið varðar hefur síðanefnd komist að þeirri niðurstöðu í kafla 5.2 að kærðu hafi ekki sýnt fram á að framangreind pörun eða ferð J til Akureyrar í því skyni hafi átt sér stað.

Að því athuguðu er óhjákvæmilegt að hafna kröfum kæranda um það að kærðu hafi gerst brotlegar við reglur félagsins samkvæmt þessum lið kærunnar.

5.8. Niðurstaða síðanefndar

Réttmæti ættbóka félagsins er grundvöllur starfsemi þess og því eru vanhöld á réttmæti upplýsinga sem liggja til grundvallar skráningu þeirra í beinni andstöðu við það sem félagið grundvallar alla starfsemi sína á.

Meginhlutverk félagsins samkvæmt 2. gr. laga þess er að beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd eru af alþjóðsambandi hundaræktarféлага FCI en félagið er aðili að samtökunum. Til þess að ná þessu markmiði, sbr. a lið 3. gr. laga félagsins, skal félagið ættbókarfæra hreinræktaða hunda í ættbók félagsins samkvæmt reglum þess og FCI.

Færsla í ættbók félagsins er alþjóðlega viðurkennd og reglur um skráningu í ættbók fela í sér útfærslu á þeim skyldum sem á félaginu hvíla að tryggja réttmæti ættbókar félagsins sem eru viðurkenndar af öðrum aðildarfélögum FCI og gagnkvæmt. Ættbókin er eign félagsins en til

staðfestingar á skráningu í ættbók fá ræktendur í hendur ættbókarskírteini sem er staðfesting á réttum ættum og uppruna hunds, sbr. lokamálslið 18. gr. alþjóðlegra ræktunarreglna FCI.

Starfsemi félagsins og skráning hunda í ættbók þess byggir á þeirri grundvallarforsendu að ræktendur veiti félaginu efnislega réttar upplýsingar í pörunarvottorðum sem gefnar eru að viðlögðum drengskap. Til þess að tryggja réttmæti slíkra upplýsinga er í reglum um færslu í ættbók að finna sérstaka skyldu fyrir ræktendur að veita félaginu þær upplýsingar sem óskað er eftir og þá að undirgangast rannsókn á undaneldishundum til staðfestingar á réttum uppruna.

Félagið verður því að geta treyst á að drengskap ræktanda sinna þannig að upplýsingar réu réttar og að gögn sem færsla í ættbók byggir á séu efnislega rétt. Hvers konar röng skráning í ættbók, á grundvelli rangra upplýsinga, er því í andstöðu við markmið félagsins og er til þess fallið að valda trausti félagsins inn á við sem út á við verulegum hnekki. Þá er ljóst að rangskráning á undaneldishundi í ættbók hefur áhrif á got undan afkvæmum sem svo eru getin með hliðsjón af reglu um vafalausa ættbók í þrjá ættliði. Í því sambandi vísar siðanefnd enn fremur til þess að félagsaðild að félaginu er meðal annars háð því skilyrði að sá sem æskir inngöngu í félagið hafi ekki unnið gegn markmiðum félagsins samkvæmt ákvæði a-liðar 5. gr. laga félagsins, eða á annan hátt vanvirt markmið félagsins eða skaðað orðstír þess.

Þá verður félagið að geta treyst því, ef áhöld eru uppi um ætterni ættbókarfærðra hunda, að félagsmenn verði við kröfum félagsins að koma með hunda til lífsýnatöku undanbragðalaust. Það sama gildir að svara spurningum félagsins sem nauðsynlegar eru í því skyni. Að mati siðanefndar er því hvers konar háttsemi sem er til þess fallin að torvelda rannsóknir félagsins alvarlegt brot, í andstöðu við markmið félagsins og til þess fallið að valda trausti félagsins inn á við sem út á við verulegum hnekki. Slík háttsemi tekur til þess að neita að mæta með hunda til sýnatöku, að veita rangar eða villandi upplýsingar til félagsins og að síðustu að neita að veita svör við spurningum félagsins.

Siðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu, sbr. kafla 5.2 að framan, að kærðu hafi vísvitandi skráð ranga ræktunartík sem móður Q gotsins á pörunarvottorð sem færsla í ættbók félagsins var síðan byggð á. Afleiðingar brotsins voru þær að ættbækur hunda í Q goti voru ógiltar. Siðanefnd telur að brot kærðu hafi verið stórfellt og með því hafi kærðu unnið gegn markmiðum félagsins og hafi valdið orðstír félagsins og ættbókar þess verulegum skaða. Þá hafi kærðu engu skeytt um hagsmuni þeirra sem eignuðust hvolpa úr gotinu.

Þá telur siðanefnd að sú háttsemi sem kærðu hafa orðið uppvísar að með því að koma sér hjá því að koma með undaneldishunda til lífsýnatöku auk þess að veita félaginu rangar upplýsingar eða neita að svara félaginu, sbr. kafla 5.3 og 5.4 að framan, hafi falið í sér stórfellt brot á skyldum þeirra sem ræktenda. Með því hafi þær unnið gegn markmiðum félagsins og að hafa valdið orðstír félagsins og ættbókar þess skaða.

Siðanefnd lítur hér til þess að óhjákvæmilegar og fyrirsjáanlegar afleiðingar þessarar háttsemi kærðu voru að ekki var unnt að staðfesta ætterni allra þriggja gota undan M þannig að til viðbótar voru ættbækur V og W gota ógiltar. Auk þess voru 16 ættbækur afkvæma hunda úr sömu gotum færðar í viðauka við ættbók sem fól í sér ræktunar- og sýningarbann. Til þess ber þó að líta hér að kærðu urðu við kröfu siðanefndar að mæta með umbeðna hunda til sýnatöku og í kjölfarið var fyrrgreind ákvörðun félagsins afturkölluð þegar niðurstaða MATÍS lá fyrir.

Siðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að vafa um það hvort að sú að kærðu hafi brotið gegn 20. gr. laga félagsins, í ljósi reglu um gagnkvæman atkvæðisrétt hjóna, verði að skýra

kærðu í hag, sbr. kafla 5.5. Siðanefnd telur hins vegar ljóst að ásetningur kærðu með framangreindri háttsemi hafi verið sá að fara fram hjá 20. gr. laga félagsins og þá fól framangreint það í sér að kærðu veittu félaginu rangar upplýsingar. Kærðu brutu með því gegn gr. 2.2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Er það ámælisvert.

Þá telur siðanefnd að brot kærðu með meiðandi ummælum kærðu um framkvæmdastjóra félagsins, sbr. kafla 5.6, hafi verið alvarlegt og með því hafi verið vegið að æru og starfsheiðri framkvæmdastjórans að tilefnislausu. Er það verulega ámælisvert.

Siðanefnd telur að hafið sé yfir allan vafa að kærðu skirrðust ekki við að reyna koma í veg fyrir að röng skráning þeirra á móður Q gotsins uppgötvaðist líkt og rakið er í kafla 5.3. og 5.4. Að mati siðanefndar var háttsemi kærðu hér einbeitt og skipulögð og kærðu reyndu með tilbúnni atburðarrás og röngum upplýsingum að villa fyrir félaginu, afvegaleiða það og spilla fyrir því að niðurstaða fengist úr rannsókn MATÍS.

Að mati siðanefndar var háttsemi kærðu hér einkar ófyrirleitin og til þess fallin að valda félaginu og eigendum hunda í þeim gotum sem foreldrarannsókn beindist að verulegum óþægindum, ama og tjóni. Þá er ljóst að rangar og villandi upplýsingar kærðu til félagsins olli því að foreldrarannsókn félagsins óx að öllu umfangi og að félagið þurfti því að verja ænum tíma, fyrirhöfn og fjármunum í málið sem ekki hefði komið til nema vegna framangreindra brota kærðu.

Að síðustu er óhjákvæmilegt að líta til þess að málatilbúnaður kærðu og framsetning hans fyrir siðanefnd hefur að stærstu leytí falist í staðlausum, fjarstæðukenndum eða beinlínis villandi staðhæfingum, tilhæfulausum kröfum um málsmeðferð, að blanda saman öðrum og óskyldum atriðum inn í málið og að síðustu með staðlausum brigslum um aðila sem kærðu telja að hafi haft eitthvað með málið að gera á öllum stigum þess. Er málatilbúnaður kærðu að þessu leytí verulega ámælisverður að mati siðanefndar.

Samkvæmt 28. gr. laga félagsins getur siðanefnd beitt þeim viðurlögum sem þar er kveðið á um þ.e. áminningu, útilokun frá starfi félagsins, útilokun frá dómastörfum eða öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið, eða brottvísun að fullu eða í tiltekinn tíma. Þá er jafnframt heimilt að svipta félagsmann ræktunarnafni. Að síðustu getur siðanefnd kveðið á um að aðili sé útilokaður frá því að fá afhent ættbókarskírteini að fullu eða í tiltekinn tíma, hafi aðili vísitandi og á sannarlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar HRFÍ, sýnt ótrúmennsku í ræktunarstörfum eða á annan hátt valdið alvarlegum skaða við ræktun viðkomandi hundakyns.

Í 2. mgr. 13. gr. málsmeðferðarreglna siðanefndar kemur fram að siðanefnd geti, ef sakir eru miklar eða félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu, í rökstuddu áliti, beitt viðurlögum samkvæmt 28. gr. laga félagsins einum sér eða fleiri saman, sbr. og 6. tölul. 1. mgr. fyrrgreinds ákvæðis laga félagsins.

Kærandi gerir þá kröfu að kærðu verði sviptar ræktunarnafninu Gjósku, þær verði útilokaðar frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini og þátttöku í starfi HRFÍ að fullu og þeim verði vísað á brott úr félaginu sbr. 1. mgr. 28. gr. laga félagsins. Þá bendir kærandi jafnframt að gefnu tilefni á heimild til þess að viðurlög verði látin taka til annarra heimilismanna kærðu allt eftir því sem við eigi sbr. 6. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga félagsins.

Kærðu krefjast að þeim verði gerðar vægustu viðurlög þ.e. aðfinnslu eða áminningu. Komi til brottvikningar úr Hundaræktarfélagi Íslands verði sú brottvikning markaður eins skammur tími

og lög frekast heimila. Þá vísa kærðu varðandi kröfu um sviptingu ræktunarnafns til *dóms Héraðsdóms Reykjavíkur 8. febrúar 1999 í máli nr. E-3349/1999*. Í forsendum dómsins kom fram að lögmaður HRFÍ í málinu hefði lýst því yfir að, ákvæði þágildandi 9. gr. reglugerðar um skráningu í ættbók um það að aðili sem hefur verið vísað úr HRFÍ fengi ekki skráða hunda í ættbók, væri andstætt landslögum og yrði ekki beitt. Kærðu telja að framangreind yfirlýsing hafi fordæmisgildi í máli þessu.

Kærðu hafa ekki áður sætt viðurlögum siðanefndar.

Í úrskurðarframkvæmd siðanefndar er ekki að finna fordæmi um viðlíka brot og reynir á í máli þessu.

Við ákvörðun viðurlaga lítur til þess að kærðu hafa orðið uppvísar að stórfelldum brotum gegn hagsmunum félagsins og félagsmanna, sbr. kafla 5.2- 5.4 að framan. Þá hafa kærðu orðið uppvísar að því að viðhafa meiðandi ummæli um framkvæmdastjóra félagsins, sbr. kafla 5.6 að framan en siðanefnd telur brotið verulega ámælisvert. Að síðustu hafa kærðu orðið uppvísar að því að veita félaginu rangar upplýsingar, sbr. kafla 5.5 að framan, sem er ámælisvert.

Að mati siðanefndar eiga kærðu sér litlar sem engar málsbætur. Kærðu hafa ítrekað í málalíbúnaði sínum gert lítið úr kæruefni, alvarleika málsins og þá lögum og reglum félagsins. Sem dæmi þessa hafa kærðu m.a byggt á því að það hvort Q gotið hafi verið réttilega mæðrað skipti engu máli í ljósi þess að hundar gotsins hafi hvorki verið blendingar heldur allt hreinræktaðir Schäferhundar. Um móðerni Q gotsins nýtur hins vegar engra gagna sem er grundvallarforsenda fyrir færslu gotsins í ættbók félagsins sem staðfestir ættir og uppruna. Að mati siðanefndar lýsir þetta verulegum skilnings- eða virðingarleysi kærðu fyrir þeim grundvallarreglum sem félagið byggir allt starf sitt á.

Siðanefnd telur að alvarleiki brota kærðu og einbeittur ásetningur þeirra til þess að brjóta lög félagsins og skirrast ekki við að torvelða foreldrarannsókn félagsins með öllum tiltækum ráðum sé með þeim hætti að það kynni að varða brottvísun og útilokun úr starfi félagsins að fullu, sviptingu ræktunarnafns og þá rétti til þess að fá afhent ættbókarskírteini úr hendi félagsins.

Hins vegar telur siðanefnd að líta beri til þess að rangmæðrun kærðu tók til eins gots en ekki þriggja líkt og greint var frá í upphaflegri kæru, siðanefnd hefur hafnað að hluta að kærðu hafi gerst brotlegar samkvæmt kærulið sem rakinn er í kafla 5.5 og þá að kærðu mættu með umbeðna hunda til sýnatöku samkvæmt beiðni siðanefndar.

Að því athuguðu, með hliðsjón af málavöxtum öllum, og að teknu tilliti til þess að kærðu hafa ekki áður verið uppvísar að broti gegn lögum og reglum félagsins fyrir siðanefnd, telur siðanefnd að hæfileg viðurlög fyrir brot samkvæmt kafla 5.2. séu brottvísun og útilokun úr starfi félagsins í átta ár. Siðanefnd telur að hæfileg viðurlög fyrir brot samkvæmt kafla 5.3 séu tímabundin brottvísun og útilokun úr starfi félagsins í fimm ár samtals og viðurlög fyrir brot samkvæmt kafla 5.4. séu brottvísun og útilokun úr starfi félagsins í tvö ár samtals. Brot samkvæmt kafla 5.5 og 5.6 varða áminningu.

Áréttað er að síðustu að brot kærðu í forsendum og úrskurðarorði eru heimfærð undir þá útgáfu reglna um skráningu í ættbók og grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ sem voru í gildi þegar viðkomandi háttsemi kærðu samkvæmt hverjum lið kærunnar átti sér stað.

Samkvæmt fordæmum siðanefndar eru ræktendur sem uppvísir verða að veita rangar upplýsingar til ættbókar félagsins sviptir ræktunarnafni, sbr. *úrskurð siðanefndar í máli nr. 29/2018*. Með vísan til framangreindra forsendna og fordæma siðanefndar skal því svipta kærðu ræktunarnafninu Gjósku.

Að síðustu telur siðanefnd að með brotum sínum hafi kærðu orðið uppvísar að því hafa vísvitandi og á sannarlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar félagsins en auk þess sýnt af sér verulega ótrúmennsku í ræktunarstörfum sínum. Þær skuli því sviptar rétti til þess að fá afhent ættbókarskírteini í sama tíma og samanlögð brottvísun úr félaginu og útilokun kærðu frá störfum þess stendur eða í fimmtán ár.

Siðanefnd tekur fram að framangreind útilokun frá afhendingu ættbókarskírteina skal ekki gilda um þau got kærðu sem sýnt er fram á með óyggjandi hætti að hafi verið þöruð á tímabilinu frá því að áhrif bráðabirgðaúrskurðar siðanefndar féllu úr gildi þann 20. nóvember 2021 til og með birtingar úrskurðar þessa.

Siðanefnd tekur hér sérstaklega fram að þar sem siðanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að vísa kærðu tímabundið úr félaginu á *dómur Héraðsdóms í máli nr. E-3349/1999* þar sem reyndi á bann við afhendingu ættbókarskírteina til þeirra sem vísað er úr félaginu fyrir fullt og allt, ekki við. Þá tekur siðanefnd fram að lögmaður, formaður félagsins eða stjórn þess geta ekki með einhliða yfirlýsingum sínum, þar með talið fyrir dómi, vikið lögum félagsins til hliðar. Það á undir félagsfund samkvæmt lögum félagsins. Að því athuguðu getur dómur héraðsdóms, sem ekki var áfrýjað, ekki haft fordæmisgildi í máli þessu hvað framangreint varðar.

Þá telur siðanefnd að heimild 6. tölul. 1. mgr. 28. gr. verði ekki beitt í málinu eins og hér á stendur enda er ekki í kærðu tilgreint hverjir heimilismenn kærðu séu sem er forsenda fyrir því að til álita komi að beita ákvæðinu.

Krafa kærðu um málskostnað úr hendi stjórnarmanna persónulega og fyrir hönd félagsins á sér enga stoð í lögum og reglum félagsins og er því vísað frá nefndinni.

Að því athuguðu að brot kærðu samkvæmt köflum 5.2.- 5.4 eru stórfelld, höfðu þær afleiðingar að hátt á þriðja tug ættbæka voru ógiltar eða færðar í viðauka um tíma og að kærðu hafa verið nafngreindar í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem birtur er á heimasíðu dómsins, telur siðanefnd að sérstök rök mæli með því að kærðu skuli ekki njóta nafnleyndar við birtingu úrskurðarins, sbr. og 18. gr. málsmeðferðarreglna.

Siðanefnd tekur að síðustu fram að sá háttur lögmanns kærðu að senda tugi tölvupósta við meðferð málsins með sams konar staðhæfingum og kröfum um atriði sem siðanefnd hafði þegar tekið afstöðu til með rökstuddum hætti, svarað, sem lágu fyrir í gögnum máls, eða leiða af málsmeðferðarreglum er verulega ámælisverður. Þess utan hefur málatilbúnaður lögmanns kærðu almennt verið endurtekningarsamur, mótsagnakenndur, óskýr, um sumt beinlínis villandi og úr öllu hófi varðandi lengd og fjölda sem er jafnframt verulega ámælisvert. Að síðustu telur siðanefnd þá lítilsvirðingu sem birst hefur í fyrrgreindum skrifum lögmannsins gagnvart félaginu, lögum, reglum og störfum þess og málsmeðferð, ákvörðunum, hlutverki og störfum siðanefndar vera honum til lítils sóma.

Sökum málatilbúnaðar kærðu hefur meðferð máls þessa af hálfu siðanefndar orðið margfalt umfangsmeiri heldur en nokkur efni stóðu til í ljósi kæruefnis eða málavaxta að öðru leyti. Af þeim sökum hefur meðferð málsins dregist og þá jafnframt uppkvaðning úrskurðar í því.

ÚRSKURÐARORÐ

Kærðu, Arna Rúnarsdóttir og Rúna Helgadóttir teljast hafa gerst brotlegar við: a) gr. 1.2, , 7.1. og 7.2. reglna um skráningu í ættbók og gr. 1.2. sömu reglna, sbr. 2. og 3. gr. laga HRFÍ, og gr. 2.1. og 2.2. og 3.2 grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ. Brotið telst stórfellt, b) gr. 4.1 reglna um skráningu í ættbók og gr. 1.2. sömu reglna, sbr. 2. og 3. gr. laga HRFÍ. Brotið telst stórfellt, c) 4.3 gr. í reglum um skráningu í ættbók og gr. 1.2. sömu reglna, sbr. 2. og 3. gr. laga HRFÍ. Brotið telst stórfellt, d) gr. 2.2, sbr. gr. 1.7, grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ. Brotið telst ámælisvert, e) gr. 1.2 grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ. Brotið telst verulega ámælisvert.

Kærðu, Arna Rúnarsdóttir og Rúna Helgadóttir, eru áminntar.

Kærðu, Örnú Rúnarsdóttur og Rúnu Helgadóttur, er vísað úr HRFÍ í fimmtán ár.

Kærðu, Arna Rúnarsdóttir og Rúna Helgadóttir, eru útilokaðar frá allri þátttöku í starfi HRFÍ í fimmtán ár.

Kærðu, Arna Rúnarsdóttir og Rúna Helgadóttir, eru sviptar ræktunarnafninu Gjósku.

Kærðu, Arna Rúnarsdóttir og Rúna Helgadóttir, eru útilokaðar frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini frá HRFÍ í fimmtán ár.

Kröfu kærðu um málskostnað úr hendi kæranda, persónulega og fyrir hönd félagsins, er vísað frá siðanefnd.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

Svanhildur Skúladóttir

Ari Karlsson